



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerkjabók Húnavatnssýslu 1886–1995



Nr. 5298
Tannstaðir:

Ár 1929, 16. júní, fóru fram samkomulagsskipti á eignarjörð okkar Tannstöðum, túni og landi innan girðingar, til slæгна og beitar, verða þar merki sem hér segir:

Úr norður haugshúshorni, sem girðing ræður, upp í gamlan túngarð, úr þessari línu að vestan til norðurs sem læknum ræður girðing í hæl á lækjarbakka, og þaðan vestur fyrir norðan öskuhaug, þaðan sjónhending vestanvert við öskuhaug í suðvesturhorn á nátthaga, svo sem nátthagagarður ræður til norðvesturshorns í nátthaga, og þaðan sjónhending í neðstaklett í steinboga, úr þeim kletti sjónhending í Grástein á Stekkjargötum, og þaðan sjónhending í nibbu á Stekkjarhöfða.

Allur þessi syðri hluti er eign Daníels bónda Jónssonar á Tannstöðum. Þá eru merki á norðurhluta sem hér segir, sem er eign þeirra Hjartar bónda Björnssonar og Sigurðar Hjartarsonar. Úr norðausturhorni eins og götur ráða út að Hömrum og þaðan sjónhending til sjávar, í klett, norðanvert á Brimnesi.

Þar sem beitiland er mun stærra í parti Hjartar bónda og Sigurðar, þá er það samkomulag okkar, að þess verði gætt við nánari skipti jarðarinnar á óskiptu landi.

Það skal tekið fram að öskuhaugur sá, er stendur á parti Daníels bónda Jónssonar, verður sameiginleg eign allra jarðareigenda, og að eigendum norðurhluta landsins er heimil gata til sjávar. Að öðru leyti haldast þau skipti óbreytt, er verið hafa á landinu utan girðingar. Sömmuleiðis mótak, veiði og reki, er jörðinni tilheyrir.

Skylt er landeigendum að halda við glöggum merkjum milli jarðarhlutanna, eins og lög mæla fyrir.

Verður svo skiptum þessum hérmeð lokið.

Þessu til staðfestu eru eignarnöfn okkar, undirrituð í viðurvist tveggja votta.

Daníel Jónsson.

Hjörtur Björnsson.

Sigurður Hjartarson

Vottar:

Þorv. Ólafsson

Gísli Eiríksson



Nr. 7176.

Fagranes

1. Að norðan eru merkin við Blöndu, norðurbakkinn á ferjunausti við lækjarósinn á miðju nesinu og þaðan beina línu í vegræsi norðan við hólana á nesinu og þaðan bein lína í mel norðan við dal þann, er liggur fyrir sunnan vörðu á Hólunum, þaðan suður sem fjárgirðingin ræður (um steiptan hornstólpa) í miðjan Skriðulæk. Að sunnan ræður Skriðulækurinn merkjum eins og hann hefir runnið til forna og svo mitt Hvammssíki til Blöndu.

Að vestan ræður Blanda merkjum. – Landi þessu fylgja girðingar þær, sem á landinu eru.

Óskar Jóhannesson skal girða merkjagirðingu að norðan fjárhelda frá Blöndu og upp að efri álmu fjárgirðingar minnar fyrir ofan veginn. Einnig skal hann girða fjárhelda girðingu frá girðingarhorni minnar girðingar við Skriðulæk og upp með honum í kletta eða sanda, sem tiltækilegast er

Báðum þessum girðingum skal Óskar viðhalda, að svo miklu leyti, sem bóndanum í Hvammi ekki ber viðhald.

Helzt skulu girðingar þessar ofan við veg vera með járnstaurum af svipaðri gerð og er í merkjagirðingu þeirri, sem nú er. Skulu girðingarnar neðan og ofan vegar, upp í efri álmu fjárgirðingar minnar komast upp á þessu ári, en girðing ofan merkjagirðingar skal komast upp innan 3ja ára.

2. Fyrir utan þetta land, sem að ofan um ræðir, skal Óskari heimil beit fyrir ofa girðingar minar fyrir 3 kyr, 3 hross og allt að 100 fjár. Og fyrir vestan ána í Holtastaðareit, skal honum heimil beit fyrir 3-4 hross, sem hann á sjálfur, og sauðfjárbreit að vetrinum, eftir því sem hann getur notað sér, fyrir allt að 100 fjár.

Holtastöðum, 24. júní 1936.

Jónatan J. Líndal

Óskar Jóhannesson

Vitundarvottar:

Þórður Jósefsson

Páll Pétursson



Nr. 7336.

Ásbrekka

Hið afhenta land er:

1. Engi neðan engjagirðingar með þeim ummerkjum að vestan ræður engjagirðing af Ásmóhellu og norður, að skurði, sem liggur austur um miðja mýrina sunnan við túnið í Ási. Að norðan ræður nefndur skurður og úr honum bein lína austur yfir melbrún í vörðu, sem er austan á melunum. Þaðan bein lína til norðurs í vörðu, austan við Ásinn, og úr þeirri vörðu bein lína í austur í vörðu, sem hlaðin er í Haganum. Að austan ræður bein lína úr síðast talinni vörðu, í vörðu á Lambabakka við Vatnsdalsá. Að sunnan ræður Vatnsdalsá.
2. Land það, sem nú er afgirt og Ásgrímur hefir byggt á býli sitt, er hann nefnir Ásbrekku.
3. Syðsti hluti beutilandsins, sem telst 1/5 af beutilandi jarðarinnar Ás. Ofan – vestan Engjagirðingarinnar eins og hún nú liggur, og verður land það síðar afmarkað.
4. 1/5 af beutilandsgirðingu jarðarinnar fylgir nýbýlinu, og tekur viðtakandi að sér í sömu hlutföllum skyldur og réttindi gagnvart þeirri girðingu.
5. Hinu afhentu landi fylgir sá hluti af engjagirðingunni, sem liggur að engjamörkum.
6. Af veiðirétti þeim, sem tilheyrir jörðinni Ás: Frá merkjum milli Áss og Saurbæjar, út að engjamerkjum milli Ása og Ásbrekku í Áshaga.

Gjört að Ási 8. júlí 1937.

Sigurlaug Guðmundsdóttir

Ásgrímur Kristinsson

Vitundarvottar:

Runólfur Björnsson,

Indriði Guðmundsson.



Nr. 7663.

Höfði:

Að sunnan ræður merkjagirðing milli Ytri-Valla og Syðri-Valla frá sjó og upp að girðingu neðan við Hvammstangabraut; að austan girðing neðan við Hvammstangabraut frá merkjagirðingu, að sunnan og norðan á móts við norðurenda Vallahöfða, og verður þar settur hornsteinn; að norðan sé bein lína frá sjó um norðurbrún Vallahöfða og upp í fyrnefnda girðingu; að vestan ræður sjórinn.

Hvammstanga, 24. maí 1939.

Guðm. Gunnarsson

Guðm. Jóhannesson

Páll Í. Guðmundsson

Halldór R. Gunnarsson

S. Thorarensen

Vitundarvottar að undirskrift

Guðm. Gunnarsson,

Guðm. Jóhannesson

Páll Í Guðmundsson

Hannes Jónsson

Jóhannes Guðmundsson



Nr. 7777.

Víðihlið:

takmarkast þannig: Að sunnan ca. 70 m. frá húsinu í stóra þúfu, sem þar er, og sjónhending úr þúfunni ofan í engjagirðingu og upp í veg. Að austan ræður engjagirðingin, að vestan þjóðvegurinn. Að norðan verða merkin norðanundir fjárrétt, eða svo langt norður, sem Ungmannafél. þarf vegna leikvallar.

Einnig hefur U.F.M.F. Víðir leyfi til að setja, upp bílatorg á holti, vestan við veginn, suðaustur frá húsinu. Og enn fremur hefir U.M.F. Víðir leyfi til að byggja hesthús utan fyrnefndrar landspildu, helst við réttina, ef það þarf á að halda.

Auðunnarstöðum, 2. júlí 1940.

Guðmundur Jóhannesson,

F.h. U.M.F.:

Víðir Axel Guðmundsson

Ól. Hinriksson

Vottar:

Jónas Eysteinnsson

Ól. Daníelsson



Nr. 3811.
10/8. 1910.
Akur og Skinnastaðir

Sætt: Her eftir skulu landamerki milli Skinnastaða og Akurs vera þessi:

Frá vörðu, sem nú er á melhorninu hjá Háugötum og frá þessari vörðu beina stefnu í suðausturhornið á Hrísholtinu í vörðu, sem þar verður hlaðin í dag; þaðan bein stefna í vörðu, sem þegar er nyrst á Hrísholtinu sama; úr þessari vörðu beina stefnu í stórt sandskarð (Gyltu- eða Kiðaskarð) sem er næsta sandskarðið fyrir sunnan Mógil, úr þessu skarði beina stefnu í vörðu við Húnavatn sunnantil við Skinnastaðahorn og verður sú varða einnig hlaðin í dag.

Áfallinn málskostnað borga málsaðilar að sínum helmingi hvor.

Með þessari sætt er öllum þrætum milli jarðanna Skinnastaða og Akurs að fullu lokið. Sætt þessari til staðfestu rita málsaðilar nöfn sín undir í dómamálabókina.

Rétti slitið.

Gísli Ísleifsson

Guðmundur Ólafsson

Á.A. Þorkelsson

Jón Hannesson

Halldór Pálsson

Bjarni Pálsson

vegna Þingeyrarklausturs Björn Sigfússon

Settur.

Vottar:

Jónas Björnsson

Jón Benediktsson

Réttan útdrátt staðfestir,

Skrifstofu Húnavatnssyslu 8/6 1916

Ari Arnalds.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Blönduósi 9. júní 1917.

Vottar:

Ari Arndals.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



Nr. 7791.

Reykir í Torfalækjarhreppi.

Ég Páll Kristjánsson bóndi á Reykjum í Torfalækjarhreppi í Húnavatnssýslu, geri með bréfi þessu kunnugt, að ég sel og afsala til bræðranna Sigurðar Erlendssonar og Jóhannesar Erlendssonar, bænda á Stóru-Giljá, landspildu úr landi eignarjarðar minnar Reykja og nær hún frá merkjum milli Stóru-Giljár og Reykja, að þeim merkjum, er hér greinir:

„Frá næsta hól fyrir vestan Torfavatn á landamerkjum milli Hæls og Reykja, beina stefnu á vörðubrot á dýhól, þaðan í tvo stóra steina við girðinguna norðan í Reykjanibbu. Frá þeim í há-Reykjanibbu og svo eftir fjallsegginni eins og vatn rennur á landamerki milli Mosfells og Reykja, samkvæmt veðbandslaus (sic) frá Búnaðarbanka Íslands dags 30. júlí s.l., og hreppsnefnd Torfalækjarhrepps, dags. 26. ágúst s.l.“

„Eignin er seld í því ástandi, sem hún nú er, með þeim gögnum og gæðum, er henni fylgja, nema vatnsréttindum í Brunná heldur seljandi, á hvern hátt, er hann vill nota sér og þar með heimild til að leiða vatn úr henni í gegnum hið selda land.“

P.t. Stóru-Giljá, 5. sept. 1940.

Páll Kristjánsson

Sigurður Erlendsson

Jóhannes Erlendsson

Vitundarvottar:

Oktavía Jónasdóttir.

Steinunn Valdemarsd.



Nr. 7846.

Árnes:

með þeim skilmálum að landamerki jarðarinnar breytist, að því leyti, að í stað Dalsár, þá ráði að sunnan bein lína austan frá Sjónarhól vestur að í Víðidalsá í steinsteyptan stöpul á klettanefi við ána þar, sem kallaðir eru Fossar. „Meðan núgildandi arðskrá Veiði- og fiskiræktarfélagsins „Víðidalsá“ er í gildi, fylgja hinni seldu eign ^{Laufási} 17 arðskráreiningar, en fari fram nýtt mat á ánni, eða Veiði- og fiskiræktarfélagið leggist niður, þá fylgir veiðiréttur fyrir landi jarðarinnar með framangreindum landamerkjum og eins og hann þá kann að verða metinn til arðs, að öðru leyti er því, að tekið er undan allt land og girðing milli Dalsár og framangreindrar landamerkjalinu, ásamt þeim veiðirétti, er því fylgir.“

Lækjarmóti, 8. apríl 1941.

Ólafur Hinriksson

Björn L. Guðmundsson

Vitundarvottar:

Jakob H. Líndal

Jóhannes Jóhannesson.



Nr. 7876.

Sæból (30 ha. landspilda í Reykjum).

Landamerki spildunnar, eru sem hér segir:

1. Að sunnan frá Stekkjarnestá, bein lína eins og merkjaskurður norðar Reykjaskólalands stefnir upp að Þjóðvegi.
2. Að austan með áðurnefndum Þjóðvegi norður að merkjum milli Reykja og Tannstaðabakka.
3. Að norðan eins og merki eru ágreiningslaus milli Reykja og Tannstaðabakka til sjávar. Ennfremur fylgir landi þessu beitarréttindi fyrir allt að eitt hundrað sauðkindur í norðurhluta Reykjalands ofan Þjóðvegjar.

Gjört að Reykjum, 20/7 1941.

Þorsteinn Einarsson

Vottar:

Þorvaldur Böðvarsson

Helgi Konráðsson.



Nr. 8765.
Mosfell & Reykir: (Sætt).

Landamerki milli jarðanna Mosfells og Reykja skulu vera bein sjónhending úr miðri Jórunnarskál í Svínavatn, um Jórunnarskálarmela og norðurjaðar steypis ræsis á Svínvetningabraut yfir læk, er kemur úr Jórunnarskálamelum og rennur í Svínavatn, sunnanvert við Kænutanga. Báðir aðilar skuldbind sig til að hlað í félagi merkjavörðu við Svínavatn, þegar á þessu ári, og halda henni við framvegis. Aðiljar greiða að jöfnu kostnað við athugun merkja, sem undirbúning að sáttgjörð þessari.

Páll Kristjánsson
Júlíus Jónsson

Vottar:
Herm. Þórarinsson.
Jónas B. Bjarnason.

Dags 20/7 '49.
þingl. 29/7 '49.



Nr. 9401
Neðri-Núpur.

Túnið á Neðra-Núpi (Syðri) skiptist þannig: Partur Þorbergs, sem er 1/3, skiptist þannig úr eftir þeim merkjum, sem hér eru tilgreind:

1. Fyrir ofan þjóðveg, sem liggur þvert í gegnum túnið séu þannig: Að norðan úr næsta símastaur frá túngirðingunni, að norðan, bein sjónhending í Syðsta-bergið. Að ofan eins og túngirðingin liggur. Að sunnan bein lína úr gilinu (neðst) norðan við Giljatunguna og í hól ofanvert við þjóðveginn og er sá hól í beinni línu úr fyrnefndu gili í sandhól, sunnanvert við svokallaða húsalaut austanvert við Núpsá.

Að austan þjóðvegurinn.

2. Merki fyrir neðan þjóðveginn:

Að vestan úr efra fjárréttarhorni í hól, sunnanvert í hólbarðinu norðan við svokallaða Lönguhóla.

Að norðan úr fyrnefndum hól, í svonefndan ýtustein við Núpsá vestanverða.

Að austan Núpsá.

Að sunnan úr ytra melhorninu austanvert við Núpsá í fyrnefnt fjárréttarhorn.

Gjört að Neðra-Núpi 17/12 1949.

Þorbergur Jóhannesson

F.h. Ragnhildar Jóhannesdóttur og Halldóru Jóhannesdóttur

Sigurgeir Jónatansson (eftir umboði)

Vottar:

Jón Sveinsson

Jón Jónsson.

Lesið á manntalsþingi að Núpdalstungu 7/8 1952

Guðbr. Ísberg.



Nr. 9797.

Mýrar í Ytri Torfustaðahreppi.

sel og afsala til Ásu Stefánsdóttur, dóttur minnar, allt að 1/3 úthaga úr eignarjörð minni Mýrum, en á landi þessu ætla kaupandi að reisa nýbýli.

Land þetta takmarkast af þeim merkjum, er nú skal greina:

Að sunnan ræður syðsti, núverandi skurðgröfuskurður og áframhaldandi bein lína til sjávar. Úr austurenda skurðarins bein lína á miðjan Einbúaás, á merkjum Mýra og Svertingsstaða. Að norðan ræður næsti skurðgröfuskurður, og sömuleiðis úr honum sjónhending í sjó. Er honum sleppir ræður núverandi túngirðing að sunnan og austan. Úr norðausturhorni túngirðingar í Tjóðurhól miðjan í suðurenda Miðvatns. Auk þess á kaupandi 1/3 af óskiptu landi neðan núverandi engjagirðingar frá suðurenda á mel til sjávar. Ennfremur hefir kaupandi nægjanlegt athafnasvæði í kringum íbúðarhús sem byggt er utan umrædds lands.

Mýrum, 13. ágúst 1955.

Stefán Ásmundsson.

Vitundarvottar:

Benedikt Guðmundsson

Guðmundur Karlsson.

Lesið á manntalsþingi að Laugarbakka

19/8. 1954.

Guðbr. Ísberg.



Nr. 9798.
Ásbjarnastaðir:

Við undirritaðir, Loftur Þ. Jósefsson, eigandi og ábúandi jarðarinnar Ásbjarnastaðir í V-Húnavatnssýslu, og Guðjón Jósefsson, eigandi og ábúandi nýbýlisins Ásbjarnastaðir II, sem er byggt úr landi áður nefndrar jarðar, höfum komið okkur saman um eftirfarandi landskipti milli býlanna:

1. Allt land norðan bæjarlækjar, sem takmarkast að ofan (vestan) af beinni línu frá túngirðingarhorni ofanhallt við Rjúpnahóla, norður í aðalhlið á merkjagirðingu milli Ásbjarnarstaða og Gnýstaða, skal tilheyra nýbýlinu Ásbjarnarstaðir II.
2. Ennfremur skal tilheyra nýbýlinu land sunnan Bæjarlækjar, sem takmarkast að norðan af syðri ásveituskurði á svonefndum Tjarnarhólma, um gamlan árfarveg að uppþurkunarskurði, sem liggur gegnum svonefnt Bæjarnes, nær syðst, ræður síðan skurður þessi í affallsskurð úr vegskurði, sem ræður síðan. Að vestan ræður vegaskurður suður í merkjastólpa, uppundan norðari sýkiskrók. Þá ræður að sunnar sýkið, niður í merkjastaur. Þan bein lína yfir nýræktartún á svonefndum Ásbjarnarstaðahólma, í merkjastaur að austan um 180 m. suður frá hliði á girðingunni og austur í Tunguá. Að austan takmarkast landspila þessi af Tungulandi og Tunguá.
3. Allt annað land sunnan Bæjarlækjar, sem takmarkast að ofan af engjagirðingu, er liggur skammt ofan vegskurðar, suður frá túni og úr henni í neðsta horn svonefndra Ásbjarnarstaðahóla, en að sunnan af affallsskurði niður undan Hóla-horni, tilheyrir jörðinni Ásbjarnarstaðir.
4. Óskipt skal vera annað land allt, og hafa bæði býlin jafnan rétt til allra nota þess.
5. Öll hlunnindi jarðarinnar eru óskipt, má þar tilnefna veiði í Tunguá, mótak og vatn til hverskonar virkjunar og fylgir helmingur þessara réttinda hvorum jarðarparti.

Ásbjarnarstöðum, 11/8 1953.

Loftur Þ. Jósefsson.

Guðjón Jósefsson

Vottar:

Guðm. Arason

Páll V. Daníelsson



Nr. 9821.
Köldukinn.

Ég Kristján Kristófersson, sel hérmeð og afsala syni mínum, Kristófer, part úr beitolandi mínu, á jörðinni Köldukinn í Torfalækjarhreppi, sem land undir væntanlegt nýbýli, er hann hefir fengið leyfi til að stofna á umgetnu landi.

Land það, er ég sel, markast af landamerkjum Smirlabergs og Köldukinnar að sunnan, Blöndu út að Köldukinnar túni að austan, og úr því ræður túngirðing upp að afleggjara Köldukinnar og hann svo úr því upp að Svínvetningabraut. Þaðan beina stefnu í svonefnda tanga, er skagar fram í Laxárvatn, sunnan og neðan við Vatnskot. Að vestan ræður Laxárvatn fram að merkjum Smirlabergs og Köldukinnar.

Einnig sel ég honum ca. ½ hektara af túni mínu, sem fyrirhugaðar byggingar nýbýlisins skulu standa á. Skal það vera efsti hlutinn af túnparti mínum ofan af hól þeim, er gamli bærinn stóð á.

Veiðirétt í Laxárvatni skal umgetið land hafa að ¼ úr rétti Köldukinnar og einnig ¼ úr veiðirétti jarðarinnar í Blöndu. Af öllum kostnaði, er jörðin hefir að bera af afleggjara frá Svínvetningabraut skal umrætt land bera ¼ kostnaðar.

Einnig skal umrætt land fá vatn úr gerðri vatnsleiðslu fyrir Köldukinn, en bera að kosta allar viðgerðir, ef einhverjar kunna að verða, að sínum hluta. –

Blönduósi, 16. okt. 1953.

Kristján Kristofersson (seljandi)

Kristófer Kristjánsson (kaupandi)

Vitundarvottar:

Stefán Þorkelsson

Árni Sigurðsson.

Lesið á manntalsþingi að Torfalæk, 31/8 1954.

Guðbr. Ísberg.



Nr. 10186.
Hrísar II.

Landamerki milli hins seldra lands Hrísar eru þessi:

Að austan: Sýsluvegurinn ræður suður að túni, frá sýsluveginum ræður heimreiðin að læknum sunnan við hesthúshólinn; þaðan bein lína að stíflu við efri enda vatnsleiðsluskurðarins, (þessi lína er í 30 m. fjarlægð frá norðvesturhorni fjóssins); þaðan bein lína suðvestur yfir ~~hól~~ Húsahól og í bæjarlæk rétt fyrir sunnan túngirðinguna; Bæjarlækurinn ræður svo merkjum í Bæjarvatn; frá upptökum Bæjarlækjar ræður bein lína í miðjan stærri Heyvatnshólma og þaðan í vörðu ca. 100 m. fyrir austan Jafnhóla og þaðan beina línu áfram í landamerkin, að sunnan milli Hrísar og Fremri-Fitja.

Að sunnan, vestan og norðan eru merkin eins og þau eru greind í landamerkjabréfi, dags 10. febrúar 1885.

Reykjavík, 28/10. 1954.

Friðrik Karlsson – seljandi

Sveinbjörn Tímóteusson – kaupandi

Vottar:

Sig. Þórðarson

Þórður Sigurðsson.



Nr. 11.771.
Fosshóll.

Landskipti fóru fram eins og hér segir:

Landamerki á úrskiptu landi til handa Helga Valdemarssyni úr Kollafosslandi til ræktunar túns takmarkast með eftirgreindum merkjum:

1. Hornréttlína í vegskurð skammt sunnan Fuglsstapa frá Vesturá að austan og 300 metra vestur fyrir veg, þaðan hornrétt til suðurs að 730 m. vegalengd; þar vinkilhorn til austurs að vegskurði skammt sunnan Bjarnhóls. Þá ræður vegskurður til suðurs að næsta affallsskurði og síðan affallsskurðurinn að Vesturá, og er hún takmörk landsins að austan norður að áður nefndri línu til vesturs.

Ennfremur skal nefndur Helgi Valdimarsson hafa heimild til þess að byggja íbúðarhús og gripahús, sem þurfa þykir á svonefndum Bóndhól, sem stendur norðast í túni Kollafoss, og hafa þaðan aðgang að vegi og opna skemmstu leið úr túni til beitolands.

2. Beitoland skal vera óskipt og ber nýbýli Helga réttur til beitolands að ½ hálfum hluta.
3. Allur veiðiskapur er óskiptur og ber nýbýlinu réttur til hans að ½. hálfum hluta.
4. Ábúandi eða eigandi Kollafoss hefir rétt til túnræktar í beitolandinu sunnan landamerkja nýbýlisins skv. 1. lið neðan „Brúna“ allt til merkja milli Kollafoss og Húks.

Landskiptagjörðinni svo lokið.

Kollafossi, 20. maí 1958.

Benedikt H. Líndal

Sigurgeir Jónatansson

Aðalbjörn Benediktsson

Helgi Valdemarsson

Valdemar Daníelsson

Lesið á manntalsþingi að Dalakofa 28/8 1958

Guðbr. Ísberg.



Nr. 12240
Akurbrekka:

Landamerki fyrir nýbýli, sem stofna á í landi Þóroddsstaða í Staðarhreppi Vestur-Húnavatnssýslu:

Ræktanlegt land er úrskipt eftir þeim reglum, sem nú greinir:

Að norðan gilda hin gömlu merki, sem voru milli Reykja og Þóroddsstaða. Frá Arnarhöfða skammt frá sjó og einkenndur er með vörðu, þaðan í aðra vörðu á mestu (sic) melbrún fyrir ofan, þaðan í vörðu, sem er rétt fyrir ofan gömlu göturnar, þaðan sjónhending heim í holt, sem er skammt fyrir ofan Þjóðveginn, þaðan niður að Þjóðvegi, svo suður með honum að læk, sem rennur fyrir ofan túnið á Þóroddstöðum, þaðan í stefnu á Litlahöfða, sem stendur niður við sjó.

Beitiland er óskipt og á nýbýlið rétt á 1/3 af beitilandi Þóroddsstaða.

Þóroddstöðum, 23. nóv. 1959.

Þorvaldur Böðvarsson (sign) – eigandi Þóroddsstaða. –

Böðvar Þorvaldsson – eigandi nýbýlisins. –

Lesið upp á manntalsþingi að Þóroddstöðum, 8/8 1960.

Guðbr. Ísberg.



Nr. 12273.
Beinakelda I & II

Skipti á ræktunarlandi og túni á Beinakeldu I og Beinakeldu II í Torfalækjarhreppi í A-Húnav.s. Gert samkvæmt samkomulagi eigenda.

Túninu er þannig skipt:

Að Beinakeldu I, eign Erlendar Eysteinsonar:

Merki frá heimreiðarhliði að vestan eins og túnvegur liggur heim að íbúðarhúsi og svo framhaldandi gata milli fjóss og íbúðarhúss milli fjárhúsa í Húsabru á Húsadalslæk, þaðan norðureftir Húsadalslæk að skurði, er liggur til vestur c. 46 m.; þá eftir skurði, er liggur til austurs c. 33 m., svo eftir skurði, sem liggur til suðausturs c. 97 m., þaðan eftir skurði austur í Húsadalslæk. Eftir Húsadalslæk suður að mógrafarskurði. Eftir mógrafarskurði og í framhaldandi beina línu í línu þá, er dregin er frá norðausturhorni Beitarhúsatúns í beina línu í neðri hornstein í Kringlugirðingu. Merki að sunnan er norðurhlið Beitarhúsatúns og úr norðvesturhorni þess eftir girðingu, er liggur að heimreiðarhliði.

Beinakelda II., eign Jóhanns E. Jónssonar, hefir allt túnið norðan við merkjalínur þær, er nefndar eru hjá Beinakeldu I. að langlínu þeirri, sem liggur fyrir austan túnið, frá norðausturhorni á Beitarhúsatúngirðingu í neðri hornstein í Kringlugirðingu, svo eftir merkjum milli Kringlu og Beinakeldu í beina línu um Fossinn, á móts við línu og girðingu á milli Giljár og Beinakeldu eftir gamla hreppsveginum og í túngirðingu, að heimreiðarhliðinu.

Þá skal þess getið, að vatnsból fyrir jarðirnar er í landi Beinakeldu I, og hefir Beinakelda II rett til að nota vatnsbólið eftir þörfum búans. Ennfremur fær Beinakelda II rétt til afnota af 10 metra breiðri fjárbraut frá Húsabru upp að áðurnefndri þverlínu. Skyld skal báðum býlunum að halda við og setja upp girðingu beggja megin fjárbrautarinnar. Einnig var ákveðið að Beinakelda II fái, ef þörf krefur, að fara með hey yfir tún Beinakeldu I vestan við Húsadalslæk.

Þá er skipt landi til ræktunar austan áðurgreindrar línu – frá Beitarhúshorni og Kringlu girðingar. Beinakelda I hefir landið að sunnan í beina línu úr áðurnefndri fjárbraut í hlaðna vörðu á línu, sem dregin er úr vörðu norðan við Húsadal (Olnbogavörðu) í stefnu í hornstein í Kringlugirðingu suðvestur frá Hælsvörðu.

Beinakelda II hefir landið að norðan í beina línu úr fjárbraut í hlaðna vörðu, sem áður er nefnd, frá henni í hornstein suðvestur frá Hælsvörðu.

Gert 21. des. 1959 að Beinakeldu I.

Erlendur G. Eysteinson

Jóhann E. Jónsson

Vitundarvottar:

Sigurður Erlendsson

Jóhannes Erlendsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



Nr. 12282
Forsæludalur:

Landskiptagjörð:

Við undirritaðir eigendur jarðarinnar Forsæludalur í Húnavatnssýslu, höfum komið okkur saman um svohljóðandi skipti á tóni og ræktunarlandi jarðarinnar. –

Jónas Sigfússon, eigandi Forsæludals I fær allt land neðan tún- og engja-girðinga frá Nauthóslæk að sunnan, norður að línu, sem markast þvert á landið, réttvísandi eftir norðurstafni núverandi íbúðarhúss.

Ólafur Sigfússon, Eigandi Forsæludals II fær allt land neðan núvarandi túnsgirðingar frá áðurnefndri merkjalínu, sem miðast við norðurstafn íbúðarhússins norður að merkjum milli Forsæludals og Sunnuhlíðar.

Lóð undir núverandi íbúðarhúsi ásamt trjagarði, einnig lóðir undir verkfærageymslu og fjósi, eru sameiginleg eign beggja aðila.

Annað land jarðarinnar eru óskipt eign beggja aðila að jöfnu, svo og öll veiðiréttindi, vatnsréttindi og öll önnur ónefnd réttindi hlunnindi.

Forsæludal, 26/12 1959.

Ólafur Sigfússon

Jónas Sigfússon

Vitundarvottar:

Indiana Sigfúsdóttir

Sigríður Sigfúsdóttir.

Móttekið þ. 6/1. 1960.

Lesið á manntalsþingi að Ásbrekku 16. ágúst 1960.

Guðbr. Ísberg.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



Nr. 12309
Tannstaðabakki I og II.

Landamerki
um nýbýlaland úr landi Tannstaðabakka í Staðarhreppi í Vestur-Húnavatnssýslu.

Móts við Tannstaðabakka, frá sjó neðan Hamars, ræður girðing merkjum í skurð, sunnanvert við Hamar og ræður sá skurður úr því ca. 550 m., og fylgja merkinu síðan skurði, sem liggur í áðurnefndan skurð úr suð-suðaustri 220 m. og þaðan austur að sýsluvegi, vegarbreitt norðan ræsis (15. m.) Úr því fylgja merkin sýsluvegi að vegamótum þjóðvegur og þvínæst honum að eystri beygju ofan Selhóla og 180 m. áfram meðfram þjóðvegi.

Þarnaest lína austur á merki, 40 m. sunnan vörðu við þurran lækjarfarveg syðst í Djúpadal. Þá móts við Sveðjustaðaland suður í læk, sem þar fellur frá suðri (úr merkjahellu milli Reykja og Sveðjustaða.) Ræður svo lækur sá merkjum að lítilli leirtjörn eða polli, sem hann rennur í gegnum, og sem er norð-vestan við lágt og lítið nibbuholt, svo móts við Reykjaland úr nefndum tjarnarpolti til vesturs um norðari Hraunásenda í vörðu á Sjónarhól. Frá þeirri vörðu beina línu í stein á Hádegishól, merktan L.M. Þaðan í vörðu á Kálfastapa og þaðan í Laugastapa, svo á eftahaug, og loks á klett við sjóinn, umflotinn um flæðar, merktan L.M.

Þessum landamerkjum erum við, undirritaðir hlutaðeigendur samþykkir.

Tannstaðabakka, 12/2. 1960.

Jón Jónsson

Einar Jónsson

Vitundarvottar:

Sólveig Kristjánsdóttir

Ólafur H. Kristjánsson.

Lesið á manntalsþingi að Þóroddsstöðum 8/8. 1960.

Guðbr. Ísberg



Nr. 12484.

Sturluhóll (nýbýli úr landi E[f]ri-Mýra).

Hinn seldi og afsalaði hluti jarðarinnar er:

- a. 25 - tuttugu og fimm, ha. af afmörkuðu ræktunarlandi. Takmörk þess eru að neðan Enghlíðingabraut frá heimavegi að Efri-Mýrum, allt vestur að merkjum milli Efri-Mýra og Neðri-Lækjardals; að austan ræður heimavegur að Efri-Mýrum, að ofan upp að melunum og eins og núverandi girðing ræður og sjónhending það langt vestur, að landstærð þessi náist samliggjandi.
- b. Einn þriðji hluti úr beitolandi jarðarinnar, eins og það er nú, eftir að ræktunarlandið, sem áður getur, gengur frá og ætlað er fyrir af óræktuðu, ræktanlegu landi til að bæta við heimatún jarðarinnar; svo það geti verið 50 ha, hvort heldur það yrði sem eign einnar jarðar, eða helmingur þess sem annað nýbýli. Yrði sú viðbót fyrst tekin innan núverandi túngirðingar og svo norðan og neðan Enghlíðingabrautar, eða á öðrum stað, að meira eða minna leyti, sem henta þætti.

Beitalandshluti nýbýlisins er ekki útskiptur beitolandi E[f]rimyra. Fylgja girðingar þær, sem nú eru um beitolandið, þ.e. ca. 4 km. girðing ofan og vestan bæjar og girðingarhólf norðan og neðan Enghlíðingabrautar allt að Laxá.

Viðhald ^{haga}girðingarinnar annast nýbýlið að sínum hluta í félagi við landráðanda heimajarðarinnar. Ef frekari hagagirðingar eru settar upp, séu eignarhlutföll þau sömu, nema annar eða báðir aðilar vilji setja upp sérhólf til sinna sérnota, þá er það heimilt og annast þá hlutaðeigandi kostnað af því og viðhald þess, og skal þá landinu skipt út til beggja aðilja, í þeim hlutföllum, sem fyrr greinir.

St. Reykjavík, 26/3 1960

Snorri Bjarnason kaupandi

B.Ó. Frímannsson seljandi

Lesið á manntalsþingi að Enghlíð, 17/8 1960

Guðbr. Ísberg.



Nr. 12515.
Helguhvammur I & II.

Merkin voru ákveðin þannig:

Úr „Grænutóft“ og norður ráða fyrir landi nýbýlisins gömlu merkin milli Helguhvamms annarsvegar og Kothvamms hinsvegar, (sbr. endurrit úr afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu nr. 2694.) og er svo allt að leitissvörðu. Þá koma merkin vestur að suðausturhorni leigulóðar Bjarna Gíslasonar og þaðan í norður um 250 m. Beygir síðan austur um stein, allstóran, hjá dýi og sjónhendingu upp að vörðu skammt norðan bæjarins. Þaðan í stefnu tvo metra vestan rafmagnsstaura á Helguhvammshlaði og í horn er myndast milli Efrahvammsvegar og afleggjarans að Helguhvammi. Fylgja merkin svo Efrihvammsvegi ofan að túnshliði; síðan túngirðingunni að suðvesturhorni hennar. Þaðan í enda á neðsta þverskurði af þremur samsíða. Þaðan ræður skurðurinn að næst syðsta skurði, sem ligur austur og vestur. Síðan fylgja merkin þeim skurði ofan að þverskurði og fylgja honum í Þúfnalæk. Þá er Þúfnalækur merkin í „Grænutóft.“

Auk þess að Valdemar Jóhannesson fær land innan umgetinna merkja, fær hann rétt á að nýta beutiland að jöfnu við Helguhvamm.

Helguhvammi, 29/4 1960.
Jóhannes Guðmundsson
Valdemar Jóhannesson

Vottar:
Aðalbjörn Benediktsson
Guðrún Benediktsdóttir.

Lesið á manntalsþingi að Hvammstanga 9/8 '60.
Guðbr. Ísberg

Fellur úr gildi skv. samningi 9/10 1978 nr. 24610



Nr. 12697
Steiná II.

1. Land Steinár II takmarkast þannig: Að austan Svartá norðan við ós Steinar, úr því ræður farvegur Steinár upp miðja vegu milli núverandi íbúðarhúsa; þaðan ræður lína til norðurs mitt á milli íbúðarhúsanna um 40 m. norður fyrir núverandi fjós. Úr þeim punkti ræður bein lína í stóran jarðfastan stein í Flóabrúninni nálægt mitt á milli svo nefndra Ytri- og Syðri-Hóla. Úr þessum steini ræður bein lína beint upp í vörðu, á skurðbakka neðan Seláss. (Í skurðbotninum við vörðuna er stór, jarðfastur steinn, er grafið hefir verið kringum). Að ofan ræður nefndur skurður neðan Seláss norður í Stekkjarlæk; að norðan ræður Stekkjarlækur í Svartá.
2. Steiná I hefir allt annað land innan núverandi túngirðingar og einnig innan túngirðingar, á Steinárseli. Ennfremur flóann sunnan nefndrar merkjalínu, upp í skurð neðan Seláss og suður að Steinárgili. Einnig hefir Steiná I svonefnda Stalla neðan Náttmálahæða. Að norðan ráða þinglesin merki milli Steinár og Steinárgerðir. Að sunnan ræður skurður sunnan Náttmálahæða niður að núverandi túni.
3. Annað land Steinár en liggur innan lýstra merkja er óskipt land og er eignarhluti Steinár I tveir þriðju hlutar og Steinár II einn þriðji hluti þess.
4. Umferðarétt um land hvors annars hafa ábúendur gagnkvæman, eftir þeim leiðum, sem nú eru farnar. Viðhald á vegi þeim, er nú liggur upp með Steinárgili að norðan, upp að svonefndu Hlaupi, annast báðir ábúendur jafnt og er óheimilt að breyta honum nema með samþykki beggja ábúenda.
5. Öll ónefnd hlunnindi eru óskipt, þar í veiðiréttindi jarðarinnar, virkjunarmöguleikar o.fl. og njóta jarðirnar þeirra þannig: Steiná I tvo þriðju hluta og Steiná II einn þriðja hluta.

Gjört að Steiná, 1. nóvember 1960

Stefán Þ. Sigurðsson

Ólafur Jónsson.

Vitundarvottar:

Jón Guðmundsson

Jón Þorsteinsson

Lesið á manntalsþingi að Húnaveri, 28/8 1961

Jón Ísberg



Nr. 6278.
Nýpukot.

Landamerki milli Þorkelshóls og Nýpukots.

Frá Víðidalsárbrú, eins og vegurinn eftir ásnum ræður, heim á móts við tóftarbrot við veginn sunnan við túnið á Þorkelshóli, eða merkjavörðu hlaðna úr snyddu og rétt um veginn hjá áður nefndu tóftarbroti. Þaðan bein stefna í melhól eða vörðubrot hlaðið úr grjóti á þessum melhól, sem er norðan við kelduna fyrir neðan túnið á Þorkelshóli; þaðan bein stefna í há Garðhól, sem er skammt fyrir norðan túnið á Þorkelshóli, þá ræður bein stefna úr Garðhól í vörðubrot hlaðið úr sniddu á svokallaðri Miðnýpu; þá ræður bein stefna úr vörðubrotinu á Miðnýpu í vörðubrot hlaðna úr snyddu norðan við síki þar við götuslóðir, sem vanalega eru farnar, þegar farið er yfir Miðnýpu. Þá ræður bein stefna vestur með síki þar til það endar og í merkjadrag, sem liggur í norður frá síkisendanum. Varða úr sniddu er hlaðin rétt austan við merkjadragið, það sem það byrjar suður við síki og er bein stefna úr þeirri vörðu í aðra vörðu (eða vörðubrot) hlaðna úr sniddu nokkru norðar; þaðan ræður merkjadragið norður í Víðidalsá.

Þorkelshóli, 26. maí 1934.

Þ. Guðmundsson, eigandi og umráðamaður að Nýpukoti
Eggert Þ. Teitsson, eigandi Þorkelshóls



Nr. 13045
Stekkjardalur
Sjá bls. 47.



Nr. 13110.
Staðarbakki.

Landskiptagjörð:

Skipti jarðarinnar

Í túni ræður vegur sá, er liggur gegnum túnið, norðan íbúðarhúss, sunnan geymslu og fjósbyggingar og vestur. Úr tröðinni norðaustur frá íbúðarhúsi, þvert austur í Miðfjarðará, þó fylgir allur Langhólmi syðri hluta jarðarinnar.

Frá horni á framræsluskurði, sem er norðan og vestan heimreiðarvegur, liggja merkin í beina línu sunnan við Miðaftansgil í nibbu, sem er á brúninni þar sem Miðvatnskelda endar og lækur byrjar. Þaðan beina sjónhendingu norður við Þrælskelduholt og yfir Þrælskeldu skammt fyrir sunnan Yztavatn og í vörðubrot á Hríási, þar sem hann er hæstur.

Veiðiréttur í Miðfjarðarár skal vera sameiginlegur fyrir öllu Staðarbakkalandi og arði skipt að sjálfsögðu til helminga. –

Girðingar skiptast samkvæmt áðurgreindum merkjum. Þó skulu báðir aðilar kosta eitt hlið á aðalheimreið.

Báðum aðilum er jafnfrjálts aðgangur að þeim húsum, sem nú eru í sameign, án tillits til þess, á hvors landi þau standa.

Staðarbakka, 25/8. 1961

Benedikt Guðmundsson

Gísli Guðmundsson

Vitundarvottar:

Jóhannes Björnsson

Guðm. Björnsson

Lesið á manntalsþingi að Laugarbakka, 24/8. 1961

Jón Ísberg



Nr. 13335

Hjarðartunga (nýbýli úr landi Grímstungu).

Samkvæmt beiðni höfum við skipt úr landi Grímstungu, ræktunarlandi til handa nýbýlinu Hjarðartungu. Land þetta, sem er samfellt, allt að 35 ha. að stærð, samkvæmt mælingu okkar liggur sunnan ræktunarlands Grímstungu, meðfram Vatnsdalsá að vestan. Merki landsins eru sem hér segir:

Að norðan ræður Kildag, sem liggur úr uppþurkunarskurði efst á Grímstungueyrum og sker láglandið meðfram brekkurótum. Kildrag þetta liggur niður í svonefnt Gíslasíki, sem ræður merkjum úr því norðaustur í Vatnsdalsá.

Að vestan ræður landsímalína, sem liggur neðst í brekkurótum, þar til horn kemur á hana hjá Skuggakvísl, en úr því ræður sjónhending í neðstu klöpp í sunnanverðu Þórhallastaðagili.

Að sunnan eru merkin úr framangreindri klöpp suður og niður í Vatnsdalsá, meðfram suðurjaðri Þórhallastaðatúns.

Að austan ræður Vatnsdalsá samkvæmt landamerkjabréfi Grímstungu.

Beitiland jarðanna verður óskipt, en tilheyrir Hjarðartungu að hálfu, svo og hlunnindi, sem jörðunum tilheyra.

Báðum jörðunum fylgir gagnkvæmur réttur til nauðsynlegra yfirferðar um land hinnar jarðarinnar, þótt að sjálfsgöðu skuli þess jafnan gætt, að hafa ekki óparfa átroðning um ræktunarlönd.

Framanskráð landskipti eru gjörð í samráði og með samþykki eigenda Grímstungu, Gríms Lárússonar og Eggerts Lárússonar, eiganda Hjarðartungu.

Grímstungu, 11. apríl 1962.

Konráð Eggertsson

Grímur Gíslason

Samþykkir:

Grímur Lárússon

Eggert Lárússon

Vottar:

Sigrún Grímsdóttir

Sesselja Svavarsdóttir.

Lesið á manntalþingi að Ásbrekku, 12/9 1962

Jón Ísberg



Nr. 13587
Grafarkot.

Landskiptagerð:

Við undirrituð, systkinin Svanborg Guðmundsdóttir og Jósep Guðmundsson, sem erum samkvæmt bréfi föður okkar, dags 11/6 1948, eigendur jarðarinnar Grafarkots í Kirkjuhvammshreppi innan Vestur-Húnavatnssýslu, að sínum helming jarðarinnar hvort, höfum komið okkur saman um eftirfarandi landskipti nefndrar jarðar:

Frá landamerkjum Grafarkots og Stora-Óss ræður núverandi heimakstursbraut, þar til kemur að bæjarlæk, sem síðan ræður merkjum að kletti þeim, sem hlutaðeigendur hafa komið sér saman um að nefna Bóndasnoppu. Klettasnoppa þessi skagar fram í bæjargil sunnan frá, efst í túni og er núverandi túngirðing gerð í hana. Úr Bóndasnoppu ræður bein lína, sem dregin væri um Hríásá-enda í norðurhorn klettans „Toppur“, sem er á efstu brún séð frá Bóndasnoppu. Skal þar gerð varða af grjóti.

Þar fyrir ofan er land óskipt.

Eigandi syðri helmings jarðarinnar er Svanborg Guðmundsdóttir, en eigandi norðurhlutans er Jósef Guðmundsson.

Landskiptagerð þessi er gerð á löggiltan skjalapappír í fjórum samhljóða eintökum. Heldur hvor aðili einu eintaki, eitt afhendist nýbýlastjórn og eitt varðveitist á skrifstofu Húnavatnssýslu.

p.t. Hvammstanga, 13. sept. 1962

Svanborg Guðmundsdóttir

Jósef Guðmundsson

Vitundarvottar:

Guðjón Jósefsson

Sig. Gíslason.



Nr. 13593.

Merki milli Stóru-Ásgeirsár og Litlu Ásgeirsár

Endurrit

úr landamerkja- og fasteignabók Húnavatnssýslu.

Landamerki milli Litlu- og Stóru-Ásgeirsar, skulu vera þannig: Ásgeirsáin ræður merkjum upp að krók á ánni suðsuðaustan við Ásgeirsársel og frá þeim krók í vörðubrot á Merkjamel, þaðan sjónhending upp á há-Víðidalsfjall um vörðu, sem hlaðin var og stendur á barði 300-320 metrum ofan við Merkjahól.

Merkjadóminum slitið.

Jón Ísberg

Konráð Eggertsson

Ólafur Magnússon

Sigvaldi Björnsson

Benedikt Guðmundsson – umb.m. Ólafs Jónssonar –

Vottar:

Ingibjörg Jósefsdóttir

Gunnar Þorsteinsson



Nr. 13858

Vatnshóll

Við undirritaðir Halldór L. Magnússon og Jósafat Jósafatsson, eigendur og ábúendur jarðarinnar Vatnshóll í Kirkjuhvammshreppi V-Hunavatnssýslu, höfum komið okkur saman um eftirfarandi helmingaskipti nefndrar jarðar:

1. Land jarðarinnar neðan þjóðveggar skiptist þannig: Frá vegi ræður syðri uppþurkunarskurður norðan svonefnds Litlaholts í langskurð, sem ræður merkjum norður að engjavegi, er liggur af þjóðvegi. Frá nefndum langskurði ræður engjavegur niður eftir og síðan bein lína sunnan hallt við ytriheygarð í Reyðarlæk.
2. Ofan þjóðveggar skiptist land jarðarinnar þannig að rafmagnstaur sá, er stendur á hólnum ofan peningshúsa norðan hallt, gildir sem merkjastaur. Úr honum er bein lína út og upp á svonefnt Djúpulágarholt norðan við Djúpulág, en þar skuldbinda hlutaðeigendur sig til að láta gera vörðu úr grjóti. Úr áðurnefndum rafmagnsstaur ræður lína sem dregin er um syðri hól ofan peningshúsa í beinu framhaldi af þeirri fyrri – í lægsta slakka norðan gamla bæjarvarpa og þaðan bein lína í lokræsisenda við túngirðingu að neðan.
3. Land allt ofan takmarka, sem hér hafa verið ákveðin, skal vera óskipt og hafa þaðir jarðarhlutar sama rétt til þess allra nota þess.
4. Öll hlunnindi jarðarinnar eru óskipt, má þar nefna veiði í Reyðarlæk og vatn til hverskonar nota og fylgir helmingur þessara réttinda hvorum jarðarparti.
5. Norðurpartur jarðarinnar er eign Jósafats Jósafatssonar, en syðri hlutinn Halldórs L. Magnússonar.

St. Hvammstanga, 4. des. 1962

Halldór L. Magnússon

Jósafat Jósafatsson

Vitundarvottar:

Sig. Tryggvason.

Karl Sigurgeirsson



Brekka – Brekkukot – Litla-Giljá.

Endurrit úr landskiptagjörð:

Yfirlandskiptanefndin kvaddi á sinn fund eigendur Litlu-Giljar með tilvísun til þess ósamræmis, sem er í framlögðum landamerkjaskrá, og í samræmi við ákvæði 9. gr. landskiptalaga frá 1941, varð samkomulag milli málsaðila og eigenda Litlu-Giljár, sem tilkvaddir voru, að landamerki í fyrirlýstri vegalengd skuli vera þannig:

„Landamerkin haldist óbreytt frá enda landamerkjaskurðar suðvestur af fjárhúsum Litlu-Giljár upp að steini í enda Skriðugils. Þar fylgja merkin syðri brún Skriðugils svo nærri brúninni, að girðingarstæði sé öruggt upp á móts við efri Skriðugilsenda, og þaðan bein lína að lænum í Krossdal, þar sem lækurinn fellur yfir göturnar. Girðing neðan Skriðugils frá skurðenda sveigi suður fyrir heimreiðarveginn á Litlu- Giljá.“

Samkvæmt því úrskurðar yfirskiptanefndin, að landamerki jarðanna Brekku og Brekkukots skuli vera þessi:

Frá Brekkukvísl bein lína eftir landamerkjaskurði í stefnu á Grænagil og þaðan, sunnan Grænagils, bein lína upp á þjóðveginn, sem ræður merkjum norður á móts við norðurhlið túnsins í Brekkukoti. Þaðan túngirðingin að norðan upp í horn girðingarinnar sunnan og neðan Krossdals. Þaðan bein stefna í neðsta klett vestanverð í Músagili. Þaðan bein stefna í há Sandhól, austurlína um stein sunnan í Sandhól og frá steininum bein lína í Selgilsfoss. Svo áframhaldandi bein stefna af þeirri línu (suðvestur) í vestur brún fjallsins, þar til hún sker þinglesna markalínu aðliggjandi jarðar. Allt land norðan og austan nefndrar línu á Brekka að undanskildu því landi, er nú verður lýst mörkum á.

Þá fær Brekkukot land Geitabóls, sem er innan eftirgreindra landamerkja:

Úr áðurtilgreindu hornmarki á Sandhól ræður mörkum að norðan bein lína í hornmark, sem sett er á bakka Giljár. Þaðan ræður Giljá mörkum að austan og sunnan að hornmarki á bakka árinna, þar sem bugða er á ánni lengst til vesturs. Frá því hornmarki ræður bein lína vesturtakmörkum landsins, að fyrnefndu hornmerki á Sandhól.

Báðar jarðir hafa frjálsa umferðar- og rekstrarleið, þar sem hornmörk mætast á Sandhól. Girði aðilar lönd sín, skal þar afmarka ferhyrnt svæði, jafnt af beggja löndum, og fjögur hlið skulu halda frjálsri umferðar- og rekstrarleið milli aðskilinna landa hvorrar jarðar.

Blönduósi, 16/10 1962.

Pálmi Einarsson

Jónatan J. Líndal

Bjarni Jónasson

Óskar B. Teitsson

Sig. J. Líndal.

Sjá Hæstaréttardóm frá 5. mars 1974 nr. 96/1971 Haukur Magnússon og Þórir Magnússon gegn Sigþóri Sigurðssyni, sjá bók nr. XLV 1974 1.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



Nr. ~~8934~~-14873
Steiná III.

Landskiptagjörð:

Við undirritaðir Stefán Sigurðsson, bóndi, Steiná I í Bólstaðarhlíðarhreppi og Sigurjón Stefánsson, bóndi Steiná III, höfum komið okkur saman um eftirfarandi landskipti nefndra jarða á ræktunarlandi.

1. Land Steinár III takmarkast þannig: Að austan Svartá norðan Stekkjarlækjar. Að norðan ráða merki Steinár og Steinárgerðis upp á móts við Náttmálahæðir. Að vestan girðing á náttmálahæðum að skurði sunnan við Náttmálahæðina, úr því nefndur skurður, þar til hann fellur í túnskurð.

Steiná III fær einnig land, er takmarkast af Steinárgili að sunnan, Flóaskurði að ofan norður að merkjum Steinár II, sem raða merkjum að norðan. Að neðan ræður Flóabrún. Steiná III fær einnig lóð undir íbúðarhús heim við núverandi íbúðarhús, 800 m² að stærð

2. Annað af því landi, er upp er talið í landskiptagjörð milli Steinár I og Steinár II, lið 2, dagsettri 1. nóv. 1960, hefur Steiná I.
3. Steiná III fær að auki einn þriðja úr óskiptu landi Steinár I og hefir jafnan rétt í því sem Steiná II.
4. Umferðarrétt um land hvors annars hafa ábúendur gagnkvæman, eftir þeim leiðum, sem nú eru farnar, og nauðsynlegar eru til nýtingar landsins.
5. Öll ónefnd hlunnindi eru óskipt og njóta jarðarpartarnir þeirra að jöfnu.

Gjört að Steiná, 10. nóvember 1964.

Stefán Þ. Sigurðsson
Sigurjón Stefánsson

Vitundarvottar:

Sigfús Þorsteinsson
Jakob Sigurðsson.

Innfært 25/11. 1964.



Nr. 15003.
Svínavatn.

Fimmtudaginn 22. okt. 1964 voru úttektarmenn Svínavatnshrepps, þeir Pétur Pétursson á Höllustöðum, og Guðmundur B. Þorsteinsson í Holti, mættir að Svínavatni samkvæmt ósk Steingríms Jóhannessonar bónda þar, til þess að athuga og gera tillögur um skipti á eignarhluta hans út úr aðaljörðinni, hvað ræktanlegt land og byggingar snertir. Eignarhluti hans er 3/7. hlutar.

Mættir voru, auk úttektarmannanna, hlutaðeigandinn Steingrímur Jóhannesson og talsmaður hinna eigendanna, Herbert Sigurðsson, Reykjavík, en þó án skriflegs umboðs.

Úttektarmennirnir skoðuðu landið og mældu það, sem þeir töldu vel hæft til ræktunar og virtist þeim að það mundi vera allt að 168 hekturum, auk gamla túnsins. Þó mun mega telja 28 hektara af þessu landi í sérflokki, þ.e. lakara til ræktunar, en 140 hekt. ^{munu} mega teljast góðir.

Eftir að hafa athugað allar aðstæður vandlega urðu úttektarmennirnir ásattir um að leggja til að landinu neðan Svínvetningabrautar yrði skipt þannig, að Steingrímur fengi suðurhlutann og að merkin yrðu þannig:

Frá Svínavatni ráði skurður, sem nú er beint niður frá bæjarlæknum, þar sem honum er veitt í skurð til suðurs. Þá ráði bæjarlækurinn merkjum, þar til 80 metrum neðan við fjósið. Þá bein lína í norðvesturhornið á matjurtagarðinum, neðan við gamla bæinn. Þá lína yfir mitt íbúðarhúsið og í heimreiðarhliðið við þjóðveginn.

Landið vestan undir Múlanum, austan Svínvetningabrautar ^{en sunnan Grænastekks og vegamóta Svínvetningabrautar} og samkomuhússvegar mældist úttektarmönnum vera sem næst 51 hekt., gott ræktunarland. Leggja þeir til að því landi sé skipt í norður- og suðurhluta og ef samkomulag næst ekki hjá hlutaðeigendum um, hvorn hlutann Steingrímur fái, þá ráði hlutkesti. Fái hann þá útmældan 21.84 hektara þar, syðst eða norðast (sic). Um skiptingu á íbúðarhúsinu virtist úttektarmönnum best fara á því, að Steingrímur fengi í sinn hlut neðstu hæð, að undanteknu miðstöðvarherbergi og þvottahúsi, sem verð áfram sameign. Þá fái hann einnig austurhlutann af rishæðinni. ^{Stigahús verði allt sameign og einnig væntanlegt gangpláss á rishæðinni.} Með tilliti til þess að þessi hluti hússins er að verulegu leyti ófrágenginn til íbúðar fái hann fjóshlöðuna ^{alla} í sinn hlut.

Peningshús, sem Steingrímur hefir byggt á jörðinni fyrir eigin reikning, eru að sjálfsögðu hans óskipt eign, en það eru fjós yfir 24 gripi, ásamt mjólkurhúsi og áburðargeymslu, og fjárhús yfir 240 kindur, ásamt ~~mjólkurhúsi~~ viðbyggðri hlöðu.

Gömul gripahús, sem eru sunnan bæjarlækjar, falli í Steingríms hlut. Hin gömlu húsin fylgi áfram aðaljörðinni.

Fleira kom ekki til álita.

P.t. Svínavatni, 22. nóv. 1964

Guðmundur B. Þorsteinsson

Pétur Pétursson

Innfært 17/5 '65.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



Stóra-Borg. sjá bls. 107

Ár 1965, þriðjudaginn 31. ágúst voru mættir að Stóru-Borg í Þverárhreppi V-Húnavatnssýslu, samkvæmt skipunarbréfi sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 24.7.1964, þeir: Pálmi Einarsson, landnámstjóri, Reykjavík; Ólafur Magnússon, Sveinsstöðum; Ólafur Daníelsson, Sólbakka; Björn Lárusson Auðunnarstöðum; og Óskar Teitsson, Víðidalstungu, til þess þar að framkvæma yfirskipti á jörðinni Stóru-Borg, að beiðni Péturs Aðalsteinssonar, eiganda Syðri-Stóruborgar að hluta jarðarinnar. Þá voru einnig mættir eigendur jarðarinnar, þeir: Pétur Aðalsteinsson eigandi Syðri-Stóruborgar, og Karl Björnsson og Tryggvi Jóhannsson, eigendur Ytri-Stóru-Borgar.

Athugun fór fram á landamerkjum jarðarinnar og þau borin saman innritun þeirra á loftmynd, samkv. landamerkjabréfi Stóru-Borgar, en upplýst var jafnframt, að orðamunur væri á milli þess og landamerkjabréfs Vatnsenda. Með tilliti til þess samþykktu eigendur jarðarinnar eftirfarandi bókun: [Á spássíu við þessa málsgrein stendur: „ógilt“]

„Eigendur jarðanna Ytri- og Syðri Stóru-Borgar, lýsa því yfir, að þeir samþykkja að landamerkjabréf gildi um landamerkjalinuna frá merkjasteini við Stuttugötu, og þaðan bein lína suður í eystra Báruhorn við Vesturhópsvatn; enda voru við undirskiptin þessi landamerki lögð til grundvallar og jafnframt með tilliti til þess, að landamerkjabréf Vatnsenda er gert ári síðar en landamerkjabréf Stóru-Borgar, sem dagsett er 27. maí 1889, og bæði landamerkjabréfin undirrituð af sömu aðilum.[“]

Samkvæmt framanrituðu taka yfirskiptin aðeins til þess lands, sem til skipta var tekið við undirskiptin hinn 5. ágúst 1963.

Lögð voru fram og upplesin eftirgreind málskjöl:

1. Útnefning yfirlandskiptanefndar, dags. 24.7.1964, merkt nr. 1 í málskjöllum.
2. Endurrit úr landamerkjabók Húnavatnssýslu, nr. 103, dags. 27.5.1889, merkt nr. 2 í málskjöllum.
3. Landskiptagjörð undirskipta, dags. 5.8. 1963, merkt nr. 3 í málskjöllum.
4. Loftmynd af landinu, með árituðum landamerkjum jarðanna í mælikvarða ca. 1:5000. Merkt nr. 4 í málskjöllum.
5. Lögð var fram ljósprentun nr. 3661, dags. að Stóru-Borg 16. júní 1915 og lesin fyrir manntalsþings^{rétti} Húnavatnssýslu, að Stóru-Borg sama dag, þar sem skipt er húsum og túnum jarðarinnar og ennfremur ákveðið að réttur til túnræktar og bygginga hafi eigendur Syðri-Stóru-Borgar fyrir ofan túnið, en eigendur Ytri-Stóru-Borgar fyrir neðan það.

Núverandi eigendur jarðanna samþykkja allir að þessi gjörð skuli standa óbreytt.

Að þessi gjörðu gengu aðilar á vettvang og athuguðu landið ásamt landskiptanefndinni. Varð þá fellt samkomulag við eigendur að gerðar yrðu nokkrar breytingar á undirskiptunum.

Samkvæmt því úrskurðaði yfirskiptanefndin eftirfarandi:

Undirskiptin skulu standa óröskuð að öðru ^{leyti} en því, er hér á eftir er tilgreint:

1. Syðri-Stóra-Borg fær til eignar, innan girðingar, sem sett var upp vestan Borgarinnar s.l. vor, 1965, það land, sem innan þeirrar girðingar féll í hlut Ytri Stóru-Borgar við undirskiptin, dagsett hinn 5. ágúst 1963.
2. Ytri-Stóra-Borg fær til eignar hluta Stóru-Borgar af Gottorpshólma (Stóru-Borgar hólma).



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

3. Ytri-Stóra-Borg fær lóð af túni Syðri-Stóru-Borgar undan íbúðarhúsi, sem þegar hefir verið rífið, og gamla bæ, svo og fjósi suður að götu.

Þessu til staðfestu undirritar yfirskiptanefndin gjörð þessa.

Stóru-Borg, 31. ágúst 1965.

Pálmi Einarsson.

Ólafur Daníelsson.

Ólafur Magnússon

Óskar B. Teitsson.

Björn Lárusson.

Samþykkir framanritaðri skiptagerð.

Karl H. Björnsson

Tryggvi Jóhannsson, eigendur Ytri-St-Borgar

Pétur Aðalsteinsson, eigandi Syðri-Stóru-Borgar.



Nr. 15267.
Litla-Tunga.

Aðilar urðu sammála um eftirfarandi:

1. Skiptalína sú, er ákveðin var við undirskiptin 31. maí 1964 skal vera óbreytt, er hún þannig:
„Úr Vesturárgili 50 m. norður við efra brúarstæði, bein lína í skurðolboga ofan þjóðveggar vestan Litlu-Tungu, þaðan bein lína í syðri hliðarstaur austan við gamla bæinn í Litlu-Tungu og áfram austur í á.“
Land norðan línunnar tilheyrir þeim bræðrum Grétari, Ragnari og Sigfúsi Jónssonum, en land sunnan línunnar Benedikt Jónssyni og Ólöfu Sigfúsdóttur.
2. Þar sem báðir aðilar eru báðir óánægðir með, hvernig getið er um hlunnindi í skiptagerðinni frá 31. maí 1964, en telja báðir að öll hlunnindi skuli skiptast til helminga á milli jarðarpartanna samkvæmt afsali frá 22/4. 1950, hafa þeir orðið sammála um, að orða þenna kafla þannig:
Hlunnindi öll skulu vera óskipt og tilheyra hvorum jarðarparti að jöfnu. Ef um skipti yrði að ræða, vísast til 3. gr. landskiptalaga.
Réttartollur skiptist að jöfnu, þótt réttin verði endurbyggð (sbr. afsal frá 22/4 1950). Ef bætur kynnu að koma vegna fyrir aðgerðir vegna fiskgöngu í Vesturá, skulu þær skiptast að jöfnu.
Hlaða sem stendur á ytri partinum, tilheyrir hvorum aðila að hálfu.
Kostnaður við skipti þessi greiðist að jöfnu af aðilum.
Litlu-Tungu 16/11. 1965.
Stefán H. Sigurðsson.
Óskar B. Teitsson.
Jón Jónsson
Óskar E. Levý.
Ólafur Þórhallsson

Samþykkir sem eigendur:

Benedikt Jónsson og, f.h. Ólafar Sigfúsdóttur, e.u.
Aðalbjörn Benediktsson

Samþykkir með fyrirvara um skiptingu á kostnaði við yfirskiptin.

Sig. Grétar Jónsson.

Sigfús B. Jónsson.

F.h. Ragnars Jónssonar, Sigfús B. Jónsson.



Nr. 15268

Þóroormstunga & Saurbær (landamerkjadómar).

25/9. 1965. Héraðsdómur.

Dómsorð:

Norður endapunktur merkjalínu milli Þóroormstungu og Saurbæjar, skal settur þannig, að $\frac{1}{4}$ hinnar sýnilegu móhellu, þegar staðið er suður við réttarbrotið, skal vera vestan þessarar línu, en $\frac{3}{4}$ hlutar austan.

18/10. 1965. Dómur Hæstaréttar

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um norðarpunkt merkjalínu milli Saurbæjar og Þóroormstungu skal vera óraskað, þannig, að landamörk jarðanna skulu miðuð við markalínu þá, sem dregin er upp á hæstaréttardómskjali p og þar merkt „Markalína samkv. héraðsdómi.“



Nr. 14850.

Miðhóp.

Landskiptagjörð:

Við undirritaðir, Benedikt Axelsson og Jón E. Kristjánsson, eigendur jarðarinnar Miðhóp í Þorkelshólshreppi, höfum komið okkur saman um eftirfarandi skipti á landi jarðarinnar vestan og norðan þjóðveggarins.

Landinu er skipt með beinni línu úr Hópinu um vörðu norður undir Hópi, 68 m. austan við gamlar heygarðsrústir, í vörðu á bakka túnskurðarins og eru 250 m. frá henni að rafveitustaur, er stendur upp undir brekkunni. Úr þeirri vörðu beina línu yfir núverandi tún í símastaur sunnan og neðan íbúðarhúss. Þaðan í heimreiðina miðja vegu milli hliðs og bæjar, þá ræður heimreiðin merkjum suður að túngarði, þá túngarðurinn og stefna hans upp í þjóðveg og þjóðvegurinn úr því í Gljúfurá.

Landið (fyrir) veztan nefndar línu kemur í hlut Jóns Kristjánssonar, en austan hennar í hlut Benedikts Axelssonar.

Það sem túnið er stærra en 3.5 ha, sem kemur í hlut Jóns Kristjánssonar við skipti þessi, skal hann skila Benedikt fullræktuðu í hans landi, er ástæður leyfa. Afnotarétt af stærðarmismuninum hefir Benedikt þangað til.

Annað land jarðarinnar er óskipt svo og öll hlunnindi.

Miðhópi, 30. sept. 1964

Benedikt Axelsson.

Elínborg Ólafsd.

Jón E. Kristjánsson

Margrét A. Björnsd.

Vottar:

Arni Sigurðsson

Reynir Hallgrímsson.

Innfært 28/12 '65

G.Í.



Nr. 13219.

Fossar í Bólstaðarhlíðarhreppi

Landskiptagjörð

Við undirritaðir, Sigurður og Sigurjón Guðmundssynir, eigendur og ábúendur Fossa I í Bólstaðarhlíðarhreppi, A-Húnavatnssýslu, og Guðmundur S. Guðmundsson, eigandi og ábúandi Fossa II, höfum komið okkur saman um eftirfarandi skipti; á ræktuðu og ræktanlegu landi jarðarinnar.

Land það er Fossar II fá er í fernu lagi og ber þau nöfn og er innan þeirra takmarka, er hér greinir:

1. Grundir: Að vestan eru merki að brekkurótum, að norðan þinglesin landamerki Fossa og Stafns, að austan Fossá, að sunnan vörðumelur.
2. Skógarnes. Merki eru núverandi girðing.
3. Langivöllur. Merki eru núverandi girðing.
4. Flói. Að sunnan ræður girðing merkjum austan Fossár, norður að Strompkletti; úr honum upp að brekkurótum og svo þær suður að girðingu.

Fossar I fá í sinn hlut annað ræktanlegt land neðan Brúna og norðan við áðurnefndan flóa.

Beitiland er óskipt, en notkunarréttur Fossa II er 1/3 á móti 2/3 hjá Fossum I.

Umferðarétt um land hvors annars er gagnkvæmur eftir þeim umferðaleiðum, er nú eru.

Fossar II hafa heimild til að byggja íbúðar- og peningshús í landi Fossa I, ef þess er óskað, og nýbýlanefnd og landsnámsstjóri telja það hagkvæmt. Byggingarlóð skal vera einn hektari minnst.

Öll hlunnindi og vatnsrettindi eru óskipt.

Fossum, 17. nóv. 1961.

Sigurður Guðmundsson

Sigurjón Guðmundsson

Guðmundur S. Guðmundsson

Vitundarvottar;

Sigvaldi Halldórsson

Birna M. Sigvaldadóttir.

Lesið á manntalsþingi að Húnaveri, 14.9. 1962.

Jón Ísberg



Nr. 10954.

Brúarvellir (sjá Grund nr. 10.954)

8/10 1955

1. Jakob Þorsteinsson fær í sinn hlut samfellt land austur við Svínadalsá báðum megin vegarins, samtals 43 ha. að stærð.
2. Beitarítök á hann í hið óskipta fjalllendi jarðanna, hlutfallslega við landstærð.
3. Samkomulag varð um að Jakob afsalaði sér veiðiréttindum í Tjörnunum í Grundarskálum, en hefði veiðiréttindi í Svínavatni að einum þriðja.

Fór þá fram útmæling á landi þessu, og voru sett upp hornmerki til bráðabirgða, en þar sem birta leyfði ekki frekari aðgerðir, lofuðu landeigendur að ganga vel og vandlega frá mörkum þessum að morgni.

Skiptunum þar með lokið.

Bjarni Jónasson

Pétur Pétursson

Steingrímur Jóhannesson

Jakob Þorsteinsson

Enda þótt við sjáum okkur ekki fært, að gera ágreining út af skiptum þessum, eins og sakir standa, áskiljum við okkur fullan rétt til þess, að leita úrskurðar dómstólanna um réttmæti eignarheimildar Jakobs Þorsteinssonar, á umræddum jarðparti, svo og um alla málsmeðferð.

Þórður Þorsteinsson

Guðmundur Þorsteinsson

Rétt endurrit staðfestir.

Skrifstofa Húnavatnssýslu, 25/9 1956

Guðbr. Ísberg.

Lesið á manntalsþingi að Stóradælsnesi, 31/7 1957.

Guðbr. Ísberg



Nr. 12721

Hurðabak í Torfalækjarhreppi.

Skiptagjörð.

á landi jarðarinnar Hurðabak í Torfulækjarhreppi, Austur-Húnavatnssýslu, 7. júlí 1959 seldi og afsalaði Sigurfinnur Jakobsson, Hurðarbaki, Jakobi syni sínum helming beitolands og 1 ha í túni af jörðinni Hurðabak og var þá ákveðið að það yrði syðri hluti landsins.

Hér skulu tilgreind landamerki milli Sigurfinns og Jakobs:

Syðst úr Langhyl í Laxá liggur girðing upp að Austurtúni og upp með því, að sunnan; svo beina línu úr suðausturhorni Austurtúns í suðausturhorn á torfrétt við gamlatún. Eftir Gamlatúni liggja merkin úr torfrétt í ytrahorni á Gömluhúsum niður í veginn, þar sem hann kemur að túninu. Meðfram vegi að ræsi, þá beina línu úr ræsi meðfram skurði, eftir keldu, norður í túngirðingu og þá eftir túngirðingu beint austur í merkjagirðingu milli Hurðarbaks og Meðalheims.

Hurðarbaki, 28. nóvember 1960

Sigurfinnur Jakobsson

Jakob Sigurfinnsson

Lesið á manntalsþingi að Torfalæk þ. 30/8 1961.

Jón Ísberg.



N^o 5298.

Jaðar í Staðarhreppi.

Ár 1929, 16. júní, fóru fram samkomulagsskipti í eignarjörð okkar Tannstöðum, á túni og landi innan girðingar, til slæгна og beitar, verða þar merki sem hér segir:

Úr norður haugshúshorni sem girðing ræður upp í gamlan túngarð, úr þessari línu að vestan til norðurs sem læknum ræður girðing í hæl á lækjarbakka og þaðan vestur fyrir norðan öskuhaug, þaðan sjónhending vestanvert við öskuhaug á suðvesturhorn á nátthaga, svo sem nátthagagarður ræður til norðvesturhorns á nátthaga og þaðan sjónhending í neðstaklett í Steinboga, úr þeim kletti sjónhending í Grástein á Stekkjargötum, og þaðan sjónhending í nibbu á Stekkjarhöfða.

Allur þessi syðri hluti er eign Daníels bónda Jónssonar á Tannstöðum. Þá eru merki á norðurhluta sem hér segir, sem er eign þeirra Hjartar bónda Björnssonar og Sigurðar Hjartarsonar. Úr norðausturhorni túngirðingar, eins og götur ráða út að Hömrum og þaðan sjónhending til sjávar í klett norðanvert á Brimnesi.

Þar sem beutiland er mun stærra í parti Hjartar bónda og Sigurðar, þá er það samkomulag okkar að þess verði gætt við nánari skipti jarðarinnar á óskiptu landi.

Það skal tekið fram að öskuhaugur sá, er stendur í parti Daníels bónda, verður sameiginleg eign allra jarðeigenda, og að eigendum norðurhluta landsins er heimil gata til sjávar. Að öðru leyti haldast þau skipti óbreytt, sem verið hafa á landinu utan girðingar, og beutiland jarðarinnar, að öllu leyti óskipt utan girðingar. Sömu leiðis ^{mótak} veiði og reki, er jörðinni tilheyrir.

Skylt er landeigendum að halda við glöggum merkjum milli jarðarhlutanna, eins og lög mæla fyrir.

Verður svo skiptum þessum hermeð lokið. Þessu til staðfestu eru eignarnöfn okkar undirrituð í viðurvist 2ja votta.

Daníel Jónsson

Hjörtur Björnsson

Sigurður Hjartarson.

Vottar:

Þorv. Ólafsson.

Gísli Eiríksson.

Mótttekið 19. júní 1929.

B Brynjólfsson.

Lesið á manntalsþingi að Þorðsstöðum 19. júní 1929.

Vottar: B Brynjólfsson

Þingl. og stimpilgjald.

Kr. 4⁰⁰.

Greitt BB.



N^o 14650.

Klömbur í Þverárhreppi.

Landskiptagjörð:

Við undirritaðir eigendur jarðarinnar Klambra í Þverárhreppi V-Hún., lýsum því yfir að við höfum komið okkur saman um að skipta landinu sem hér segir:

Merki séu þannig, frá Vesturhópsvatni að Vesturhópsvegi í girðingu eftir Klambraflóa meðfram skurðgröfuskurði, frá Vesturhópsvegi gegnum Klambratún meðfram girðingu í stefnu norðanvert við ^{gamla} Klambrabæinn í Klambraá, þaðan ræður Klambraá merkjum í Miðtungulæk og séu merki eftir honum til háfjalls.

Eigandi syðri helmings er Eggert Ó. Levý, Hvammstanga. Eigandi norðari helmings er Sigurbjörn Guðmundsson Harastöðum.

p.t. Harastöðum, 19/3. 1964.

Eggert Ó. Levý

Sigurbjörn Guðmundsson

Vottar:

Sig. Gíslason

Björn Kr. Guðmundsson.

Lesið á manntalsþingi að Stóru-Borg 5/11 1964.

Jón Ísberg



N^o 13877.

Stórahlið í Þorkelshólshreppi.

Hreppsnefnd Þorkelshólshrepps og Skarphéðinn Skarphéðinsson, bóndi í Króki í Þorkelshólshreppi, gera með sér svofeldan samning:

Þorkelshólshreppur lætur jörðinni í té afnot af vesturhluta Stóruhlíðarlands með þeim merkjum, sem hér segir:

Að norðan í framhaldi af girðingu milli Króks og Valdarásselslands í beinni línu austur í hrossaflá, minnst 100 m. vestan við og 200-300 m. norðan við stóran stein, sem er í hrossaflánni, ca. 500 m. fyrir sunnan Kotlækjardrög; þaðan suður í heiðargirðingu vestan við Bæjarlækjardrög.

Land þetta hafi Króksbóndi til afnota, endurgjaldslaust, meðan Krókur er byggt býli. Meðan samningur þessi er í gildi, fellur Króksbóndi frá öllum umráðarétti yfir því landi, sem Krókur á framan heiðargirðingar.

Til staðfestu nöfn okkar í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Sólbakka, 13. júní 1962.

F.h. hreppsnefndar Þorkelshólshrepps.

Ól. Daníelsson.

Vottar:

Jóh. Guðmundsson

Björn Lárusson.



N^o 13045.

Stekkjardalur í Svínavatnshreppi.

Ég undirrituð, Sveinbjörg Brynjólfsdóttir, eigandi Stóradals í Svínavatnshreppi, sel hér með og afsala til dóttur minnar Hönnu Jónsdóttur, til heimilis að Stóradal, hluta af eignarjörð minni Stóradal til nýbýlisstofnunar með eftirgreindum landamerkjum: – Að vestan ráði Sléttá. Að norðan Svínavatn og landamerkjaskurður milli Svínavatns og Stóradals suður að Fl[ó]áavegi. Þaðan ræður merkjum skurður meðfram Flóáavegi að sunnan, þar til hann sker skurð þann sunnan Græfnatuns, og ræður hann mörkum. Frá skurðendanum ræður bein lína í storan stein á hól á Pétursholti. Frá þeim Steini ræður bein lína mörkum að Hagakotslæk og er hornmerki við lækinn 300 m. austan Sléttár. Að sunnan ræður Hagakotslækur.

Öllu þessu landi, er innan þessara marka er, afsala ég Hönnu dóttur minni, að undanteknu þó því landi, sem áður var búið að gefa Ungmennafélagi Svínavatnshrepps, en það land ligur fyrir sunnan nátthaga Auðkukuréttar, og miðast við nátthagann að norðan, vestanverðu hrossagirðingu, að austan 160 m. frá nátthaga að sunnan og Sléttá að vestan.

Þá undanskil ég í afsali þessu þær tjónsbætur, sem kunna að verða metnar í endanlegu yfirmati eignarjörð minni til handa og eru tilorðnar af völdum núverandi hækkunar á Svínavatni. Mun og undirrituð eiga áfram óskertan bótarétt á Rafmagnsveitur ríkisins fyrir þau landspjöll, sem orðin eru.

Veiðiréttur í Svínavatni og Sléttá skal vera í óskiptri sameign, en eignar og afnotaréttur skiptist að jöfnu milli Stóradal og nýbýlisins. Upprekstrarfélag Auðkuluheiðar skal hafa sömu aðstöðu fyrir skilarétt og verið hefir, nema kaupandi og upprekstrarfélagið semji um annað.

Land þetta, sem til nýbýlisins er ætlað, skal framvegis lúta þeim ákvæðum laga, nr. 116, 30.des. 1943, um ættaróðul og erfðaábúð og þeim breytingum, sem á þeim kunna að vera gerðar, að því er tekur til ættarjarða.

Söluverð jarðhluta þessa er kr. 12.800,00 – tólf þúsund og átta hundruð, og þar sem það er að fullu greitt, þá lýsi ég Hönnu Jónsdóttur réttan eiganda að landi þessu.

Hún tekur við því í því ástandi, sem það er, og hefir öll afnot þess frá undirskriftardegi þessa afsals og greiðir af því alla skatta og skyldur, sem á það kunna að verða lagðir sem gjaldstofn, frá sama degi. Kaupandi lætur þinglýsa afsali þessu á sinn kostnað og heldur kaupum sínum til laga. Ég svara til vanheimilda. Þessu til staðfestu er mitt, undirritað í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Stóradal, 7. júní 1961.

Sveinbjörg Brynjólfsdóttir (sign.)

Vitundarvottar:

Pálmi Einarsson (sign.)

Sigurður Sigvaldason (sign.)

Lesið á manntalsþingi að Dalsynni 28/8 1961.

Jón Ísberg.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



Nr. 8428.

Svalbarð í Kirkjuhvammshreppi.

Samningur um skipti á hlunnindum.

Með landskiptagerð, dagsettri 19. júní 1919, var jörðinni Stöpum skipt í tvær jarðir, 1/3 og 2/3. hluta. Var öllu landi, túni, engjum og bithaga, skipt með merkjalínu, en hlunnindum jarðarinnar var ekki skipt, en þau eru: Æðarvarp, selveiði, reki, og vatn í á þeirri, er rennur í gegnum túnið og mótekja.

Núverandi eigendur jarðanna Stapa og Svalbarðs í Kirkjuhvammshreppi, V-Hún., þeir Eðvald Halldórsson, bóndi á Stöpum og Kristinn Jónsson, bóndi á Svalbarði, hafa gert með sér eftirfarandi skiptasamning um fullnaðarskipti á hlunnindum jarðanna, sem hafa verið óskipt og sameiginleg eign.

Skiptin verða sem hér segir:

Jörðin Stapar skal hafa öll hlunnindi á og fyrir landi jarðarinnar Stapa og auk þess reka suðura klettatanga sunnan við Klifbás. Skal þar steipt merki og á það höggvið R.M. Þó skal ábúanda Svalbarðs heimil lending og uppsátur fyrir einn bát (í Stapa-lendingu).

Þar sem Stapa-á hefir nú um skeið fallið að nokkru leyti úr sínum aðalfarvegi neðanvert við Gildruhjalla í landi Svalbarðs, þá leyfir núverandi eigandi, Kristinn Jónsson, ábúanda Stapa, Eðvaldi Halldórssyni, að fella ána að öllu aftur í sinn forna farveg, að svo miklu leyti sem hans réttur til vatnsins nær þar til. Þó skal framkvæmd hagað svo, að sem minnstu tjóni valdi á landi Svalbarðs. Að öðru leyti ráða landamerki jarðanna eignar- og afnotarétti landsins vatnsins í ánni, samkvæmt gildandi vatnalögum

Jörðin Svalbarð skal hafa öll hlunnindi fyrir og á landi Svalbarðs, þó með þeirri undantekningu að reka á Svalbarð norður á Klettatanga sunnan við norðari Klifbás, svo sem áður segir.

Þar sem mótak er nú fundið í löndum beggja jarðanna, Stapa og Svalbarðs, þá fellur niður réttur Svalbarðs til mótekju í landi Stapa og réttur Stapa til mótekju í landi Svalbarðs.

Rétt til að bjarg reka á landi og afnot af landi til geymslu á því sem rekur, skal ábúandi Stapa hafa, að því er snertir reka fyrir Svalbarðs landi. Umferð allri við hirðingu reka og aðgang að lendingu skal hagað svo, að sem minnstum átroðningi valdi ábúendum.

Frá 1. nóvember 1946, hefir hver ábúandi um sig reka eftir samningi þessum, að öðru leyti öðlast samningurinn gildi þegar í stað.

Stöpum, 21. október 1946.

Eðvald Halldórsson

Kristinn Jónsson

Vottar:

Guðm. Arason

Ágúst Jónsson.

Lesið á manntalsþingi að Hvammstanga 29/8. 1947.

Guðbr. Ísberg.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



Nr. 14.939.

Örlygsstaðir II í Skagahreppi.

Við bræður, Björn og Rafn Sigurbjörnssynir, eigendur Hlíðar og 4/9. af Örlygsstöðum, lýsum því yfir að við skiptum þessari landeign okkar þannig, að Björn á Hlíðarland, en Rafn 4/9. úr Örlygsstaðalandi.

Þá lýsum við bræður því einnig yfir, og ég, Sigurður Björnsson, eigandi 5/9. úr Örlygsstöðum, að við erum því samþykkir að Rafn Sigurbjörnsson fái útskipt sem sína séreign landspildu, sem takmarkast af kennileitum þeim, er hér greinir:

Að sunnan frá sjó upp á Brekkubrún, ráði merki milli Örlygsstaða og Hofa, þaðan til norðurs að Dalalæk ráði Brekkubrúnin, en þaðan til sjávar ráði Dalalækur. Fjara sé óskipt, einnig fjörubeit, reki og veiði.

Til staðfestu framansögð eru nöfn vor, rituð í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Örlygsstöðum, 24. febr. 1965

Sigurður Björnsson

Rafn Sigurbjörnsson

Sigurður Björnsson Fh. Björns Sigurbjörnssonar, skv. umb.

Vottar:

Jón Gíslason

Gurid Björnsson

Lesið á manntalsþingi að Krókseli, 4. október 1965

Jón Ísberg



Nr. 15884.

Vatnahverfi í Engihlíðarhreppi

Afsal:

Ég undirritaður Rögnvaldur Ámundason, eigandi og ábúandi í Vatnahverfi, Engihlíðarhreppi, A-Hún. lýsi því hérmeð yfir með skjali þessu, að ég sel og afsala Þorsteini Sigurðssyni, Enni, landspildu vestan við Hólmavatn, norðan Skagastrandarvegur.

Breytast því landamerki á milli jarðanna og eru nú austur með Skagastrandarvegi í steiptan stein norðan vegar við Hólmavatn og vestur með Hólmavatni að línu, sem hugsast dregin úr landamerkjasteini í Réttarvatnsmýri í Laufskálanestá, þaðan beint í Laufskálanestá, svo sem áður var. Landspildu þessari fylgir ekki veiðiréttur í Hólmavatni.

Umsamið kaupverð er kr. 2.000,00 – tvö þúsund krónur – er að fullu greitt.

Vatnahverfi, 6/1 1967.

Rögnvaldur Ámundason

Vottar:

Frímann Hilmarsson

Guðrún Á. Blöndal.



Nr. 11814

Syðri-Ánastaðir í Kirkjuhvammshreppi

Landskipti,

á jörðinni Syðri-Ánastöðum í Kirkjuhvammshreppi í Vestur-Húnavatnssýslu.

Við undirritaðir, ég Þórhallur Jakobsson á Syðri-Ánastöðum og ég Ólafur Þórhallsson, sama staðar, höfum komið okkur saman um eftirfarandi landskipti á ofanefndri jörð:

Frá Selbrún og alla leið til sjávar ræður Litlaá merkjum. Fyrir sunnan nefnda Litluá, skal Ólafur hafa allt land til eignar og umráða, en fyrir norðan Litluá, skal Þórhallur hafa allt land til eignar og umráða.

Allt land Syðri-Ánastaða fyrir ofan Selbrún skal vera óskipt.

Syðri-Ánastöðum, 5. ágúst 1958.

Ólafur Þórhallsson

Þórhallur Jakobsson

Vitundarvottar:

Guðm. Jónsson

Jón Guðmundsson.

Þingl.gj.	kr. 25,00
Stimpilgj.	—
Samtals	kr. 25,00

tuttugu og fimm kr.

G.í.

Mótt. 12/9. 1958

Til Þinglestrar á næsta manntalsþingi

Skrifst. Húnavatnssýslu

d.k.b.

Guðbr. Ísberg.



N^o 16341.

Sauðadalsá í Kirkjuhvammshreppi.

Landskipti

Ég, Elín Davíðsdóttir, skipti þannig jörðinni Sauðadalsá milli sona minna, þeirra Gunnlaugs og Þormóðs Eggertssona, sama staðar, um leið og ég sel nefnda jörð og afhendi þeim til eignar og afnota samkvæmt útgefnum kaupsamningi og afsali þeim til handa, dagsettum nú í dag.

Landamerki séu milli landshluta þeirra bræðra þannig:

Frá sjó norðanvert við Stórasker svo sem heimreið stefnir í skarð á kletti þeim, er hæst ber á í klettabelti því, er liggur í suðaustur af fjárhúsunum og skal merkja hann með því að klappa á hann stafina L.M., og sú lína áframhaldandi austur að skurði þeim, er liggur til suðurs, vestanvert við flóa þann, er liggur suður frá hesthúsinu. Sá skurður ræður merkjum suður ræður merkjum suður að skurði þeim, er væntanlega verður settur þvert yfir flóann milli skurðanna í stefnu á einstakan klett, er stendur austanvert við skurðinn, er liggur í út og suður ofanvert við flóann. Sá skurður ræður merkjum í suðvestur í stólpa, er setja skal þar og merkja stöfunum L.M., 55 – fimmtíu og fimm – metrum norður frá horni því, er myndast, þar sem skurðurinn er tekin beint í vestur. Frá nefndum stólpa er merkjalínan beint í suðaustur í merkjavörðu, er stendur vestanvert í há Ás. Þaðan suðaustur sjónhending í vörðu, er stendur á einstöku holti norðaustur af Þramarholti. Frá þessari vörðu sjónhending á einstakan klett vestanvert í há Engjabrún. Frá þeim kletti sjónhending norðaustur í vörðu, er stendur norðanvert við Engjaflóa. Þá sjónhending til austurs um Þröskuld í Grunnaskarði, þar sem hann er lægstur.

Hlunnindi jarðarinnar skulu vera sameiginleg eign og óskipt, svo sem öll veiði, reki, lending, fjörubeit, fossar og námar þeir, er kunna að finnast í löndum jarðarinnar, eða hún hefir rétt til samkvæmt yfirlandskiptagjörð frá 30. júní 1925.

Ofanritaða landamerkjaskrá hefir seljandi jarðarinnar Syðri-Sauðadalsá selt og við kaupendur fallist á, og er jörðin okkur seld með þeim merkjum, svo sem kaupsamningur greinir.

Sauðadalsá, 5. júní 1947.

Elín Davíðsdóttir

Gunnlaugur Eggertsson

Þormóður Eggertsson

Vitundarvottar:

G.J. Jóhannesson

María Jónsdóttir.

Móttekið þ. 8/12 1967 til þinglýsingar á næsta manntalsþingi

Þingl.gjald kr. 50,00

Samtals kr. fimmtíu ⁰⁰/₁₀₀

Greitt.

Skrifstofa Húnavatnssýslu

A.J.

F.h.s. Ari Jónsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



N^o 16396.

Móberg í Engihlíðarhreppi.

Landskipti. –

Ár 1967, miðvikudaginn 12. júlí, voru undirritaðir, Jónatan J. Líndal hreppstjóri og Bjarni Ó. Frímannsson, oddviti, sem úttektarmenn hreppsins staddir að Móbergi, til þess samkvæmt beiðni, að athuga, glöggva sig á og gjöra tillögur um skipti á ræktuðu og ræktanlegu landi jarðarinnar Móberg milli eigenda hennar, Einars og Péturs Björnssona, sem eiga sinn helging af landi jarðarinnar hvor.

Hafði ráðunautur Guðbjartur Guðmundsson, samkv. beiðni, gjört lauslegan uppdrátt og mælingu á því landi, sem nú er búið að rækta og eins svokölluðum Móbergshólma, sem óræktaður er. Að öðru leyti liggur ekki fyrir um stærð óræktað lands, en ræktanlegs, sem lítið er.

Eftir mælingu Guðbjarts virðist að nú þegar sé ræktað land hjá Pétri 19,23 ha, en Einari 14,32 ha., þ.e. tæpum 5 ha. meira tún nú í rækt hjá Pétri.

Óræktað en ræktanlegt land er lítið og hefir ekki verið mælt, nema svokallaður Móbergshólmi að mestu. Er mældur hluti hans ca. 10 ha. Flokkast land þetta þannig:

1. Stykki norður á Hvamms- og Móbergsskriðu, sunnan Hvammsár, ofan vegar, norðan túns Péturs á Kjóavöllum. Grýtt en gróið skriðuland, erfitt í ræktun.
2. Smáblettur gróinn og mikið greiðfær, norðan Hvammsár neðan vegar, að Hvamms- og Móbergsmarkjum.
3. Kvíaból uppi á brekkunni ofan við bæ og peningshús. Gamalræktuð orflægja, grýtt og mjög erfið til vinnslu.
4. Áður umgetin Móbergshólmi ca. 10 ha. að stærð.
5. Dálítið svæði í Hvömmunum sunnan Móbergs, ofan túns Einars, allbrattar hálfdeigjur og mólendi, nokkuð erfitt til vinnslu og nota, bæði vegna grjóts og raka.

Eftir allmiklar umræður varð fullt samkomulag um þá tillögu úttektarmanna:

1. Tun það, sem þegar er í ræktað, haldist hluti hvors aðila eins og er (og verið hefir) með þeim mörkum, sem lögð eru til grundvallar mælingum og frumdrögum að teikningu Guðbjarts Guðmundssonar, sem fyrir liggur og áður getur.
2. Óræktaða ræktanlega lendið, er áður greinir, skiptist þannig: Pétur hafi lið 1. og 2. lið, en Einar liðina 3., 4. og 5.
3. Sandarnir milli Móbergshólmans (liður 4) og lands, svo og gróinn hólmi norðvestur af mælda Móbergshlutunum, nú fráskilinn með kvísl úr Blöndu, skulu vera óskiptir. En komi til um ræktunarmöguleika þess landsvæðis, hvort heldur er vegna varnargarða eða á annan hátt, þá skal skipta þessu landsvæði til helminga milli jarðarhlutanna. Fer þá eftir samkomulagi um afmörkun þess milli hlutaðeiganda.
4. Allt annað land og jarðarnytjar Móbergs til lands og til vatns skal vera eins og það hefir verið, óskipt, og miðast réttindi hlutaðeigenda til nota þess við að hvor aðili sé eigandi þess að hálfu.

Komi til að annar aðilinn hafi, til langframa, meiri not þessarar landeignar er hinn, þá sé leitast við að gjöra um það samkomulag, er í sér feli, annaðhvort eða bæði, að sá er meiri notin hefir, minnki þau, eða borgi mismuninn, nema hvortveggja komi til, enda sé þá önnur hvor háflendan ofsetin.



5. Leggi Eigandi Móbergshólmans (nú Einar) í verulegan kostnað til áhrifa á Blöndu, til öryggis ~~öryggis~~ og varnar Móbergshólmanum, en þær aðgerðir verði til þess, að liður 3. hér að framan komi til, skal eignaraðili hins hlutans (nú Pétur) borga hlutfallslega í þeim kostnaði, eftir því, sem hans not verða við það landnám.

D.u.s.

Einar Björnsson (sign.)

Pétur H. Björnsson (sign.)

B.Ó. Frímansson (sign.)

Jónatan J. Líndal. (sign.)

Með tilvísun og skírskotun til undirritaðs (og viðfest) lýsum við undirritaðir, Einar Björnsson og Pétur H. Björnsson, eigendur jarðarinnar Móberg í Engihlíðarhreppi, því hérmeð yfir, að við gjörum með okkur bindandi samning, sem er í öllum atriðum í samræmi við það, sem hér að framan er framtekið og gildir það sem samningur okkar í milli hér um.

Verður ekki hluti jarðarinnar, eða jörðin öll, seld eða leigð, án þess að fullt tillit sé tekið til þess samkomulags, nema nýr samningur komi til.

Gjörningi þessum sé þinglesið. Borgar hvor aðili kostnaðinn að hálfu. Skal hann ^{vera} í þrem samhljóða eintökum; skal hvor aðili halda einu, hið þriðja til innfærslu í veðmálabók sýslunnar.

Til staðfestu undirritum við nöfn okkar í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Móbergi, 14. júlí 1967

Einar Björnsson (sign.)

Pétur H. Björnsson (sign.)

Vitundarvottar:

Jökull Sigtryggsson

Árni Jónsson.



N^o 16277.

Neðri-Fitjar í Porkelshólshreppi.

og var gerð svofeld sátt:

Lína frá Dagmálasteini í stein á eyrunum, sem er á línu frá norðari endapunkti, sem er steinn vestan við ána nokkru fyrir norðan Neðri-Fitjar og í austari votheysturninum á Finnmörk og á línu úr Steinaborg í vörðu, sem verður hlaðin á ásnum vestan Fitjár. Þessi steinn er glögg merki eins og er, en getur raskast við landbrot. Úr þessum steini í fyrrnefndan stein vestan ár fyrir neðan Neðri-Fitja.

Aðilar eru sammála um, að veiðirétturinn verði áfram eins og hingaðtil miðaður við að áin renni á merkjum og hafi landbrot í aðra hvora áttina engin áhrif á hann.

Var matsmanninum Aðalbirni Benediktssyni falið að láta ganga frá vörðu þessari á ásnum vestan Fitjár.

Upplesið. Samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir.

Landamerkjadóminum slitið.

Jón Ísberg.

Björn Lárusson.

Aðalbjörn Benediktsson

Guðmundur Jóhannesson

Jóhannes Árnason

Árni S. Guðmundsson.

Rétt endurrit staðfestir:

Skrifstofu Húnavatnssýslu, 15/9. 1967.

Sign. Jón Ísberg.

Stimpill.

Lesið á manntalsþingi að Víðihlíð 14/8 1968.

Jón Ísberg



N^o 16655.

Kolugil í Porkelshólshreppi.

Landamerkjabréf

fyrir jörðinni Kolugil í Porkelshólshreppi, Vestur- Húnavatnssýslu.

Að norðan ræður hinn Ytri-Króklækur, þar sem hann fellur í Kolugljúfur. Þaðan bein sjónhending í flatan stein, sem er beint í suður frá Kirkjusteini, 40 faðma fyrir sunnan Kirkjusteinslæk, og er steinninn merktur L, á miðjum steini. Úr steini þessum bein sjónhending í vörðu, sem Skessa heitir.

Úr Skessu bein sjónhending í Syðra-Gjárhögg, og svo Klettaröðullinn sunnan við gjána austu í háfjall. Þaðan háfjallið suður til móts við upptök Skriðulæks.

Að sunnan ræður Skriðulækur ofan fyrir brún, eða þar til gilið byrjar neðan frá, þaðan frá gilinu neðst, í norður, sjónhending í stein, sem er norðanhallt á hryggnum, beint upp af miðju túninu, og er steinn þessi merktur L. Þaðan bein sjónhending úr suðurbrún steinsins, ofan túnið, í miðja heimreiðina fyrir utan og neðan í íbúðarhúsið á Syðra-Kolugili, þá ræður heimreiðin ofan að Víðidalsá. Að vestan ræður Víðidalsá, út að áður nefndum Króklæk.

Kolugili, 9. marz 1950

Björn Gunnlaugsson

Páll V. Guðmundsson

Agnar Gunnlaugsson

Gunnlaugur J. Auðunn

Ingvar Gunnlaugsson

Lesið á manntalsþingi að Víðihlíð, þ.14/8. 1968

Jón Ísberg



N^o 16876.

Lækjamótmót og Þórukot í Þorkelshólshreppi.

– Landamerki –

Við undirritaðir Sigurður J. Líndal, eigandi Lækjamóts og Pétur Daníelsson, eigandi Þórukots, gjörum með okkur svofellt

Landamerkjabréf.

Landamerki á milli Þórukots og Lækjamóts afmarkast af framræsluskurði, sem liggur frá Víðidalsá, eða nánar tiltekið syðst úr Kælir og upp sunnan við Hádegissteina og síðan beina stefnu, sem skurðurinn segir til um og í Merkjagil neðst, þar sem nokkur urð er neðst við gilið. Síðan ræður Merkjagil til hafjalls.

Þessu til staðfestu undirrituð nöfn okkar í viðurvist vitundarvotta.

Lækjamóti, 27. nov. 1968

Sig. J. Líndal

Pétur Daníelsson

Vitundarvottar:

Helgi Axelsson

Baldur Skarphéðinsson



N^o 16323.

Ás II í Áshreppi. – Landamerki.

Afsal.

Land þetta, sem lagt verður til stofnunar nýbýlisins Áss II, er að hluta úrskipt með eftirgreindum landamerkjum:

Að vestan ræður þjóðvegur frá þinglýstum mörkum Brúsastaða og Áss að heimreiðarhliði í Ási.

Að sunnan ræður heimreiðin mörkum frá hliðinu heim að fjósi, og hafa bæði býlin, Ás I og Ás II, samnot heimreiðarinnar. Frá markapunkti við fjósið ræður bein lína í austur í Arnarnöf. Úr Arnarnöf liggja merkin beina sjónhendingu í Vatnsdalsá, móts við hornmark milli Kötlustaða og Gilár, og er sett hornmerki þar á vesturbakka árinna. Frá því hornmerki ræður Vatnsdalsá mörkum fyrir landinu að austan að landamerkjum Brúsastaða og Áss, að fyrstnefndu marki við þjóðveg.

Þá fylgir býlinu úrskipt ofan við þjóveg og aðliggjandi að honum svokölluð Kúagirðing, sem er landspilda, afmörkuð á allar hliðar með girðingu.

Allt annað land ofan þjóðvegar upp af úrskiptu landi Áss I og Áss II, er í óskiptri sameign beggja jarða og fylgir Ási II að 1/3 hluta.

Veiðiréttur í Vatnsdalsá er óskiptur og fylgir að 1/3. hluta Ása II.

Ási 15/10 1969

Guðmundur Jónasson

Ingunn Guðmundsdóttir.

Lesið á manntalsþingi að Ásbrekku þ. 15/8. 1968

Jón Ísberg.



N^o 17264.

Landamerkjaskrá

fyrir jörðinni Svínavatn í Svínavatnshreppi með Kárastöðum liggjandi í Svínavatnshreppi í Húnavatnssýslu.

Að norðan millum Svínavatns og Sólheima, eru merki þessi: – Gamalt garðlag neðan frá vatni upp á milli hinna svonefndu „Garðshóla“, hinn neðri endi garðlags þessa er norðan á holti, er stór steinn stendur neðanvert við, nállega á vatnsbakkanum, en hinn efri endi garðlagsins er við suður jaðar holts þess, er syðsti Garðshóllinn er á. Þaðan ræður bein stefna í uppsett merki á horn því norðan við „Breiðarnar, sem næst er fyrir sunnan „Stórahorn“. Þaðan bein stefna upp á hálsinn í “Bræður”, þ.e. 2 stóra steina eða Klofastein fyrir austan „Lönguflá“. Frá Bræðrum ræður bein stefna í útnorður yfir suðurenda „Ásaskarðs“, í vörðu á „Illufláarás“, og sama stefna áfram í aðra vörðu, sem er beint vestur undan vörðu á Hrafnaklettum, þar sem þeir eru hæstir. Frá vörðu þessari ræður merkjum millum Svínavatns- og Áslands bein lína austur í áður nefnda Hrafnaklettavörðu, þaðan sama bein lína í uppsett merki sunnanvert við holtið, er „Ása-sjónar-hóll er á, og enn sama merki stefna um uppsett merki, ofar en í miðri „Landamerkjálá“ allt austur í upphlaðið merki ofar en í miðri á bakkanum við Blöndu, spölkorn fyrir norðan flóðgarðinn, er hlaðinn hefir verið sunnanvert við landamerkjálágarinnar neðri enda.

Að austan ræður Blanda, hin austasta og stærðsta kvísl hennar, á Svínavatn alla hólmana, nema hinn syðsta og austasta, er Æsustaðir eiga. Að sunnan, millum Svínavatns og Tunguness, eru þessi merki: Upp frá Blöndu hið svonefnda „Merkjagil“ eða djúpur skurður upp í brekkubrúnir, úr efri enda þess ræður bein stefna upp í vörðu syðst á „Stóratagli“, og þaðan sama stefna í vörðu, er stendur á Ásbrúninni fyrir austan „Dagmáladrang“, norðanvert. Frá hornvörðu þessari suður yfir hinn nyrðri enda Sjónarhólsdalsins beinleiðis í „Sjónarhól“ fyrir austan dalinn, frá Sjónarhól suður í vörðu á miðjum „Múlaendanum“, þar sem Svínavatns, Tunguness og Ytri-Löngumýrarlönd mætast. Frá vörðu þessari eru merki milli Svínavatns og Ytri-Löngumýrar bein lína í uppsett merki á Múlabrúninni og í Skollhól, og þaðan sama stefna niður í landssuðurhorn „Múlatjarnarinnar“. Millum Svínavatns og Stóradals ræður „Illakelda merkjum. Rennur hún úr sunnanverðri tjörninni að vestan í útnorður skammt fyrir austan melhrygg þann, er gengur norður af Stóradalshálsinum, en er kemur norður fyrir enda hryggs þessa, beygist hún vestur á við, þar til hún rennur út lágflóann norður í Vatnsvík. Að vestan ræður Svínavatn.

Auk þess á Svínavatn selstöðu á Sléttardal vestan árinna í Auðkululandi borgunarlaust. Engar jarðir eiga ítök í Svínavatns- né Kárastaða-landi. Kirkjan á Svínavatni á 1/16 hluta í Spákonuarmi.

Svínavatni, 14. maí 1890.

Helgi Benediktsson (sign) eigandi Svínavatns og Kárastaða.

Framanrituðum landamerkjum eru vjer, sem lönd eigum að nefndri jörð, samþykkir.

Guðmundur Erlendsson (sign.) Eigandi Tunguness og Æsustaða.

Guðm. Klemensson (sign.) Eigandi Tunguness.

Pálmi Jónsson (sign.) Eigandi Ytri-Löngumýrar.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Ingibjörg Guðmundsdóttir (sign.) Elísabet Erlendsdóttir (sign.) Ragnheiður Erlendsdóttir
(sign.) Allar eigendur Tunguness,
I. Salome Þorleifsdóttir (sign.) vegna Stóradals.
Ingvar Þorsteinsson (sign.) vegna Sólheima.
Innfært 16/10 1969.



N^o 18045.
Landamerkjaskrá

fyrir Þjóðjörðinni Orrastaðum í Torfalækjarhreppi

Að sunnan frá Laxárós við Svínavatn og sem það ræður vestur á mots við Jörundarþúfu, frá henni til útnorðurs, eftir þeirri línu sem vörður benda til í vörðu sem er í miðjum Álptanga, sem nu er að nokkru leiti orðin hólmi norðan til í lægð þeirri þar sem áður var Torfavatn, frá Álptatangavörðu beint í Kelduós er fellur sunna í Deildartjörn. Frá henni að norðan ræður Deildarlækur er skilur lönd Orrastaða og Hurðarbaks til Laxár neðri, ræður þá áin og vatnið suður til Vatnslágar. Norðan við Vatnslagar þessar er einkennilegur hóll með þúfu á. Frá Vatnslag eður hólnum gengur merkjalína milli Hamrakots og Orrastaða beint suður í vestasta smáhól sem einkenndur er með grjótvörðu, og er fyrir sunnan og vestan Hamrakot. Frá smáhól þessum til landsuður yfir syðri endann á Langakletti í Lómaklett og þaðan beint í steina tvo sem eru norðan í holti fram og austur undir Laxá fremri og kallaðir eru Bræður. Frá Bræðrum niður til Laxár, ræður þá hún og hennar forni farvegur að austanverðu fram til Laxársóss eður Svínavatns.

Hvammi 25. apríl 1884.

B. Blöndal umboðsmaður Þingeyrarkl. jarða

Ósamþykktur

J. Jónatansson

Samþykktur á milli Orrastaða og Tinda

Jónas Erlendsson.

Þinglýst 16/4 1971



N^o 18610

Mýra II í Ytri-Torfustaðahreppi

Landamerkjabréf.

Býlið er nýbýli úr landi Mýra og eru landamerki eins og nú skal greina.

Að sunnan ræður skurðgröfuskurður, sem núverandi landamerkjagirðing milli Mýra II og Mýra III liggur meðfram. Úr austur enda hans ræður bein lína í miðjan Einbúa á merkjum Mýra og Svertingsstaða. Að austan úr Einbúa í horn þar sem núverandi girðing á mörkum Mýra og Mýra II og Svertingsstaða er.

Að norðan úr fyrgreindu horni í Tjóðurhól miðjan og í girðingarhorn norðaustur af fjósbyggingu á Mýrum II. Ræður þaðan nuverandi girðing í horn norðvestan við áðurgreint fjós, skálina suðvestur í hlið við þjóðveg á merkjum Mýra og Mýra II, þaðan í læk í suðausturhorn skriðu.

Þaðan ræður Bæjarlækur 18m. uppfyrir fjóshlöðu á Mýrum II. Svo bein lína í skurð 30m. ofan við suðurhorn fjárhúsa á Mýrum. Þaðan í suðurenda skurðar neðan fjárhúsa Mýrum, eins og núverandi girðing er norður í Melhlíð, þaðan bein lína um Melþúfu til sjávar, sunnan Giljatungna.

Hlunnindi úr sjó og fjara allra þriggja Mýrajarða er sameiginleg og sameign þeirra að jöfnu.

Gjört að Mýrum með undirskrift eiganda Mýrajarða 1 apríl 1972

Páll Stefánsson eigandi Mýra

Böðvar Sigvaldason eigandi Mýra II

Guðm. Karlsson eigandi Mýra III

Stefán Ásmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Vottar

Helga Stefánsdóttir

Benedikt Guðmundsson



N^o 18651

Landamerkjaskrá.

Fyrir Beinakeldu II við Beinakeldu I og Stóru-Giljá.

Norður frá Beinakeldu er foss í Þúfnalæk ca 50m. Þar neðar lá hin forna Svínvetningaleið yfir lækinn, þaðan liggja merki til suðurs í stein norðan í Hesthúshól, þaðan í suðv. sem gamall túngarður liggur í stein við gömlu heimreiðina að Beinakeldu, þaðan til suðurs að heimreiðinni sem löggð er frá ~~nýju~~ hinni nýju Reykjabraut, síðan ræður heimreiðin að bænum 5 m. sunnan og austan við húsið, og áfram eftir mölborinni götu til austurs um brú á Húsadalslæk, á milli húsa Beinakeldu I og II á Hlíðhól norðan Geitatjarnar. Þarna á Beinakelda I 5 ha. tún norðan umgetinnar merkjalínu.

Frá Hlíðhól miðjum eru merki í sjónhending í lág Helluvörðuflóa og Þúfnalækjardrag suður frá Miðholtsbungu, þaðan í strítulaga klofinn stein á há Helluvörðuás norðan Helluvörðu, þaðan bein sjónhending austur í girðingarhorn þar sem lönd Meðalheims, Reykja og Beinakeldu koma öll saman.

Til staðfestu þessari skrá að hún se rétt og viðkomandi eigendur að fullu og öllu sammála henni. Ritum við nöfn okkar í tveggja votta viðurvist.

Beinakeldu 4 júní 1972

Ingibjörg Eysteinsdóttir Eigandi Beinakeldu II

Erlendur Eysteinson Eigandi Beinakeldu I og Stóru-Giljár

Vottar

Haukur Pálsson

Páll Þórðarson



N^o 12699.

Landskiptagjörð.

vegna Bjarga í Skagahreppi

Ég Sigmundur Benediktsson eigandi jarðarinnar Björg að ½ og ég Jón Ólafsson eigandi sömu jarðar að 3/8, og Kristján Sigurðsson eigandi sömu jarðar að 1/8, gjörum með okkur svofelldan landskiptasamning. Land Jóns takmarkast frá sjó, að norðan af skurði norðan við Jónstún og afram sömu stefnu að túngirðingu við heimatún. Í túninu skulu merki haldast er verið hafa og auðkend eru með merkjahælum. Sunnan Jónstúns við sjóinn er túnspilda sem er eign Jóns og Kristjáns og skulu þar á milli haldast þau merki sem nú eru og auðkend eru með merkjahælum.

Austan við heimatúnið er nýþornaður tjarnarbotn, sem skiptist eftir eignarhlutföllum ^{og} merktur er með hælum. Réttur til að nitja kálgarða þá sem nú eru skal vera sá sami og að undanfögnu.

Frá suðausturtúnhorni ræður upphlaðin heybandsvegur yfir mýrarsundið að brekku og í vörðu á brúninni þar yfir, þaðan beina stefnu í vörðu við norðursenda á dragi því er liggur norður frá neðri Taglatjörn og þaðan í vörðu á austanverðum Ferðamannaás þaðan til suðurs í vörðu á suðausturverðu Ferðamannaás, þaðan í vörðu við vaðið á Leggjabrjót og þaðan í vörðu við Vaðmó. Frá henni til vesturs að vörðu er heita skal Hornvarða, og þaðan til suðurs í vörðu við Fossá. Sunnan línar frá Hornvorðu til austurs að Fossá er hluti Sigmundar og Kristjáns úr Vaðmó. Að sunnan ræður Fossá merkjum til sjávar.

Land Sigmundar og Kristjáns takmarkast að norðan af þinglesnum merkjum milli Bjarga og Sviðnings meðfram girðingu að Öfuguggavatni, og yfir vatnið sömu stefnu á vörðu á Vægilsborg, þaðan í vestanvert Klyftavatn. Úr því sunnan vert við Lækjaós beina stefnu í vörðu austan á Ferðamannaás vestan við Neðri-Krika og þaðan til suðurs að landi Jóns í vörðu austan á Ferðamannaás. Þaðan til sjávar ræður lína sem áður er lýst við norðanvert Jóns landi. Slægjur á svonefndu Klyftasundi eru heimillar Jóns parti, en hinsvegar óheimilt að verja það á nokkurn hátt.

Engjaveginum upp frá túninu sunnanverðu ber aðilum að halda við eftir eignahlutum í jörðinni.

Gata frá túnhliði suðaustanverðu heim að bæ, skal vera opinn og öllum heimil. Af þessari götu, sunnanbæjar skal vera heimill akvegur ofan á tún Sigmundar.

Fyrir austan merki er nú hefur verið lýst hafa enn ekki verið gerð fullnaðar skipti á landi jarðarinnar. Hlunnindum sem umgetur í Landskiptalögum frá 1941 3gr. er oskift.

Nauðsynlegir engjavegir og aðgangur að hlunnindum jarðarinnar eru ábúendum hennar heimil til afnota. Nauðsynleg torfrista á hey og mó er gagnkvæm.

Gjört að Björgum í Skagahreppi 13 sept 1960

Sigm Benediktsson

Jón A Ólafsson

Kristján Sigurðsson

Vottar

Sigfús Þorsteinsson

Fanney Halldórsdóttir



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Lesið á manntalsþingi að Króksseli þ. 23/8. 1961
Jón Ísberg



Nr 18689.

Yfir lýsna um landamerki milli jarðanna Austurhlíðar og Eyvindastaða í Bólstaðahliðarhreppi

Við undirritaðir eigendur jarðanna Austurhlíðar og Eyvindarstaða í Blöndudal í Bólstaðahliðarhreppi A-Hún, höfum endanlega komið okkur saman um ný landamerki á milli jarðanna og erum búnir að koma upp girðingu á nýju landamerkjunum. Landamerkin eru staðsett samkvæmt matgjörð Péturs Sigurðssonar, hreppstjóra, Skeggstöðum og Guðmundar Tryggvasonar, Finnstungu, sem gjörð var 15 júní 1972. Mæld var 810 metra breið spilda norðan af Eyvindarstaðalandi. Spilda þessi nær ofan að túni, en síðan krækt norður fyrir túnstykki, merkt nr. 2 á túnmælingakorti Eyvindastaðatúns og þaðan bein lína ofan í Blöndu.

Eldri landamerki milli jarðanna falla úr gildi við undirritun þessa samnings og nýju landamerkin ganga í gildi um leið.

Blönduósi 4 september 1972

Friðrik Brynjólfsson

Bjarni Sigurðsson

Vottar

Ari Jónsson

Karl Helgason

Lesið á manntalsþingi að Húnaveri þ. 31/8. 1973

Jón Ísberg



Nr 14850
Landskiftagiörð.

Jarðarinnar Miðhóp í Þorkelshólshreppi

Við undirritaðir, Benedikt Axelsson og Jón E. Kristjánsson eigendur jarðarinnar Miðhópi Þorkelshólshreppi höfum höfum komið okkur saman um eftirfarandi skifti á landi jarðarinnar vestan og norðan Þjóðvegarins. Landinu er skift með beinni línu úr Hópinu um vörðu norður undir Hópi, 68m austan við gamlar heygarðsrústir í vörðu á bakka túnskurðarins og ~~sem~~ eru 250 m. frá henni að rafveitustaur er stendur upp undir brekkunni. Úr þeirri vörðu beina línu yfir nuverandi tún í símastaur sunnan og neðar íbúðarhúss, þaðan í heimreiðina miðja vegu milli hliðs og bæjar, þá ræður heimreiðin merkjum suður að túngarði, þá túngarðurinn og stefna hans upp í Þjóðveg og Þjóðvegurinn úr því í Gljúfurá. Landið vestan nefndra línu línu kemur í hlut Jóns Kristjánss en austan hennar í hlut Benedikt Axelssonar.

Það sem túnið er stærra er 3.5 h.a. sem kemur í hlut Jóns Kristjánssonar við skifti þessi skal hann skila Benedikt fullræktuðu í hans landi er ástæður leifa. Afnotarétt af stærðarmismuninum hefur Benedikt þangað til.

Annað land jarðarinnar er óskift svo og öll hlunnindi.

Miðhópi 30 sept. 1964

Benedikt Axelsson

Elínborg Ólafsdóttir

Jón E. Kristjánsson

Margret Björnsdóttir

Vottar

Árni Sigurðsson

Reynir Hallgrímsson

Lesið á manntalsþingi Víðihlíð 7. okt 1965

Jón Ísberg



Nr 19601
Landskiptasamningur

Þar sem jörðinni Hvammi í Áshreppi, A-Húnavatnssýsl hefur verið skipt í tvær sjálfstæðar jarðir (hellingaskipti) gerum við undirritaðir eigendur og ábúendur þessara jarða, sem eru: Hvammur I Reynir Steingrímsson og Hvammur II Hallgrímur Guðjónsson, með okkur svofelldan

Landskiptasamning.

1. grein.

Landskipti þau á ræktuðu og ræktanlegu landi er gerð voru 22. okt. 1955, og færð eru inn í Landskiptabók sýslunnar, skulu standa óbreytt.

2. grein.

Hvammur 1 (R.S.) skal hafa eftirtalið land:

- a. Land alt milli Þjóðveggar og Vatnsdalsár, frá landamerkjum Hvamms og Eyjólfstaða og Engjavegi.
- b. Land allt frá Matarsteinum (í syðriurð) austan vegskurðar, jarðaskurðar og Hvammstjarnar, að landamerkjum Hvamms og Hjallalands. Austurmörk þess se Hjallabrún.
- c. Land vestan jaðarkurða. Suðurmörk þess er girðing og væntanlegur skurður úr Hólmakvísl í jaðarskurð. Að vestan eru merki þess lands úr Hólmakvísl norður milli Jónasarhólma og Syðri miðhólma, um Miðhólmaþýfi og síðan austur Langabak að landmerkjum milli Hvamms og Hjallalands. Nánar verða þessi merki ákveðinn væntanlegum skurði.
- d. Afgirt land í fjallinu austan Þjóðveggar, norðan Einbúagils, svo sem girðing nú liggur ofan við Olnbogalaut, norður fyrir Bæjargil og heim í tún

3. grein.

Hvammur 2 (H.G.) skal hafa eftirtalið land:

- a. Alt land norðan Engjavegar, vestan vegskurðar og jaðarskurðar að merkjum Hvamms 1, sbr gr 2 lið C, og vestan þeirra að landamerkjum Hvamms og Hallalands. Vesturmörk þessa lands er Vatnsdalsá.
- b. Land austan Þjóðveggar svo sem landamerki Hvamms og Eyjólfstaða ráða að Skinnhúfuklettum og þaðan í Einbúagil og vestur í túngirðingar.
- c. Afgirt land í fjallinu austans túns og Þjóðveggar, norðan við lands Hvamms 1, sbr. grein 2 lið d, svo sem girðing nú ræður úr túni í Gedduhrygg. Þaðan ræður Hjallabrún að merkjum Hvamms 1, sbr gr 2 lið c (Matarsteinn)

4 grein

Annað land jarðarinnar þ.e. Hjallinn og efrihluti fjalls, land meðfram heimreið, og annað land jarðarinnar er kynni að hafa orðið utan við þessi skipti, skal vera beggja eign svo sem verið hefur.

5 grein



Hvammur 1 skal hafa umferðarétt um land Hvamms 2 meðfram Vatnsdalsá, vegna heyskapar á Norðurengi (sbr gr 2c) en valda skal hann sem mynstum spjöllum vegna þess.

6 grein

Viðhald landamerkjagirðinga aðliggjandi jarða annast hvor aðili fyrir sínu landi, en Engjavegs (sbr. gr. 2 og 3 lið a) frá þjóðvegi að Vatnsdalsá, skal viðhaldið af báðum aðilum.

7 grein

Hlunnindin af lax silungsveiði skulu skiptast að jöfnu svo sem verið hefur. Einnig skal Hvammstjörn vera sameign beggja.

8 grein

Grjót eða önnur jarðefni, sem seld kunna að vera af jörðinni, skulu vera eign beggja jarðanna að jöfnu.

Hvammi 9 júlí 1973
Reynir Steingrímsson
Hallgrímur Guðjonsson

Vitundarvottar
Ólafur Magnússon
Guðbjartur Guðmundsson jarðreklakráðanautur B.S.A.H.

Lesið á manntalsþingi að Ásbrekku 19
Jón Ísberg



Nr 20603

Afrit af úttekt og mati á landspildu úr landi lögbýlisins Bjargshóls í Fremri-Torfustaðahrepps í Vestur-Húnavatnssýslu.

1. Hið úrskipta land takmarkast af þjóðvegi að austan, sláttulag að sunnan, merkjum milli Bjarghóls og Brekkulækjar að vestan og Landamerkjarlækjar að norðan. Samkvæmt mælingu mun 1/3 hluti árinna að vegalengd til, tilheyra hinu úrskipta parti en hið úrskipta land því sem næst 1/10 hluti af Bjarghólslandi.
2. Samkvæmt framanrituðu mun virðingaverð landsins vera kr. 10,000,00 en hlunnindamat kr 22.000,00

Var virðingagjörð svo lokið
Bjargshóli 14 nóv 1974
Ragnar Benediktsson (sign)
Ólafur Valdemarsson (sign)
Jónatan Daníelsson (sign)

Rétt afrit staðfest
Barkastöðum 4 des 1974
hreppstjóri Fremri-Torfustaðahrepps
Ragnar Benediktsson



Nr 7791

Landspilda seld úr landi Reykja í Torfulækjarhrepps.

Ég Páll Kristjánsson bóndi á Reykjum í Torfulækjarhreppi í Húnavatnssýslu geri með bréfi þessu kunnugt að ég sel og afsala til bræðranna Sigurðar Erlendssonar og Jóhannesar Erlendssonar bænda á Stóru-Giljá, landspildu úr landi eignajarðar minnar Reykja og nær hún frá merkjum milli Stóru-Giljár og Reykja að þeim merkjum er hér greinir:

Frá næsta hól fyrir vestan Torfavatn á landamerkjum milli Hælis og Reykja, beina stefnu á vörðubrot á Dýshól, þaðan í tvo, stóra steina við girðinguna norðan í Reykjanibbu. Frá þeim í há Reykjanibbu og svo eftir fjallsegginni eins og vatn rennur á landamerki milli Mosfells og Reykja, samkvæmt veðbandalausnum frá Búnaðarbanka Íslands dags. 30 júlí s.l., og hreppsnemd Torfulækjarhrepps dags 26 ágúst s.l.

P.t. Stóru-Giljá 5 sept. 1940

Páll Kristjánsson

Sigurður Erlendsson

Jóhannes Erlendsson

Vitundarvottar

Októvía Jónasdóttir

Steinunn Valdimarsdóttir

Móttekið þ 31/10 1940 til þinglesturs a næsta manntalsþingi

Skrifstofa Húnavatnssýslu

Guðbr Ísberg

Þingl og stimpilgjald

Kr. 8,40, + kr. 56,00

Samtals kr. 64,40

Sextíu og fjórar krónur ⁴⁰/₁₀₀

Greitt

G. Ísberg



Nr 21073
Landamerkjabréf

Höskuldsstaða og Ytrahóls um landamerki sem hér segir:

Úr Arnarstapa við sjó um merkjastein í miðjan Hrafnanúp (eða í Hrafnaklett) um Rjúpnakinn í Kaldalæk, er rennur ofan í kvíslina á Sléttárdal.

Höskuldsstöðum 4.7. 1075.

Framanskrifaðri landamerkjaskrá erum við undirritaðir samþykkir fyrir

Höskuldsstaði Kristján Sigurðsson (sign)

Ytrahól Björn Jónsson (sign)

Móttekið þ 8/7 1975

Til þinglýsingar á næsta manntalsþingi

Þinggjald kr. 80.-

Stimpilgj. –

Samtals kr

Krónur fimmtíu ⁰⁰/₁₀₀

Skrifstofa Húnavatnssýslu

Karl Helgason (sign)



Nr 21920
Landamerki

fyrir jörðinni Hamrakoti í Torfalækjarhreppi.

Landamerkjalinan að sunnan, er úr Bræðrum við Lagsá vestur í Einbúa við Lómatjörn, og svo þaðan bein sjónhending upp í Stóraklett (svokallaðan), úr Stórakletti gengur merkjalínan úteptir neðanvert við Þúfukot og svo þaðan bein lína út í Deildarlæk móts við Skorpuþúum (svokallaða), í Hurðarbakslandi liggur svo merkjalínan þaðan til Ytri-Lagsár eptir Deildarlæk, þaðan ræður merkjum frameptir að austan fyrst Ytri-Lagsá og svo fremri-Lagsá, fram að Bræðrum.

Kagaðarhóli, 20 maí 1890.

J. Jónatansson (sign) eigandi 2/3 jarðarinnar

Stephan Jónsson (sign) eigandi 1/3 jarðarinnar

Eigandi Orrastaða neitar

Guðrún Erlendsdóttir (sign)

Þlgj. 500.-

Mótttekið til þinglýsingar á næsta manntalsþingi 23/6 1976

Vottar

Karl Helgason

Ftr.



Nr 21987
Landamerkjaskrá
jarðarinnar Efri-Mýrar í Engihlíðarhreppi.

Þessi voru landamerki jarðarinnar Efri-Mýrar í Engihlíðarhreppi. Að austanverðu, gagnvart Mýrum hinum neðri, ræður Kistulág framan í Mýrafjalli og bein lína úr henni í tvo steina á fjallsbrún og þaðan bein lína í Strýtuhol á Nónhrygg og þaðan svo langt fram sem vötn draga. Þaðan liggja merki til vesturs fyrir framan Mýrarlækjardrög og beint í Grundarlækjarskarð. Þá ræður Grundarlækur gengt einstökum, einkennilegum melhól, er nú nefnist Einbúi, spölkorn norður frá læknum, um það leyti er hann beygir í suður. Síðan ræður bein stefna til norðurs gengt neðanverðum Langahól í upptök Kaldbakslækjar. Þá ræður Kaldbakslækur norður gengt landamærum Kúskerpis og Lækjardals hins efra, nálægt því er bugða kemur á lækinn (bil) frá norðri til norðvesturs. Þaðan ræður bein lína í Klofastein, í flóanum milli Lækjardals hins efra og Mýra hinna efri, er eigi sést fyrr en hallar af Lága-Kaldbaki, en hann er beina stefnu frá landamærum Kúskerpis og Lækjardals hins efra, miðað efst í Rauðamel norðan Laxár í brekkunum sunnan fram við Hólsgil (Syðra Hólsgil). Úr Klofasteini liggja merkin réttisýnis í Miðholt eða öðru nafni Litlaholt og þaðan sömu stefnu í Laxá. Þá ræður Laxá merkjum upp að Haugavatnskelduósi. Úr Haugavatnskelduósi ræður svo bein lína í fyrrnefnda Kistulág.

St. Efri-Mýrum 1.5. 1976.

Sigurður H. Þorsteinsson (sign.) vegna Úlfagils

Friðgeir Kemp (sign.) Efrilækjardal

Garðar Stefánsson (sign.) Kúskerpi

Sveitastjóri Blönduósshrepp Einar Þorláksson (sign.) Vatnahverfi

Frímann Hilmarsson (sign.) Breiðavaði

Valgarður Hilmarsson (sign.) vegna Mýrakots

Svavar Sigurðsson (sign.) Síðu

Hallgrímur Einarsson (sign.) Neðri-Mýrum

Guðm. M. Einarsson (sign.) Neðri-Mýrum

Björn Gunnarsson (sign.) Efri-Mýrum

Snorri Bjarnason (sign.) Sturluhóll

Móttækið til þinglýsingar á næsta manntalsþingi 7/7 1976

Vottar

Karl Helgason, ftr.



Nr 21988

Endurrit úr landskiftabók fyrir Engihlíðarhrepp.

Ár 1976, þriðjudaginn 6. júlí, komu eftirtaldir menn saman að Sturluhóli til að ákveða landamerki og skipta beitilandi milli býlanna Efri-Mýra og Sturluhóls, samkvæmt ósk ábúenda og eigenda nefndra jarða, þeirra Snorra Bjarnasonar, Sturluhóli og Björns Gunnarssonar, Efri-Mýrum. Sigurður Þorbjarnarson, hreppstj. Geitaskarði, Valgarður Hilmarsson, oddviti, Fremstagili, og Runólfur Aðalbjörnsson, hreppsnefndarm. Hvammi. Líka var mættur Guðbjartur Guðmundsson, Ráðunautur, svo báðir landeigendur.

Fóru þessir menn allir á merki Efri-Mýra til að glöggva sig á landstærð og landgæðum, en Sturluhóll, sem er nýbýli, byggt úr Efri-Mýrarlandi, á samkv. afsali 1/3 einn þriðja af beitilandi þeirra jarða, en ræktuðu landi er þegar skift. Fyrir lágu landamerkjabréf fyrir Efri-Mýrar og þær jarðir sem að liggja og eru þau merki óumdeild, einnig lá fyrir loftmynd (af svæðinu) af landsvæðinu.

Samkomulag varð um eftirfarandi merki og skiptingu lands: Lína úr suðausturtúnshorni Sturluhóls, við enda vegar til suðurs í ferkantaðan stein merktan með krossi. Steinninn er í melhrygg vestan Mýrargils. Þaðan lína í suðvestur í Fjárnvörðu (grjótvörðubrot) á stökum mel. Úr fjárnvörðu lína til suðvesturs í Kaldbaksveg, þar sem hann liggur yfir Kaldbakslæk, skammt norðan Langhóls.

Fellur Sturluhólslandið norðan og vestan greindrar línu. Vegna nytja Ræktunarlands hefir Efri-Mýrabóndi rétt til að fara af Laxárdalsvegi um ræktaða sléttu er Sturluhóli tilheyrir við merkin milli Sturluhóls og Efrilækjardals.

Samþykkir framanritaðri gjörð:

Sigurður Þorbjarnarson (sign.)

Valgarður Hilmarsson (sign.)

Runólfur Aðalbjörnsson (sign.)

Guðbjartur Guðmundsson (sign.)

Eigandi Sturluhóls, Snorri Bjarnason (sign.)

Eigandi Efri-Mýra, Björn Gunnarsson (sign.)

Rétt undirrit staðfestir,
skrifst. Húnavatnss.,
Karl Helgason, ftr.

Mótttekið til þinglýsingar á næsta manntalsþingi 7/7 1976
Vottar
Karl Helgason, ftr.



Nr 22117

Yfirlýsing um skipti Neðri lækjardalslands milli Sölvabakka og Efrilækjardals voru hinn 19. ágúst 1976 ákveðin þessi:

Ræktað land.

Skilin séu um gamlan lækjarfarveg (gil) er liggur til vesturs frá Skagastrandarvegi milli bæjarhúsa og fjárhúsa og að brekkubrún þeirri, er bæjarhús standa á. Þaðan til norðurs eftir gamalli niðurgrafinni heimreið að túngirðingu. Efrilækjardal falla túnin sunnan lækjarfarvegar (gils) og vestan gömlu heimreiðarinnar, en Sölvabakka norðan lækjarfarvegar og austan gömlu heimreiðar. Túnsléttur austan Skagastrandarvegar, norðan lækjargils falla Efrilækjardal.

Beitiland.

Skilin séu frá punkti í merkjum austan gömlu heimreiðarinnar, þar sem hún kemur norður úr núverandi túni og þaðan sjónhending í miðjan efri Laxastigann á Laxá á Refasveit. Sunnan túns séu merkin úr háhorni Votulágar, skammt sunnan og neðan Neðrilækjardalstúns í gamalt brúarstæði yfir Dalalæk neðan Neðrilækjardalstúns. Núverandi túngirðing ræður merkjum að norðan, frá brúarstæði yfir Dalalæk og að punkti 8 metrum austan gömlu heimreiðarinnar.

Efrilækjardal fellur landið austan þessara merkja, en Sölvabakka vestan þeirra, til sjávar og að Laxá. Veiðiréttindum þeim, sem Neðrilækjardal hafa fylgt í Laxá á Refasveit skal skipta til helminga á milli Sölvabakka og Efrilækjardals, án tillits til þess, að annarri jörðinni Sölvabakka fellur landið að ósi árinna.

Samþykkir framanritaða gjörð,
eigandi Sölvabakka, Jón Árni Jónsson
eigandi Efrilækjardals, Friðgeir Kemp.
Sigurður Þorbjarnarson (sign.)

Ritaða undirskrift staðfestir,
Sigurður Þorbjarnarson.
Jón Árni Jónsson (sign.)
Friðgeir Kemp (sign.).



Nr. 23240.
Landskiptagjörð

Skipting óræktaðs lands, milli Blöndubakka og Bakkakots.
Hinn 30. júní 1977 voru mættir að Blöndubakka, til skipta landi (óræktuðu) milli býlanna Blöndubakka og Bakkakots, þeir Jóhannes Torfason bóndi á Torfalæk II, Snorri Bjarnason, bóndi á Sturluhóli og Sigurður Þorbjarnarson, bóndi á Geitaskarði, auk landeigenda þeirra Sigurðar Sigurðssonar bónda á Blöndubakka og Valdimars Guðmannssonar bónda í Bakkakoti.

Land þessara jarða, utan þess sem ræktað er, hefir verið óskipt, en eignarhlutföll frá fornu fari ákveðin 1/3 (einn þriðji) fyrir Bakkakot og 2/3 (tveir þriðju) fyrir Blöndubakka.

Sigurður bóndi á Blöndubakka hafði óskað eftir skiptingu landsins, og sýslumaður samkvæmt því, skipað Jóhannes á Torfalæk, sem oddamann úttektarmanna Engihlíðarhrepps.

Þessir menn allir, fóru um landið, til að glöggva sig á stærð þess, gæðum og legu. Fyrir hendi var glögg loftmynd af svæðinu og var mjög við hana stuðst við landskiptin

Samkomulag varð um eftirfarandi landamerki, milli Blöndubakka og Bakkakots: Úr punkti austast í landi, mitt á milli Hólmavatns og Langavatns, frá merkjagirðingu milli Síðu annars vegar, og Blöndubakka og Bakkakots hins vegar og þaðan til vesturs-suðvesturs, í punkt við þjóðveginn, norðaustan fjárhúshlöðu í Bakkakoti, 100 (hundrað) metrum norðan ræsis í þjóðvegi, þar sem hann liggur yfir Kotsdal, þar sem er daldrag skammt norðan bæjarhúsa í Bakkakoti. Þaðan ræður þjóðvegur (Neðribyggðarvegur) til suðurs, að línu sem framlengist frá landamerkjaskurði, til austurs, en skurður þessi liggur frá sjó, til austuráttar og er á mörkum ræktaðs lands milli Bakkakots og Blöndubakka. Veiðiréttur í Hólmavatni, skal framvegis vera í hlutföllunum 1/3 (einn þriðji) fyrir Bakkakot 2/3 (tveir þriðju) fyrir Blöndubakka.

Gjört að Blöndubakka 30 júní 1977.

Sigurður Þorbjarnar.

Jóhannes Torfason (sign)

Snorri Bjarnason (sign)

Samþykkir framanrituðu

Sigurður Sigurðsson Blöndubakka (sign)

Valdimar Guðmannsson Bakkakoti (sign)

Upptekið úr landskiptabók Engihlíðarhrepps.
Sig. Þorbjarnar. (hrepstj.)



Nr. 23388
Yfirlýsing.

Við undirritaðir eigendur jarðarinnar Litladals í Svínavatnshr. Austur-Húnavatnssýslu lýsum hér með yfir, að landi jarðarinnar er þannig skipt að Guðmundur Björnsson á landið norðan við læk, sem rennur norðan við íbúðarhúsið, en Svavar Jóhannsson og Sigurbjörg Jónsdóttir eiga landið fyrir sunnan lækinn. Girt er á merkjum, að öðru leyti eru merkin skráð í landamerkjabók sýslunnar.

Ytri-Löngumýri 12/9 1977

F.H. Guðmundar Björnssonar

Björn Pálsson (sign)

Svavar Hákon Jóhannsson (sign)

Sigurbjörg Þ. Jónsdóttir (sign)

Vitundarvottar:

Sigvaldi Sigurjónsson (sign)

Haukur Sigurjónsson (sign)



Nr. 23593
Samningur.

Við undirritaðir, Guðmundur Axelsson, Syðra-Valdarási og Helgi Axelsson Ytra-Valdarási, gjörum með okkur svofelldan samning um skifti á túni milli Ytri og Syðri-Valdaráss: Syðra-Valdarási fylgir allt tún sunnan Brunnár. Einnig fylgi Syðra-Valdarási gamalt tún norðan Brunnár sem afmarkast af vegi heim að Ytra-Valdarási og tröð, sem liggur norður úr túninu, þannig að Syðra-Valdarási fylgi túnið, sem er fyrir vestan þessi merki og þar með óræktað land innan girðingar. Einnig fylgi Syðri-Valdarási tún og óræktað land, sem liggur neðan girðingar á milli Valdaráss og Víðidalstungu í átt að Valdarási, afmarkast það af girðingu að norðan, austan og sunnan, en skurði að vestan. Vegur að þremur túnnum er á skurðbakka vestan megin skurðar suður að girðingu, skal sá vegur vera innan girðingar á Syðra-Valdarási. Önnur tún, en hér hafa verið talin, fylgja Ytra-Valdarási.

Valdarási 1. desember 1974.
Guðmundur Axelsson (sign.)
Helgi Axelsson (sign.)

Vottar:
Björn Guðmundsson (sign.)
Jónína Guðmundsdóttir (sign.)



Nr. 24479.
Yfirlýsing.

Með afsalsbréfi dags. 9. september 1943, selur Örn Gunnarsson bróðir minn, þeim Guðlaugi Péturssyni, Sigmari og Sigurjóni Ólafssonum eignajörð sína, Mjóadal, að undanskilinni landspildu, er liggur að Þverárdal. Samkvæmt þessu breytast merki milli Mjóadals og Þverárdals og verða þessi:

„Frá landamerki Þverardals, (samkv. landamerkjaskrá 16. maí 1980) að nýjum merkjum er fylgja fjallsbrún að austan í Hrafnshólagil, sem er norðan við Hrafnshólana, og að norðan þaðan eftir gömlum lækjarfarvegi niður fyrir Hrafnhóla, en beygir þaðan út í djúpt gil og fylgir því niður að læk, sem á upptök sín neðan Hrafnshóla og síðan þeim læk niður að Flóalæk, sem ræður merkjum að vestan.“

Þverárdal. 30. október 1978

Árni Gunnarsson (sign) eigandi Þverardals.

Sverrir Haraldsson (sign) eigandi Mjóadals.

Vottar:

Jón Tryggvarsson eigandi Mjóadals.

Friðrik Björnsson.



Nr. 134/79.
Yfirlýsing

Hér með lýsum við undirrituð, Jón Guðmundsson, Ytri-Ánastöðum, V-Hún., María Guðmundsdóttir, Bolstað V-Hún. og Þórey Guðmundsdóttir, Ránarstíg 4 Sauðárkróki, því yfir, að við einkaskipti á búi föður okkar, Guðmundar Jónssonar, var eftir farandi ráðstöfun gerð: Jörðin Ytri-Ánastaðir kemur í hlut Jóns. Í hans hlut koma og byggingar allar á jörðinni, þær er Guðmundur Jónsson reisti.

Til Bólstaðar, eignar Maríu, fellur eftirgreindur hlutur jarðarinnar Ytri-Ánastaða:
Land neðan vegar frá línu dreginni að Hnjúkavörðu að norðan að bæjarlæk fyrst, en síðan afleggjara að bænum – að undanskilinni svokallaðri Lönguflöt.
Óræktað land (ofan vegar) er í óskiptri sameign þannig, að María á 1/3 en Jón 2/3.
Hlunnindi skiptist í sama hlutfalli.

P.t. Ytri-Ánastöðum 28/12 '76

Jón Guðmundsson (sign)

samkvæmt umboði F.h. Maríu Guðmundsd. Guðmundur E. Gíslason

Þórey Guðmundsdóttir (sign).



Ár 1979, þriðjudaginn 17. júlí og mánudaginn 23. júlí var Stefán Á. Jónsson, Kagaðarhóli ásamt úttektarmönnum Sveinstaðahrepps þeim Ólafi Magnússyni, Sveinsstöðum og Bjarna Jónssyni, Haga, staddir að Öxl I til þess að skipta óskiptu landi jarðanna ~~Axla~~ Axlar I og II, samkvæmt bréfi sýslumanns dagsettu 15. júlí 1977.

Eigendur nefndra jarða, Svavar Jónsson og Guðmundur Bergmann voru báðir mættir.

Fullt samkomulag náðist ~~um land~~ milli eiganda og nefndarmanna um eftirgreind skipti landsins, jafnframt því að suður engið og tunga frá Brekkukotsengi neðan jarðarskurðs skuli vera óskipt áfram. Landamerki milli jarðanna Öxl I, og Öxl II, skulu vera þessi ofan jarðarskurðar.

1. Neðan þjóðveggar bein lína frá honum eftir norðurbrún gils norðan Álatjarnar í jarðarskurð.
2. ~~Eftir~~ Eftir þjóðveginum að heimreiðarvegi að Öxl I og síðan fylgja merkin girðingu sunnan heimreiðar ~~Axlar~~ Axlar I og áfram upp að gömlu túngirðingunni.
3. Þaðan fylgja merkin núverandi girðingu 158 m í suður að jarðföstum staur.
4. Frá þeim staur liggja merkin beina línu í miðja skriðu milli Dagmálageira og syðsta Hrutageira efst í fjalli, lendir línan þá rétt sunnan við (ca 5 m) þrjá steina í Hjallabrún og er sá nyrsti langstærstur.
5. Öxl I, sem Svavar Jónsson er eigandi að fær allt land norðan þessara landamerkjálínu, en Öxl II, sem Guðmundur Bergmann er eigandi að landið sunnan línunnar.
6. Engið norðan þverkvíslar skiptist þannig að Lágagarðsengi fylgir Öxl I, en Litlu-Giljárpartur Öxl II.
7. Engar bætur hafa verið greiddar af vegagerð ríkisins fyrir vegarstæði undir nýja þjóðveginn. Bætur fyrir það skiptist að hálfu, enda verði gamla þjóðveginum ýtt út.
8. Búendur a Öxl II hafi umferðarrétt yfir land Axlar I niður á suðurengi, enda valdi það sem minnstum óþægindum.
9. Heimilt skal búendum Axlar II að vatna búpeningi í lind, norðan engjavegar, að vetri til.

Fleira ekki gert,.

Bókun lesin og samþykkt.

Svavar Jónsson
Stefán Á. Jónsson
Guðmundur Bergmann
Ólafur Magnússon
Bjarni Jónsson



nr. 3799
30. júní 1916.
Dalkot.

Landamerki fyrir jörðinni Dalkoti í Kirkjuhvammshreppi eru:

Að austan ræður Dalkotsá norður í foss sem er í ánni norðaustur af Lynghól, þaðan í vörðu suðaustur af Lynghól og svo beina sjónhending í vörðu sem er á landsuðurhorni á Almenningslandi og kölluð er Landamerkjavarða, þaðan vestur í Almenningsmóbyrgi, þaðan beina sjónhendingu í Geldingadrag sem er norðaustan á Hamrakinn, þaðan í Guðnýjarhól, og svo eins og vötnum hallar fram á móts við Urðarstalla, frá þeim í dalsurð þaðan í Einstigslæk.

Dalkoti 20. júní 1916.

Ámundi Jónsson

Jón Sigurðsson eigandi Skarðs

Teitur Jóhannsson

Jón Eggertsson



nr. 327/80
Litla-Búrfell

Landamerki fyrir jörðina Litla-Búrfell í Svínavatnshreppi A-Hún.

Að sunnanverðu móts við Sólheimaland ræður mekjum grjótvarða sem stendur á vatnsbakka Svínavatns, skammt fyrir utan Sandnes. Á vörðu þessari er bein stefna til austurs í vörðu er stendur sunnanvert á Grjóthól, svo bein stefna úr vörðu þessari í Kirkjustein, síðan eru merkin til landnorðurs og í Auðnukot, það upp í Auðnufellsbrún að vestan, þaðan til norðvestur móts við Stóra-Búrfellsland eftir Auðnufellshalanum og eins og niðurgrafnar tunnur til vísa norður og síðan vestur í girðingu milli túna Stóra- og Litla-Búrfells, sunnan fjóssléttu. Úr girðingu þessari að vestan ræður akbrautin mekjum niður í niðurgrafna tunnu sem staðsett er við Grænuþúfu, þaðan er bein lína í tunnu er grafin er niður á bakka Svínavatns.

Þetta staðfestum við hér með hlutaðeigandi eigendur með eigin handar undirskrift.

Ingvar Þorleifsson (sign) vegna Sólheima.

Gísli H. Jónsson (sign) vegna Stóra-Búrfells.

Jón Gíslason (sign) vegna Stóra-Búrfells.

Jórunn E. Sigurðardóttir (sign) vegna Stóra-Búrfells.

Guðmunda H. Sigurðardóttir Litla-Búrfelli.



488/80

Ár 1933, mánudaginn þann 2. október, var hreppstjóri Sveinstaðahrepps, Magnús Jónsson, staddur að Undirfelli, samkv. skipunarbréfi sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 29. mars f.á. til þess, ásamt úttektarmönnum Ásahrepps, þeim hreppstjóra Eggert Konráðssyni á Haukagili og Guðmundi Ólafssyni í Ási, að skipta beitolandi vestan sýsluvegar á milli jarðanna Undirfells og Snæringstaða. Sömuleiðis voru mættir þeir: Hannes Pálsson, eigandi og ábúandi á Undirfelli og Ágúst Jónsson á Hofi, vegna sveitarsjóðs Ásahrepps, eiganda Snæringstaða. Ennfremur voru mættir þeir: Benedikt Blöndal og Kristján Sigurðsson eigendur og ábúendur Brúsastaða, sem land eiga að hinu óskipta landi að sunnan.

Fyrir hinu óskipta landi ræður Kornsrákvísl merkjum að norðan og vestan, en að sunnan eru merkin talin af eigendum hins óskipta lands þannig: Frá Bræðratótt beina línu suðvestur um grjótvörðu í Díjaflóaás og þaðan sömu stefnu í grjótvörðu við Kornsrákvísl, báðar þessar grjótvörður eru hlaðnar sumarið 1932. Brúsastaðaeigendur viðurkenna hins vegar að merkin séu rétt talin þannig: Bein lína úr skurðopi við Vatnsdalsá um há Bræðratóttar og þaðan sömu stefnu suðvestur að Kornsrákvísl, og skuldbinda hlutaðeigendur sig, að hafa sigtað nefnda línu út og sett ný glögg merki á línunni, falli hún ekki um áður nefndar grjótvörður, fyrir 1. júlí 1934 og staðfesta þeir það með undirskrift sinni.

Kristján Sigurðsson
Benedikt Blöndal (handsalað)
Ágúst B. Jónsson
Hannes Pálsson

Þegar gerðarmenn höfðu fengið merkin að hinu óskipta landi þannig ágreiningslaus, fóru þeir um það til athugunar og ákváðu skipti á því þannig: Úr grjótvörðu austan við sýsluvegin, beina línu í grjótvörðu sunnan á Undirfellsfelli og þaðan sömu stefnu vestur að Kornsrákvísl og fylgir þá syðri hluti landsins Snæringstöðum en nyrðri hlutinn Undirfelli.

Fari svo að skiptingarlandið stækki eða minnki þegar hin áður umgetna lína verður sigtuð út, frá því sem eigendur landsins halda merkin nú, skulu stærðarhlutföll lands hverrar jarðar breytast í hlutfalli þannig að Snæringstaðir hafi 1/5 á móti Undirfelli af vegalengdinni við Kornsrákvísl.

Tekjur eða gjöld af grenjum þeim sem nú eru í Undirfellsfelli, skiptast þannig að Undirfell hefur 4/5 hluta og Snæringstaðir 1/5 hluta.

Fleira kom eigi til skipta og var því landskiptunum lokið.

D.u.s.
Magnús Jónsson
Eggert Konráðsson
Guðm. Ólafsson
Hannes Pálsson
Ágúst B. Jónsson.



18635

Kaupsamningur.

Landamerki eru ágreiningslaus samkv. landamerkjabréfi þingl. 19. maí 1892 (ódagsett).
Aðilar eru þó sammála um að núverandi skógræktar girðing verði framvegis landamerki
jarðanna að norðan frá vegi og niður í Blöndu.

Blönduósi 14. júní 1972

f.h. Sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu

Jón Ísberg

Samþykktur sem kaupandi

Erlingur B. Ingvarsson



nr. 667/80
Skrapatunga.

Landamerki fyrir jörðina Skrapatunga í Vindhælishreppi.

Landamerki eru sem hér segir:

Að sunnan-suðvestan ræður Laxá merkjum móti Neðri-Mýrum frá Þorleifssýki á Balaskarðsmerkjum að Norðurá. Síðan Norðurá að vestan og norðan móti Njálstöðum, Neðstabæ og Kirkjubæ allt frá því hún fellur í Laxá og upp að Múrgili, sem er gil er nær ofan úr sandi í Tunguhnjúk allt í Norðurá móts við Kirkjubæjartún. Síðan eru merki að austan móti Kirkjubæ áður nefnt Múrgil og sama stefna í Tunguhnjúk upp allt suður að Moldgili, en svo heitir gilslakki er nær ofan að Tunguhnjúk til austurs á Balaskarðsurðir.

Síðan eru merki móti Balaskarði áfram sama lína frá áður nefndu Moldgili í Stóruskál sunnan-suðvestan í Tunguhnjúk. Þaðan lækur sá er kemur úr skálinni ofan hlíðina og síðan bein lína í fyrst nefnt Þorleifssýki við Laxá.

Ofanrituðu erum við samþykkir fyrir hönd jarða okkar í maí 1980.

Eigandi Skrapatungu Sófus Guðmundsson

Eigandi Balaskarðs Signý Benediktsdóttir

Eigandi Kirkjubæjar Baldur Þórarinsson

Eigandi Neðstabæjar Einar Guðlaugsson

Eigandi Njálstaða Jónas B. Hafsteinsson

Eigendur Neðri-Mýra Hallgrímur M. Einarsson Einar Guðmundsson



nr. 731/80

Syðri-Ey.

Landamerki fyrir jörðina Syðri-Ey í Vindhælishreppi.

Suðurmerki.

Úr vörðum á Lönguvíkurbökkum þaðan bein lína í vörðu á Melhól neðan við reiðgötur. –
Þaðan bein lína í vörðu mitt á milli Langdýs og stórasteins við Kjölbrún. Þaðan í vörðu á
hákjöl. Þaðan bein lína í vörðu á Dýjabúfu. Þaðan eins og vörður vísa beina stefnu í
Kaldalækjargil í Dýnufjalli.

Samþykkt að Syðri-Ey 23. október 1921

Sign. Björn Árnason

Sign. C. Berndsen

Sign. Ól. Björnsson

Sign. E. Hemmert.

Endurtekin undirskrift núverandi eiganda Syðri-Eyjar og Ytra-Háls
18.07. 1980.

Magnús Daníelsson

Björn Jónsson

Sigrún Björnsdóttir

Norðanmerki.

1. Svartasker í sjó norðan við Eyjarnes.
2. Í vörðu norðast á Stórabergi.
3. Í vörðu á Melshorni.
4. Í vörðu á Grjótflögu á Grensás.
5. Í vörðu á Selkonuhól.
6. Í vörðu á Fífulágarbrúnum.
7. Í vörðu miðja vega milli Lómatjarnar og Djúpadalsdraga.

Þessum merkjum eru vjer samþykkir.

23. október 1921.

Sign. Björn Árnason.

Sign. C. Berndsen

Sign. E. Hemmert.

Erum þessu samþykkir.

Magnús Daníelsson

Stefán Ágústsson

Daníel Magnússon



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



866/80.

Landamerki Ásbúða og Hrauns.

Landamerkin eru úr Stuttalæk í hólinn norðan við Ásbúðaskarð, þaðan í hól norðvestur af Hraundýjahæð, þaðan bein sjónhending í Tíðavörðu og úr Tíðavörðu í Deildarhamar. Frá Deildahamri ræður sjávarströnd að Merkjaflögu.

Ítök eru engin, nema Víkur eiga varpholma í Ásbúðavatni, og er það austasti hólminn að ofanverðu við vatnið.

Samþykktur

Sign. Rögnvaldur Steinsson Hrauni.

Landamerki Ásbúða og Mánavíkur.

Landamerkin hefjast við sjó úr Merkjaflögu þaðan í vörðu skammt austan Skjónulautar í Skollahömrum, þaðan bein sjónhending í stein á Hæðartagli skammt vestur af Miðmundaklettum. Þá er bein lína í stóra grasþúfu á Mjóengisbreið, síðan á fuglaþúfu í jörðunum, síðan í troðninga við Engjalæk. Þá ræður Engjalækur merkjum til vörðu skammt vestan Þröskulds neðst í Mánavíkurflóa, en þaðan eru merkin í stóran stein á hæðunum austan Kjörvalshaugs, þá í stóran stein með þúfu uppá faman Mánavíkurflóa, og þaðan bein lína í Stuttalæk milli Ölfusvatns og Gegnisvatns.

Ítök eru engin, nema Víkur eiga varphólma í Ásbúðavatni, eiga Ásbúðir fría leið fyrir skepnur fyrir endann á Ásbúðarfjörinni í Mánavíkurlandi.

Samþykktur

Sign. Lárus Árnason Ási Skagaströnd.

fyrir hönd Steinunnar Sveinsd.

Ásbjörn Sveinsson.

Sigríður Magnúsdóttir

Gunnar Grettisson

Snæbjörn Sveinsson

Pálína H. Ásmundsdóttir

Ásbjörn Sveinsson

Lilja B. Ásmundsdóttir



Áreið 1980. 20. dag júlímánaðar var áreið gerð til að ákveða merkjalínu á millum Höfða og Skagahrepps í Skagaheiði.

Tilnefndur af sveitarstjóra Höfðahrepps var Jón Vilhjálmsson bóndi Brandaskarði og Hjalti Árnason bóndi Skeggjastöðum.

Einnig hafði eigendum þeirra jarða er lönd eiga að hreppamörkum verið gert aðvart um áreið þessa og þeim gefinn kostur á að vera viðstaddir hana og leggja fram fyrir áreiðarnefndina öll þau skjöl og skilríki, sem þeir hefðu fyrir löndum jarða sinna. Þessir eigendur og umráðamenn aðliggjandi jarða voru viðstaddir áreiðina:

Magnús Hjaltason bóndi Bakka fyrir hönd Háagerðis og Bakka.

Reynir Davíðsson bóndi, Neðri Harrastöðum og Gunnlaugur Sigmarsson, gjaldkeri, Skagaströnd fyrir löndum Efri og Neðri Harrastaða, en þau lönd eru óskipt framan Hrossamýrahryggja.

Einnig var Lárus Árnason Trúnaðarmaður fyrir hönd Höfðahrepps um merki Spákonufells og Finnstaða.

Setjum við svo merki á millum hreppana, sem hér greinir.

Endamerki að norðan er úr Rangárosi við Hraunvatn. Þaðan í suðvestur í vörðu nyrst á Grasás, þaðan í Lambatungur þar sem Ytri-Botnalækur og Fossdalsá koma saman og Fjallabaksá á upptök sín. Frá upptökum Fjallabaksár ræður Ytri-Botnalækur þaðan um Botnalækjarflá í Syðri-Botnalækjarós. Frá Syðri Botnalækjarósi í suðvestur um ofanverða Öldhóla, þaðan beina stefnu eftir Neðri-Stallabrúnum í hornmerki sem er grjótvarða norðan við Brandaskarðsgil, þaðan eftir gilbrúninni að norðan í gilbotnin ofanverðan þaðan sjónhendingu í grjótvröðu syðst á Selhrygg, sem er skammt norðaustan Finnstaðatjarnar og við horn núverandi girðingar milli hreppanna. Þaðan frá áður nefndri vörðu syðst á Selhrygg í suðvestur í vörðu á há Hrossamýrarhrygg þaðan í vörðu á Hólkotsbrekkubrún þaðan sjónhendingu í Gullhellsnöf, sem er endamark við sjó að vestan.

Til staðfestingar á áreiðagjörð þessari ritum við allir nöfn okkar hér undir án athugasemda.

Áreiðanefndarmenn.

Hjalti Árnason

Jón Vilhjálmsson

Lárus Árnason

eigendur og umboðsmenn jarða.

Reynir Davíðsson

Magnús Hjaltason

Gunnlaugur Sigmarss.

Lárus Ægir Guðmundss.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



nr. 3915/1917
Stórhóll í Þorkelshólshreppi

Að vestan ræður Kálfaldslækur fram á móts við Kýrhól, þaðan skurður, sem nær fram undir Sporðshús og þaðan Kálfaldskelda fram á móts við Sighvatshól. Að sunnan ræður bein stefna frá Kálfaldskeldu um vörðu á Sighvatshól og í vörðu er stendur á há-Hrísabungu. Að austan ræður bein sjónhending frá áðurnefndri vörðu á Hrísabungu og í vörðu austan til á ásnum austur undan Stórhól og þaðan sjónhending í vörðu á Birgismel. Að norðan ræður bein stefna frá Birgismel í Klofastein og þaðan sjónhending yfir miðjan strýtuhol ofan í Kálfaldslæk.

Stórhóll 22. júní 1917

Jósep Jóhannesson (eigandi og umráðamaður)

Guðm. Jóhannesson eigandi Auðunnarstaða

Sigurður Sigurðsson eigandi að Selási

Teitur Teitsson

Eysteinn Jóhannesson eigandi að Hrísum

p. Guðmundsson f.h. Bjarna Símonarsonar.



nr. 1021/1980
Flaga.

Landamerkjaskrá fyrir Flögu í Áshreppi.

Að sunnan millum Gilsstaða og Flögu ræður garður og akur neðan úr Vatnsdalsá að Rauðkutjörn og þaðan í Forholt áfram sömu stefnu í grjótvörðu á hálsinum norður undan Náttmálaborg; þaðan sömu stefnu yfir Hrásás, fyrir norðan þverlæk yfir Flögutjarnarflóa sunnanverðan, vestur á Múlavatnhöfða; frá honum helst sama stefna til Gljúfurár.

Að norðan millum Helgavatns og Flögu eru merki úr snidduhlaðinni þúfu eða vörðu á litlu nesi, er liggur norður í Vatnsdalsá vestur yfir flóann í stein á miðmelshorninu, sem merktur er L, og svo í stein norðan til á Núpunum, sem merktur er M, og ber hann við loft, að sjá frá fyrrnefndri þúfu og svo síðan sömu stefnulínu, vestur yfir hálsinn að Gljúfurá.

Að austan ræður Vatnsdalsá merkjum og vestan Gljúfurá.

Blönduósi 22. mars 1916.

Magnús Stefánsson eigandi Flögu

Flögu 5/11 1980

Teljum framanritaða landamerkjaskrá rétta.

Ívar Níelsson eigandi Flögu

Ívar Níelsson eigandi Flögu

Hallgrímur Eðvarðsson eigandi Helgavatni

Magnús Blöndal eigandi Gilsstöðum



nr. 82/1981
Blöndudalshólar.

Landamerkjabréf fyrir jörðina Blöndudalshóla í A- Húnavatnssýslu.

Að vestan ræður Blanda.

Að norðan ræður girðing er liggur frá Blöndu til fjalls meðfram lækjargili og allt til brúnar. Þaðan bein sína til austurs í vörðu á Þröskuldi eftir honum til norðurs í vörðu á suðurbrún Tunguhnjúks, eftir hnjúksbrúninni til austurs í austanverða Grensborg. Frá Grensborginni liggja merkin til suðurs bein lína þvert yfir Dýlaskarð austanvert við Helludý og í girðingarhorn á hálsi þar sem hæst ber og eftir girðingu þeirri til vestur bein lína allt til Blöndu

A.T.H. Um 1940 kaupir Blöndudalshólabóndi land af Skeggjastaðabónda. Sjá landamerkjabréf fyrir Skeggstaði frá 1886.

Blöndudalshólum 1/2 1981

Jónas Bjarnason

Þessum landamerkjum erum við undirritaðir samþykkir

Pétur Sigurðsson v/Skeggstaða

Hrafn Þórisson v/Skeggstaða

Guðmundur Tryggvason v/Finnstungu

Guðmundur Eypórsson Brúarhlíð

Pétur Guðlaugsson



nr. 94/1981

Yfirlýsing.

Við undirritaðir eigendur Móbergs og Skriðulands gerum með okkur svofellt samkomulag. Samkvæmt samningi nr. 16396 frá 12. júlí 1967 eru sandar og hólmi norðvestur af Móbergshólma óskiptur. Land þetta skiptist þannig. Í hlut Móbergs kemur.

- 1) Land sunnan nýju heimreiðar að Móbergi, að merkjum Strjúgsstaða sa. 5.24 ha ræktanl. + 1.17 ha melur að vatni.
- 2) Land norðan nýju heimreiðar að Móbergi, smá sandhólmi ofan svokallaðs vatnasvæðis.
- 3) Eins kemur í hlut Móbergs smá rönd innan Móbergshólma girðingar við merki Strjúgsstaða.

Í hlut Skriðulands kemur.

- 1) Hólmi norðvestur af Móbergshólma 2.68 ha.
- 2) Vatnasvæði norðan nýju heimreiðar Móbergs.
- 3) Sandar norðan vatnasvæðis að nýju heimreið Skriðulands 2.58 ha. ræktanl. + 1 ha. vatn. Gamli þjóðvegurinn milli Skriðulands og Móbergs standi óhreyfður í núverandi mynd, til hagræðis fyrir heyflutninga og fleira. Gjörningi þessum sé þinglesið.

Borgar hvor aðili kostnað að hálfu. Skal hann vera í þrem samhljóða eintökum skal hvor aðili halda einu, hið þriðja til innfærslu í veðmálabók sýslunnar. Til staðfestu undirritum við nöfn okkar í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Móbergi 22. febrúar 1981

Einar Björnsson

Guðsteinn Kristinsson

Vottar:

Halla B. Bernódusd.

Pétur H. Björnsson



nr. 472/1981
Stóra Búrfell

Landamerkjabréf vegna hluta Jórunnar Erlu Sigurðardóttur í Stóra-Búrfelli.

Að norðan ráða merki milli Tinda og Stóra-Búrfells vestan frá vatni austur að þjóðvegi.

Síðan ræður þjóðvegur að austan sem afmarkast af steyptri tunnu við Hólsafleggjara.

Síðan liggja merkin til suðvesturs í hornpunkt sunnan og ofan Hólstúns, sem er merkt með steyptri tunnu. Síðan beygir merkjalínan til norðvesturs niður með Hólstúni að annarri steyptri tunnu.

Þaðan liggja merkin beina stefnu vestur í Svínavatn, samsíða landamerkjum Tinda í steyppta tunnu á vatnsbakkanum, það á milli eru 2 steyptar tunnur í línunni, önnur í Smáholtunum en hin á mótum Selásflóa og Búrfellsskógar.

Að vestan ræður vatnslína.

Vatnsréttindi fylgja landi þessu samkvæmt vatnalögum.

Blönduósi 15. júlí 1981

Jórunn Erla Sigurðardóttir

Gísli H. Jónsson

Jón Gíslason

Vitundarvottar.

Jón Sigurðsson

Guðbjartur Guðmundsson



nr. 207/81
Neðri – Svertingsstaðir

Neðri-Svertingsstaðir í Ytri-Torfustaðahreppi, Vestur-Húnavatnssýslu eiga land að eftirtöldum jörðum:

Efri-Svertingsstöðum, Tjarnarkoti, Brúarholti, Svarðbæli og Barði.

Landamerki milli Efri- og Neðri-Svertingsstaða eru sem hér segir:

Úr Aurriðaá (Svertingsstaðaá eða Steinstaðaá), þaðan sem Þverlækurinn fellur í hana (Þverlækjarós), beina línu norðvestur í vörðu á Þverholtinu, – þaðan beina línu suðvestur í vörðu austantil á svonefndu Vegholti, – þaðan bein lína í syðri vörðu á Tvínvörðum og þaðan í stefnu á Einbúa á norðanverðum Mýraás.

Landamerki milli Tjarnarkots og Neðri-Svertingsstaða eru sem hér segir:

Frá Þverás í vesturjaðar Hankastaða og þaðan í vestari enda Stórhóls, – úr Stórhól yfir í Tvínibbuholt, sem er næsta holt niður af Veituás, og frá Tvínibbuholti sjónhending í Káphól.

Landamerki Brúarholts og Neðri-Svertingsstaða eru sem hér segir:

Frá Káphól í Strút og frá Strút sjónhending í Aurriðaá (Sveðjustaðaá) í þrengslum, sunnan undir syðri enda Hríásáss.

Landamerki Neðri-Svertingsstaða og Svarðbælis eru sem hér segir:

Frá Aurriðaá í þrengslum, sunnan undir syðri enda Hríásáss, í hnausagrillu, sem er hlaðin upp norður og vestur af vestari Langholtsefndum. Þaðan, úr fyrrnefndri grillu, í grjótvörðu hæst á Kríutjarnarholtinu, sem er fyrir austan Aurriðaá, en úr því að ánni nær, ræður hún merkjum milli Svarðbælis og Barðs annars vegar og Neðri-Svertingsstaða hins vegar, þar til komið er í Þverlækjarósinn.

Landamerkjaskrá þessa fyrir jörðina Neðri-Svertingsstaði í Ytri-Torfustaðahreppi í Vestur-Húnavatnssýslu samþykkjum við undirritaðir:

10. janúar 1981

Eiríkur Jónsson Neðri-Svertingsstöðum

Bjarni Jónsson Neðri Svertingsstöðum

Ari Guðmundsson Efri-Svertingsstöðum

Guðmundur Björnsson Tjarnarkoti

Stefán Pétursson Brúarholti

Theodór Pálsson leigjandi Svarðbælis

Böðvar Sigvaldason Barði



699/86.
Stóra-Borg

Landamerki milli Syðri-Stóru-Borgar og Stóru-Borgar gerð skv. yfirlandskiptagjörð 31. ág. 1965 og landskiptagjörð ~~31~~ 5. ág. 1963.

Úrdráttur úr skiptagerð.

Eigendur jarðanna ytri og syðri Stóru-Borgar lýsa því yfir, að þeir samþykki, að landamerkjabréf Vatnsenda gildi um landamerkjalinuna frá merkjasteini við Stuttugötu og þaðan bein lína suður í eystra-Báruhorn við Vesturhópsvatn. Enda voru við undirskiptin þessi landamerki lögð til grundvallar, og jafnframt með tilvísun til þess að landamerkjabréf ^{Vatnsenda} er gert ári síðar en landamerkjabréf Stóru-Borgar, sem dags. er 27. maí 1889, og bæði landamerkjabréfin undirrituð af sömu aðilum.

Þessi málskjöl voru lögð fram:

3. Landskiptagjörð undirskipta dags. 5/8 1963. Merkt no 3 í málskjöllum.

5. Lögð var fram ljósprentun no 3661, dags. að Stóru-Borg 16. júní 1915 og lesin fyrir manntalsþingsrétti Húnavatnssýslu að Stóru-Borg sama dag, þar sem skipt er húsum og túnum jarðarinnar og enn fremur ákveðið að réttur til túnræktar og byggingar hafi eigendur syðri Stóru-Borgar fyrir ofan túnið, en eigendur ytri Stóru-Borgar fyrir neðan það. Núverandi eigendur jarðanna samþykkja allir, að þessi gjörð skuli standa óbreytt.

Varð þá fullt samkomulag við eigendur að gerðar yrðu nokkrar breytingar á undirskiptum. Samkvæmt því úrskurðar yfirskiptanefndin eftirfarandi:

Undirskiptin skulu standa óröskuð að öðru leyti en því er hér á eftir er tilgreint.

1. Syðri-Stóra-Borg fær til eignar innan girðingar, sem sett var upp vestan Borgarinnar s.l. vor 1965, það land sem innan þeirrar girðingar féll í hlut ytri Stóru-Borgar við undirskiptin dags. 5. ágúst 1963.
2. Ytri Stóra-Borg fær til eignar hluta Stóru-Borgar af Gottorpshólma (Stóru-Borgarhólma)
3. Ytri-Stóra-Borg fær lóð af túni Syðri Stóru-Borgar undan íbúðarhúsi sem þegar hefur verið rífið og gamla bæ, svo og fjósi suður að götu.

Þessu til staðfestu undirritar yfirskiptanefndin gjörð þessa.

Stóru-Borg 31. ágúst 1965.

Pálmi Einarsson
Ólafur Magnússon
Ólafur Daníelsson
Óskar B Teitsson
Björn Lárusson

Málskjal no 3.

Skiptin voru ákveðin þannig:



a. Á beitolandi:

Eign Syðri-Stóru-Borgar er allt land vestan línu sem tekin er úr túngarðs horni ofan við Moðskegg sjónhendingu í vörðu á klettaborg austan vegar, austan Borgarvirkis. Þaðan um suðurhorn Borgarvirkis um Grænalæk í Vesturhópsvatn. Síðan ræður Vesturhópsvatn í eystra Báruhörn, en þaðan sjónhending nyrst í Borg nánar tilgreint með vörðu. Þaðan meðfram Borg að vestan og í túngirðingu við Ingólfskinnahlið þó, þannig að rúmt sé fyrir umferð ökutækja meðfram Borginni að vestan. Eign Ytri-Stóru-Borgar er allt land sem afmarkast að sunnan af línu sem dregin er úr Borg í eystra Báruhörn og þaðan í merkjastein við Stuttugötu og þaðan um Gottorpslæk og í merkjasýki. Að neðan afmarkast stykkið af engjagirðingu og að sunnan af túngirðingu upp í Borg. Eign Ytri-Stóru-Borgar er enn fremur allt land austan áður nefndrar línu úr túnhorni ofan við Moðskegg og í vörðu á Klettaberg austan Borgarvirkis á merki á milli Stóru-Borgar og Litlu-Borgar meðfram Víðidalsá og að engjagirðingu.

B. Skipti á landi innan engjagirðingar.

Eign Syðri-Stóru-Borgar er svokallað heimastykki sem afmarkast að sunnan af engjagirðingu og að norðan af laut við Víðidalsá og þaðan um merkjabúfu í miðju stykki og sjónhending í merki í engjagirðingu.

Eign Syðri-Stóru-Borgar er ennfremur svokallað Ysta stykki sem afmarkast að sunnan af flóðgarði, sem liggur frá ferkantaðastykki niður í heygarð og þaðan, eftir laut, sem liggur í norðaustur átt að Víðidalsá. Að norðan afmarkast stykkið af nýlega byltu landi sem nú er eign Ytri-Stóru-Borgar, og um gamla merkjavörðu og þaðan vestur í Hlífar Tjörn. Einnig er eign Syðri-Stóru-Borgar svo kallaðir Mórauðasykishólmar. Annað land innan engjagirðingar er eign Ytri-Stóru-Borgar þar með talið land vestan Hlífar Tjarnar og Vatnsenda parts.

Óskipt land er Grjóthólmi, Borgareyja og Gottorpshólmi og heimilast Ytri- og Syðri-Stóru-Borg þar nytjar að jöfnu. Veiðiréttur allur jafnt í Víðidalsá, Hópi og Vesturhópsvatni er óskiptur og tilheyrir hvorri jörð fyrir sig að jöfnu, svo er einnig um berjatöku.

Nauðsynleg umferð vegna notkunar á engi skal vera óhindruð ennfremur önnur nauðsynleg umferð vegna notkunar á hlunnindum og beit, en jafnframt skal þess gætt að umferð valdi sem, minstum бага. Götuslóðir vestur frá Ingólfskinnahliði skulu haldast svo sem verið hefur.

Stóru-Borg 5. ágúst 1963

Óskar E Levy

Sig. J Líndal

Guðmundur M. Eiríksson



624/1984
Þorkelshóll I & II

Ár. 1979, fimmtudaginn 12. júlí var Ólafur Magnússon, Sveinstöðum, ásamt úttektarmönnum Þorkelshólshrepps, þeim Sigurði J. Líndal hreppstjóra Lækjarmóti og Birni Lárussyni bónda Auðunnarstöðum staddir að Þorkelshóli, til þess þar að skipta landi jarðanna Þorkelshóls og Þorkelshóls II, samkvæmt skipunarbréfi sýslumannsins í Húnavatnssýslu dags. 1. júlí 1977. Viðstaddir voru þeir Jóhannes Eggertsson eigandi Þorkelshóls og Anton Júlíusson eigandi Þorkelshóls II.

Land þessara jarða er land Þorkelshóls er núverandi eigendur kaupa 1963 til helminga hvor.

Landamerki aðliggjandi jarða telja eigendur glögg og ágreiningslaus.

Eigendur lögðu fram ljósmynd af landi jarðarinnar og voru landamerki aðliggjandi jarða færð inn á hana eftir því sem rétt var talið.

Reynt var að áætla stærð landsins eftir myndinni og gerð hugmynd að skiptum landsins vestan þjóðvegarins, sem merkt voru inn á myndina. En þar sem réttara þótti að fá nákvæmari mælingu á stærð landsins en matsmenn höfðu aðstöðu til að gera, var ákveðið að senda nefnda ljósmynd til Landnáms ríkisins til nákvæmari stærðarmælingar á hvoru landi.

Landi austan þjóðvegar yrði svo skipt til jöfnunar á landinu í heild.

Ár 1980, sunnudaginn 14. sept. Voru svo sömu menn og að framan eru taldir, saman komnir að Þorkelshóli, til að ganga frá skiptum jarðanna.

Voru landskipti jarðanna ákveðin þannig:

1. Þorkelshóll fengi land allt norðan línu, sem dregin væri eftir skurði vestan fjárhúsa í merki upp á hólbrún og austur brúnina að merki sem þar er sett. Þaðan bein lína austur í norðurenda syðri Þorkelshólstjarnar. Ráði þá tjörnin merkjum að austurenda hennar en þaðan girðing austur í þjóðveg. Þorkelshóll II. fái land allt sunnan þessarar línu.
2. Land austan þjóðvegar falli í hlut Þorkelshóls II að undanskyldri 350 metra jafnbreiðri spildu norðast af landinu er Þorkelshóll fær í sinn hlut.
3. Veiðiréttindi í Víðidalsá skiptist að jöfnu milli jarðanna.
4. Þorkelshólstjarnir skiptast svo, að syðri tjörnin fylgir að öllu Þorkelshóli II, en sú norðari Þorkelshóli.
5. Tún sem Þorkelshóll á í landi Þorkelshóls II hefur Þorkelshóll rétt til að nytja næstu 5 ár. Sömuleiðis hefur Þorkelshóll II rétt til kúabeitar í landi Þorkelshóls, svo sem verið hefur, jafnlangan tíma.
6. Vegna landbrots er Víðidalsá veldir á svonefndri Eyju, skulu landeigendur báðir að jöfnu, kosta aðgerðir því til varnar.

Fleira var ekki gert.

Bókun upplesin og samþ.

Þorkelshóli 14. sept. 1980.

Ólafur Magnússon

Björn Lárusson

Sigurður J. Líndal

Anton Júlíusson

Jóhannes Eggertsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



207/81
Neðri-Svertingsstaðir.

Neðri-Svertingsstaðir í Ytri-Torfustaðahreppi, Vestur-Húnavatnssýslu eiga land að eftirtöldum jörðum:

Efri-Svertingsstöðum, Tjarnarkoti, Brúarholti, Svarðbæli og Barði.

Landamerki milli Efri-Svertingsstaða eru sem hér segir:

Úr Aurriðaá (Svertingsstaðaá eða Steinsstaðaá), þaðan sem Þverlækurinn fellur í hana (Þverlækjarós), beina línu norðvestur í vörðu á Þverholtinu. – þaðan beina línu suðvestur í vörðu austantil á svonefndu Vegholti, – þaðan bein lína í syðri vörðu á Tvívörðum og þaðan í stefnu á Einbúa á norðanverðum Mýrarás.

Landamerki milli Tjarnarholts og Neðri-Svertingsstaða eru sem hér segir:

Frá Þverás í vesturjaðar Haukastaða og þaðan í vestari enda Stórhóls, – úr Stórhól yfir í Tvínýbbuholt, sem er næsta holt niður af Veituás, og frá Tvínýbbuholti sjónhending í Káphól.

Landamerki Brúarholts og Neðri-Svertingsstaða eru sem hér segir:

Frá Káphól í Strút og frá Strút sjónhending í Aurriðaá (Sveðjustaðaá) í þrengslum, sunnan undir syðri enda Hríás.

Landamerki Neðri-Svertingsstaða og Svarðbælis eru sem hér segir:

Frá Aurriðaá í þrengslum, sunnan undir syðri enda Hríás, í hnausagrillu, sem er hlaðin upp norður og vestur af vestari Langholtsendanum. Þaðan úr fyrr nefndri grillu, í grjótvörðu hæst á Kríutjarnarholtinu, sem er fyrir austan Aurriðaá, en úr því að ánni nær, ræður hún merkjum milli Svarðbælis og Barðs annars vegar og Neðri-Svertingsstaða hins vegar, þar til komið er í Þverlækjarósinn.

Landamerkjaskrá þessa fyrir jörðina Neðri-Svertingsstaði í Ytri-Torfustaðahreppi í Vestur-Húnavatnssýslu samþykkjum við undirritaðir:

10. janúar 1981.

Eiríkur Jónsson Neðri-Svertingsstöðum
Ari Guðmundsson Efri-Svertingsstöðum.
Bjarni Jónsson Neðri-Svertingsstöðum
Stefán Pétursson Brúarholti
Guðmundur Björnsson Tjarnarkoti
Theodór Pálsson eigandi Svarðbælis
Böðvar Sigvaldason Barði.



364/1983
Víkur Skagahreppi.

Landamerki hefjast úr sjó við Krossatanga þaðan í Gilsþúfu þá í þúfu austan Bæjarfossa, þaðan í vörðu á Ennabrún þá í vörðu á norðaustur brún Selhæða þaðan í Þorgilslækjarósinn þar sem hann rennur úr Þorgilsvatni þaðan bein lína um Grettistak að almenningi, síðan meðfram almenningi að hól þeim norðanvert á Svínafelli sem er hornmerki almennings Tjarnar, Kaldrana og Víkna. Þaðan bein lína í Sjónarhól þaðan í ósinn þar sem Múladalslækur rennur úr Múlavatni þá ræður Múladalslækur til sjávar í Rauðalækjarbás og eru það einnig rekamerki.

Samþykktur sem eigandi Mánavíkur Lárus Árnason

Samþykktur sem eigandi Víkna Karl Árnason

Samþykktur sem eigandi Kaldrana Jón Benediktsson



10509.

Landamerki milli Efri-Svertingsstaða I og II.

Hið selda er sá hluti jarðarinnar, er liggur sunnan við merkjalínu, sem dregin er frá Svertingsstaðaá austan við vaðið sunnan við kúluna, í vörðu syðst og vestast á kúlunni, þaðan í vörðu norðarlega á Þverholti, og þaðan bein lína í vörðu á brúninni vestan við Efri-Svertingsstaði og frá þeim stað í vörðu vestur á hálsinum á merkjum milli Mýra og Efri-Svertingsstaða.

Syðri hluti jarðarinnar, sem hér með er afsalað til Guðmundar Jóhannessonar, nefndum við Efri-Svertingsstaði I, en norðurhlutann, sem er eign mín, Skúla Guðmundssonar, nefnum við Efri-Svertingsstaði II.

Laugarbakka, 3. ágúst 1955.

Skúli Guðmundsson.

Guðmundur Jóhannesson



1063/82

Efri og Neðri-Torfustaðir.

Landamerkjabréf milli Efri og Neðri-Torfustaða, Ytri-Torfustaðahreppi, Miðfirði, Vestur-Húnavatnssýslu.

Við undirritaðir eigendur jarðanna Efri og Neðri-Torfustaða, Ytri-Torfustaðahreppi, Miðfirði, V-Hún. höfum gert með okkur svofellt samkomulag um merkjalínur og hlunnindaskipti milli framangreindra jarða.

Efri-Torfustaðir eiga syðri part fyrir neðan þjóðveg, en Neðri-Torfustaðir eiga ytri partinn fyrir neðan þjóðveg.

Efri-Torfustaðir eiga ytri partinn fyrir ofan þjóðveg, en Neðri-Torfustaðir eiga syðri partinn fyrir ofan þjóðveg, að undanskildu girðingarhólfi sem Efri-Torfustaðir eiga, og afmarkast það á eftirfarandi hátt.

Að austan af beitisgirðingu að sunnan af landamerkjagirðingu milli Torfustaða og Urriðaá, að vestan af girðingu meðfram þjóðvegi og að norðan af girðingu sem er norður við afrennsli úr Balakeldu.

Eftirtalin kennileiti og girðingar ráða að öðru leyti merkjum. Fyrir neðan þjóðveg ræður girðing sem nú er að mestu leyti á gömlum garði niður undan núverandi fjárhúsum á Neðri-Torfustöðum.

Fyrir ofan þjóðveg ræður bæjarlækur norðan Fjósatungu, síðan ræður girðing sem liggur frá læknum vestanvert við núverandi íbúðarhús á Efri-Torfustöðum, ræður svo þessi girðing merkjum milli túnanna og liggur hún upp, skammt fyrir sunnan fjárhúsin á Efri-Torfustöðum. Frá áður nefndri merkjagirðingu milli túnanna ræður bein lína í Skeifnastein, sem er stór steinn á brúninni, þaðan bein lína í Valllendishól, síðan bein lína í Kálgarðshól, sem er hóll norðvestan við Torfustaðahús, síðan bein lína í Þorlákssel (nú kallað Selhóll) sem er lítill grasigróinn hóll vestanvert við Seltjörn, þaðan bein lína í Grenshól, sem er hóll norðan við Bessaborg.

Nú er girðing á merkjum í framhaldi af áður nefndri merkjagirðingu milli túnanna og liggur sú girðing hjá framangreindum Skeifnasteini og síðan áfram að Valllendishól, og taka þá við merkjaskurður og girðing sem að ná austur undir Hrásás, en það er ás vestanvert við Torfustaðahús.

Samkomulag er um að hvor jörð hafi hlunnindi í og fyrir sínu landi.

Heimreið er sameiginleg og liggur hún nú í landi Neðri-Torfustaða. Þar hafa báðar jarðir sama rétt og sömu skyldur. Vatnsból er sameiginlegt í landi Neðri-Torfustaða og má leiðslan liggja í landi Neðri-Torfustaða til bæja og er heimill aðgangur að henni til viðgerða þegar með þarf, enda skal gæta þess að spilla túni eða öðrum eignum sem minnst.

Neðri-Torfustöðum

12. apríl 1982.

Eigendur Neðri-Torfustaða:

Böðvar S. Björnsson

Benedikt G. Björnsson

Kristín R. Björnsdóttir



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Eigandi Efri-Torfustaða
Magnús B. Gunnlaugsson.



1191/1984

Kornsá og Kornárselsland.

Við undirritaðir eigendur hinnar fornu Kornsár annarsvegar og Kornárselslands hinsvegar lýsa hér með yfir að landamerki milli nefndra landa skuli vera svo sem núverandi girðing liggur milli Kornsárkvíslar og Gljúfurár. En hún er sem næst í línu er dregin væri milli norðasta hluta Kötlustaðakletta í Vatnsdalsfjalli og í Víðidalsfjall sunnan Nónfells.

F.h. Kornsár Gestur Guðmundsson Birgir Gestsson

F.h. Kornsár II Sigurður Þorbjörnsson

F.h. Kornárselslands Ingimundur Sigfússon



75/1987
Brekka og Brekkukot.

Árið 1974, laugardaginn 7. september var fundur haldinn í yfirskiptanefnd í landamerkjamáli jarðanna Brekku og Brekkukots í Sveinsstaðahreppi. Var fundur settur kl. 10:30 á Hótel Blönduósi af formanni nefndarinnar Ármanni Dalmannssyni.

Allir nefndar menn voru mættir.

Formaður lagði fram yfirlýsingu frá eigendum aðliggjandi jarða við Brekkujarðir á Vatnsdalsfjalli um að merki skyldu vera háfjallið.

Nefndin varð sammála um eftirgreinda skiptagjörð milli jarðanna Brekku og Brekkukots.

Lína frá Brekkukvísl að Músagili, sem greindar eru í fundargjörð yfirskiptanefndar frá 16/10 1962 skulu haldast óbreyttar. Sjá bls. 30. Frá Músagili skal ráða lína dregin úr áður greindum neðsta kletti í vestanverðu Músagili í hornmark neðan Sandhóls litlu ofar túngirðingar á Geitabóli. Frá áður nefndu hornmarki neðan Sandhóls skal dregin óbreytt lína í Selgilsfoss. Svo áframhaldandi bein stefna suðvestur, sem sker markalínu aðliggjandi jarða samkv. áðurgreindri yfirlýsingu eigenda jarða á Vatnsdalsfjalli.

Landið norðan og austan greindra marka skal Brekka eiga, en Brekkukot sunnan og vestan. Þó að undanskildu eftirgreindu landi.

Brekkukot fær landspildu framan Geitabóls, sem þannig skal afmörkuð.

Lína skal dregin úr áðurgreindu hornmarki neðan Sandhóls í suðvesturhorn túngirðingar á Geitabóli, sem ráða skal mörkum að norðan og þaðan bein stefna í hornmark á bakka Giljár. Þaðan ræður Giljá að hornmarki á bakka árinna í bugðu á ánni suðaustan Selhóls. Úr því hornmarki ræður skálína dregin í annað hornmark í norðvesturjaðri Selhóls, en þaðan bein lína í áðurgreint horn Geitabólstúngirðingar að suðvestan.

Ákvæði fyrri yfirskipta haldist um frjálsa umferðar- og rekstrarleið, þar sem hornmörk mætast neðan Sandhóls, svo og um afmarkað svæði með 4 hliðum, girði eigendur lönd sín. Þá skal Brekkukotsbónda heimil umferð eftir mældum vegi um Brekkuland að Geitabóli.

Nefndin hefur rækilega kannað og athugað mörg gögn máli þessu viðkomandi og meðal annars stuðst við áðurgreinda álitsgjörð Árna Jónssonar, landnámsstjóra, sérstaklega hvað viðkemur stærð ræktanlegs lands.

Nefndin lagði eftirgreind atriði einkum til grundvallar framangreindri skiptagjörð:

1. Skipting ræktanlegs lands væri í sem réttustum hlutföllum miðað við stærð.
2. Gæði og legu beitilands var reynt að meta eftir föngum og taka tillit til þess við skiptagjörðina.
3. Leitast var við að hafa skiptin sem haganlegust vegna girðinga og umferðar, en það reyndist erfitt í framkvæmd vegna legu landsins.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Ármann Dalmannsson

Pétur Sigurðsson

Björn Jónsson

Sveinn Sveinsson.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Rafn Sigurbjörnsson



950/87

Síða í Engihlíðarhreppi.

Að norðanverðu frá Langavatni við syðri enda Langholtsenda í Hlóðarstein á hól skammt frá vatninu, síðan í stein á svo nefndum Merkjamel sem klappaður er á stafurinn L og þaðan í annan stein í slakka uppá há Töglum er einnig er klappaður á stafurinn L. Þaðan beina stefnu í Kaldbakslæk. Þá ræður Kaldbakslækur í suður til upptaka lækjarins, síðan beina stefnu neðan við Selás í kollóttann melhól, sem heitir Einbúi. Úr Einbúa til vesturs yfir melana suður af Síðuborg beint til Hólmavatns, mitt á milli Síðuóss og steins, er stendur á hólnum þar fyrir sunnan. Svo í mitt Hólmavatn og eftir því miðju til norðurs, þá beina stefnu í suðvestur enda Langavatns og þaðan austur í mitt Langavatn og eftir því miðju til norðurs mótis við merki þau að norðan, sem fyrst er greint frá.

Síðu 18.11. 1987.

Erla Jakobsdóttir
Svavar Sigurðsson
Valdimar Guðmannsson Bakkakoti
Garðar Stefánsson, Kúskerpi
Gísli Jóh. Grímsson Efri Mýrar
Guðmundur Eypórsson Sturluhóli
Haukur Sigurðsson, Vatnahverfi
Jóhanna Blöndal Blöndubakka.



nr. ~~3811~~573/1988

Breytingar á landamerkjaskrá jarðarinnar Holt í Torfalækjarhreppi dags. 13. maí 1986.

Í stað línu frá fossinum í Brúarlæk norður að vörðu við Laxá nálægt Prestavaði, komi lína frá vörðu við Brúarlæk (nú Húnsstaðalæk) ca. 400 m ofan við fossinn í línu ofan við veiðihús ofan við Strokkakeldu (neðri) við Laxá.

Á þessum merkjum er þegar komin girðing.

Holti 1. ágúst 1988.

Kristján Sigfússon

Gréta Björnsdóttir

eigendur Húnsstaða

Þorgrímur Pálmason

Svava Ögmundard.

eigendur Holts.

Ingimar Skaftason

Jósefína Hrafnhildur Pálmadóttir

eigendur Árhólts.



19/1988
Landamerki fyrir Hof.

Bréf þetta er þannig gjört, að lýst er merkjum Hofs og hverrar jarðar fyrir sig þar sem löndin koma saman.

Á millum Örlygsstaða og Hofs, frá sjó úr klöpp við innanverða Markvík, þaðan bein stefna í vörðu á Brekkubrún, þaðan í steiptan stólpa á mel sem er í beinni línu á millum áðurnefndrar vörðu á Brekkubrún og vörðu á Ásatagli.

Á millum Hofs og Hvammkots eru merkin þessi:

Að norðan frá áðurnefndum steiptum stólpa í vörðu á Ásatagli síðan áfram sömu stefnulínu, sem miðast við vörðu í Litlaskarði og koma merkin í Norðurá við Merkjälækjarós, er ósinn merki eftirtalinna jarða, Hofs, Hvammskots, Steinnýjarstaða og Fjalls:

Á millum Hofs og Skeggjastaða eru merkin þessi:

Frá sjó ræður merkjum Hofsá uppí ármót á millum Norður og Suðurár:

Merki Hofs og Steinnýjarstaða eru þessi:

Við áðurnefnd ármót Norðurár og með henni að Merkjälækjarós:

Merki Hofsselslands og Fjalls eru þessi:

Frá Langavatni úr stórum steini í Landamerkjabreyð og þaðan til vesturs í litla þúfu á austurbrún Víðilækjarfjalls:

Merki Hofssels og Steinnýjarstaða eru þessi:

Frá áðurnefndri þúfu á Víðilækjarfjalli um austurbrúnir þess til suðurs í vörðu á Þröskuldi í Geldingaskarði:

Merki Hofssels og Bakkasels Álfhóls í Geldingaskarði eru þessi:

~~Frá áðurnefndu háhöggi um hallið á Bakkafjalli og um Svörtudrög, þaðan í~~

Úr áðurnefndri vörðu á Þröskuldi þaðan í háhöggið austan við Nautaskarð uppaf hraunagjótum og er það hornmerki:

Merki Hofssels og Bakkasels eru þessi:

Frá áðurnefndu háhöggi um hallið á Bakkafjalli og um Svörtudrög, þaðan í Lambatungur við Ytri-Botnalækjarós.

Merki á millum Hofssels og Skagahrepps eru þessi:

Úr Lambatungum ræður Fjallabaksá að Langavatni þaðan ræður vatnið til móts við áðurnefnd merki í Landamerkjabreið.

Um lýsingu á merkjum í bréfi þessu eru allir undirritaðir landeigendur sammála, að sé rétt og ágreiningslaus, sem þeir staðfesta með undirskrift sinni.

Skagaströnd 1. janúar 1988.

Hólmar Árnason eigandi Hofs.

Rafn Sigurbjörnsson eigandi Örlygsstaða

Kristján S. Kristjánsson eigandi Hvammkots

Kristján Kristjánsson eigandi Steinnýjarstaða

Jónatan Hjaltason eigandi Bakka

Hallgrímur Hjaltason eigandi Skeggjastaða og Álfhóls.

eigandi Fjalls Sveinn Sveinsson

f.h. Skagahr. Sveinn Sveinsson.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



849/1989

Samningur

um landskipti og landamerki milli jarðanna Holts og Árhólts í Torfalækjarhreppi A-Hún.

Merkjum ræður skurður lítið eitt austan við íbúðarhús Árhólts og stefna hans norður að Laxá (1). Þar sem skurður þessi kemur suður í þverskurð (2) fylgir lína þeim skurði til vesturs ca. 42 m. að skurðamótum (3). Fylgir línan þá skurði til suðausturs svo langt sem hann nær, og síðan beint áfram í merkjapunkt austast á Melenda (4). Þar beygir línan til austurs upp að Hitaveitustokk (5), skurður er í hluta þessarar línu sem ákvarðar stefnu hennar. Þaðan fylgja merkin Hitaveitustokknum til suðurs að affallsskurði (6) (er fellur í Húnsstaðalæk). Þá fylgja merkin þeim skurði til austurs (7) og síðan suður að suðurmörkum fyrrgreindra landamerkja Holts (8).

Árholt á allt land vestan þessara merkja að merkjum aðliggjandi jarða, en Holt allt austan við.

Þá viljum við taka fram.

1. Á þessu sumri skuli aðilar setja sameiginlega varanleg merki á framangreinda landamerkjapunkta.
2. Þegar Guðbrandur Ísberg selur hluta af Efra-Holti 1947 og stofnar nýbýlið Laxholt, fylgir veiðiréttur í Laxá hvorum hluta eftir því sem land liggur að henni, er því ekki um hlutfallaskiptingu að ræða, því hefur orðið samkomulag milli okkar að Árholt hafi 1/11 hluta af sameiginlegum veiðirétti Holts og Árhólts.
3. Einnig er samkomulag að útskipt tún Árhólts, samkv. kaupsamningi 1966 ca 25 ha. komi til viðbótar þeirri landstærð er Árholti ber samkv. áður nefndum kaupsamningi, og er tekið tillit til þessa samkomulags við framangreind landamerki.

Samþ. eigendur Árhólts
Ingimar Skaftason
Jósefína Hrafnh. Pálmad.

Samþ. eigendur Holts.
Þorgrímur Pálmason
Svava Ögmundard.



Landskiptagjörð

fyrir jörðunum Ytri Kárastöðum, Mið Kárastöðum og Syðri Kárastöðum í Kirkjuhvammshreppi, Vestur Húnavatnssýslu.

1. Milli Ytri Kárastaða annarsvegar og Mið-Syðri- og Syðstu Kárastaða hinsvegar. Allir aðilar töldu að fullnaðarskipti hefðu farið fram upp að girðingu ofanvert og þaðan áfram norður ofanvert við Kjóafell á merki milli Ánastaða og Kárastaða. Þar fyrir ofan var talið að væri óskipt beitiland. Skiptamenn ákváðu landamerki þannig:
Frá ofanefndri girðingu ræður Ytri Kárastaðalækur upp að Selásenda og þaðan er bein stefna innanvert við Lómatjarnaklett í Lómatjörn norðanverða og þaðan beina línu í stein sem klappaður er á kross (+) og sem stendur á mel við veginn suður og austur af Ytri Kárastaðaheytóft, frá nefndum steini beina línu upp yfir Sandfell í stórt dý efst á Dýabrekkunum, þaðan bein lína í Grenshól í Litluskál á austurmerki. Allt land fyrir norðan þessa merkjalínu tilheyrir Ytri Kárastöðum.
2. Þá fóru fram skipti milli Mið Kárastaða annarsvegar og Syðri og Syðstu Kárastaða hinsvegar þannig:
Frá áðurnefndri girðingu ofanvert við Vegholt eru merkin þannig: Úr girðingarhorni suður af Vegholti í vörðu skammt þar fyrir ofan þaðan bein lína í vörðu á hjalla norðanvert við Selbungur, þaðan bein lína austur í Þrælsfellshögg. Landið allt norðan við þessa merkjalínu að Ytri Kárastaðalandi tilheyrir Mið Kárastöðum, en sunnan vert við línuna Syðri og Syðstu Kárastöðum. Landeigendur skulu halda vel við öllum vörðum og steinum sem nefndir eru í skiptagerð þessari.

D.U.S.

Staddir að Mið Kárastöðum, 13. júní 1955,

Sig. Tryggvason (sign)

Guðm. Arason (sign)

Jónas Jónasson (sign)

Jón R. Jóhannesson (sign)

Davíð Þorgrímsson (sign)



Landamerki Háagerðis í Höfðahreppi eru sem hér segir samkvæmt samkomulagi gerðu í dag.

1. Neðan núverandi þjóðvegur.

- a. norðurmörk fylgja hreppagirðingu milli Höfða og Skagahrepps allt til sjávar.
- b. vesturmörk fylgja sjávarlínu frá hreppagirðingu í norðri og fyrsta skurði sem er sunnan við Finnsstaðanesflóa (að núverandi túni Lárusar Árnasonar í Ási.)
- c. suðurmörk fylgja skurði sunnan Finnsstaðanesflóa sem liggur frá sjó að gamla þjóðveginum, að undanskilinni sléttaðri lóð í suðausturhorni við gamla þjóðveginn að stærð ca. 65x28 m. þ.e. ca. 1820 ferm. sem er eign Helgu Berndsen. (Lágur torfgarður fylgir brún umrædds skurðar.) Ofan gamla þjóðvegarins heldur umræddur skurður áfram og myndar suðurmörkin – legnd þessa skurðar í austur frá veginum ca. 180 m. – Þaðan hugsast dregin lína í norður að núverandi suðurmörkum heimatúns Háagerðis. (Á þessari leið fylgir línan að hluta hlöðnum torf- og grjótgarði.) Síðan fylgja mörkin suðurmörkum heimatúns Háagerðis upp að nýja þjóðveginum. (Þessi mörk skilja að lönd Háagerðis og Finnsstaða.)
- d. austurmörk fylgja nýja þjóðveginum allt að hreppagirðingu í norðri í 20 metra fjarlægð frá miðju vegar.
- e. annað – vegna liðar a-d. hér að ofan skal tekið fram að gamli þjóðvegurinn og land sitt hvoru megin hans að girðingum báðum megin er eign Höfðahrepps.

2. ofan núverandi þjóðvegur.

Að norðan eru mörkin við hreppagirðingu upp fyrir Hólkotsbrekku og þar eru austurmörkin hornrétt á girðinguna í suður að Rauðamel. – Þaðan liggja mörkin á ská í suðvestur yfir Kjalflóa að vörðu sem er í beinni stefnu í austur frá landamerkjaskurði sunnan Finnsstaðaness – og er sú lína suðurmörk lands í átt að nýja þjóðveginum. – Lína meðfram þjóðveginum í suður/norður hugsast dregin í 20 metra fjarlægð frá miðlínu vegar.

Skagaströnd 28/8 1990

Magnús B. Jónsson (sign) sveitarstjóri Höfðahrepps

Magnús Hjaltason (sign) eigandi Háagerðis



586/90

Skipti á landi jarðanna Efri- og Neðri Þverár í Vesturhópi.

Nefndarmenn urðu sammála um eftirfarandi skiptagjörð:

Grafinn verði skurður sem verið merkjaskurður frá girðingarenda sem liggur í Þverána sunnan og neðan íbúðarhúss á Efri Þverá. Þaðan bein lína upp að heimreið Neðri Þverár ca. 10 metrum neðan heimreiðar Efri Þverár og þaðan skal skurðurinn halda áfram í beinni línu í suðurbakka á núverandi skurði sem liggur austan við fjós Efri Þverár. Síðan skal suðurbakki skurðs þessa ráða merkjum að girðingu sem yfir hann liggur ofan við fjárhúshlöðu á Neðri Þverá. Þá ræður girðing þessi merkjum til norðurs og að norðan allt að hornstaur hennar austan háa Geirsskarðs. Úr þeim hornstaur skulu merkin vera í háa Geirsskarð sem er í fjallsbrúninni, eða eins og engjamerki eru skráð í landamerkjaskrá jarðanna frá 1890. Þá ræður fjallsbrúnin merkjum að vestan og er henni sleppir þá bein lína í vörðu suðurundir Þverá neðan Stekkjarhvamms. Síðan Þveráin að áður nefndum væntanlegum skurði í Þverá.

Veiðiréttur í Þverá, Mýralæk og Hólaá skal vera óskipt eign jarðanna. Ábúanda Neðri-Þverá skal tryggð rekstrarleið fyrir búpening sinn í óskipt land jarðanna. Skal rekstrarleið þessi vera á milli Þverár og girðingar sunnan núverandi túns á Efri-Þverá. Verði sú leið afgirt skal hún hvergi vera mjórri en 8 metrar og án allra hindrana er skapað geta hættu.

Ábúandi Efri-Þverár skal skylt að taka þátt í hreinsun skurða í landi Neðri-Þverár þar sem sannanlega hefur verið um framburð að ræða úr skurðinum í landi Efri-Þverár að mati héraðsráðunauts eða annars trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands. Skal ábúandi Efri-Þverár greiða allt að helming þess kostnaðar í þeim hluta skurðarins sem um framburð er að ræða.

Komi til endurnýjunar á kaldavatnslögn að Neðri-Þverá er liggur í landi Efri-Þverár skal ábúanda Neðri-Þverár skylt að leita samþykkis ábúanda Efri-Þverá um staðsetningu leiðslunnar og vanda allan frágang þannig að landsspjöll hljótist ekki af.

Skiptagjörð upplesin og skiptum lokið.

Jóh. Björnsson

Gunnar Þórarinsson

Jón Sigurðsson



2495
Afsalsbréf

Jeg undirritaður Jón Vídalín konsúll í Reykjavík gjöri kunnugt: að jeg með þessu brjefi mínu sel og afsala Sveitarfjlagi Þorkelshólshrepps í Húnavatnssýslu eign mína afrjéttarland að Víðidalstunguheiði, sem að austan takmarkast af Haukagilsheiði, að sunnan af afrjéttarlandi Borgfirðinga, en mun ná norður að Rjettarvatni, að vestan af línu dreginni frá Arnarvatni að Fitjaá, er síðan verður takmörkun til byggða, og að norðan af heimalöndum fremstu bæja í Þorkelshólshreppi.

Hin selda eign afsalast með öllum þeim rjettindum og skyldum, er jeg hefi átt hana með, og þannig að ábúendum Víðidalstungu hver fram af öðrum hafi ókeypiss rjett til uppreksturs á Víðidalstunguheiði fyrir sauðfé og hross, gegn því að sveitarfélagi Þorkelshóls sé heimilt rjettarstæði á Víðidalstunguengjum ókeypiss.

Til staðfestu undirrita jeg nafn mitt í viðurvist vitundarvotta.

Reykjavík 22. ágúst 1902.
Jón Vídalín

Vitundarvottar:
Witness to singature
Robert E. Uageghan Lieutenant
Hans „Billona“
Jón Jakobsson



3817

Landamerki milli jarðanna Neðri-Fitja og Stórahvarfs í Þorkelshólshreppi.

Landamerki skulu vera úr svonefndri Króksvörðu, sem er á milli bæja okkar og rétt við Fitjaá, þaðan – austur í svonefndan Rjúpnahól, sem stendur á svonefndum Hvarfsás, þaðan til suðurs í svonefndan Hvarfshól, þaðan beint austur í Kambá, þaðan ræður sjónhending til Tjarnarhólakvíslar gegnt Víðidalstungulandi. Að sunnan ræður Tjarnhólakvísl merkjum niður að Fitjaá, þaðan (að vestan) ræður Fitjaá merkjum norður að áðurnefndri Króksvörðu. Sbr. landamerkjaskrá dagsetta 27. júlí 1890 fyrir jörðinni Neðri-Fitjar.

Þessu til staðfestu skrifum við nöfn okkar hér undir ásamt tveimur tilkvöddum vitundarvottum.

Neðri Fitjum 14. júlí 1916.

Árni V. Gíslason

Jakob Guðmundsson (handsalað)

Vitundarvottar:

Benedikt Benónýsson

Gísli Árnason

Þinglestursgjald kr. 2,00. Greitt.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti Húnavatnssýslu að Þorkelshóli 26. júní 1917.

Vottar: Ari Arnalds.



4035
Enniskot

Landamerki jarðarinnar eru austan frá Einbúa (einstökum kletti í flóanum milli Grafar og Refsteinsstaða) meðfram Grafarlandi suður í Rauðanúp, frá honum yfir holt það er Kútur kallast, frá honum í suðvestur til Sjónarhóls, þá réttisýnis norður í Grjótvörðu, er stendur á melnum sunnan við veginn, mitt á milli Vatnsgötuholts og Borðsteins. Frá nefndri grjótvörðu sömu stefnu í vörðu norður í mýrunum og svo áfram beinlínis í grjótvörðu norður við lestavegin milli Tittlingastaða og Refsteinsstaða, og úr henni til austurs landnorðurs í svonefndan Grástein, sem stendur einstakur á börðunum fyrir norðan Enniskot. Síðan frá nefndum steini í fyrrnefndan Einbúaklett.

Enniskot á slægjuland á Refsteinsstaðaengi og liggur það fyrir vestan Refsteinsstaðastekk og norðan Heljarsíki, og er það afmarkað með gömlu garðlagi og þur vörðum úr torfi.

Aftur eiga Refsteinsstaðir mánaðarþing fyrir 100 fjár sumar eða vetur í Enniskotslandi.

Réttan útdrátt staðfestir
Skrifstofu Húnavatnssýslu
24. júní 1918.
Ari Arnalds.

Þingl.gj. 2 – tvær – krónur. Greitt sýslum.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti Húnavatnssýslu að Þorkelshóli 25. júní 1918.
Vottar: Ari Arndals.



4835

Kúfustaðir og Hvammur með Teigakoti
Dómur.

Því dæmist rétt vera:

Áin Svartá ráði landamerkjum milli jarðarinnar Kúfustaða og Teigakotslands. Jörðin Kúfustaðir eða eigandi hennar hefir átt rétt til að beita, brúka og á sérhvern annan hátt sér í nyt að færa einn fjórða hluta úr Teigunum í Teigakotslandi.

Rétti slitið

B. Brynjólfsson

Jónas B. Bjarnason

Ól. Björnsson

Rétta útskrift staðfestir

skrifstofu Húnavatnssýslu 8. maí 1926.

B. Brynjólfsson.

L.S.



4563

Súluvellir í Þverárhreppi

Atvinnu- og samgöngumálaráðherra

Kunngjörir: Að með því að Pétur Guðmundsson ábúandi á Þjóðjörðinni Súluvöllum í Þverárhreppi innan Húnavatnssýslu hefur leitað kaups á nefndri ábýlisjörð sinni og með því að hlutaðeigandi sýslunefnd hefur eigi haft neitt við sölu þessarar jarðar að athuga og með því að loks allra fyrir mæla laga nr. 31. 20. október 1905, um sölu Þjóðjarða hefur verið gætt, þá sel ég og afsala, samkvæmt þeirri heimild sem mér er gefin í nefndum lögum, fyrir ríkissjóðsins hönd nefndum Pétri Guðmundssyni téðri ábýlisjörð hans Súluvelli, sem er 24,4 hundr. að n.m. með 2 kúgildum, húsum og öllum gögnum og gæðum án nokkurs álags, þó eru undanskildir námar, sem eru í jörðu, eða síðar kunna að finnast þar, sem og allt vatnsafl og notkunaraðstaða þess í landareign jarðarinnar svo kaupútslóð við Lambhúsavík, að norðan 1,45 metrar, sem takmarkast af beinni línu af bakkanum ofan við há „Syðri Seilu“ norðan við víkina, upp í jarðfasta klöpp fyrir sunnan og neðan Súluvallatún sem á eru höggfir stafirnir L.M., að vestan 820 metrar með takmörkun frá téðri klöpp beina línu í vörðuhól í Óslandi norðan og ofan til „Sjávarborgir“ og niður á litla vörðu á landamerkjum Ósa og Súluvalla, að sunnan 72 metrar í beina línu úr vörðunni ofan á sjávarbakkanum sunnan við „Hvítserk“ og fellur sú lína saman við landamerki Súluvalla og Ósa. Að austan liggur spilda þessi að sjó. Kaupanda ber að leyfa frjálsan aðgang um jörð sína að verslunarlóðinni eftir því sem umboðsmaður ríkissjóðs á hverjum tíma kann að álíta þörf. –

Til staðfestu undir mín hönd og embættissigli.

Reykjavík 25. mars 1922

innsigli Kl. Jónsson

Oddur Hermannsson

Lesið fyrir manntalsþingsrétt Húnavatnssýslu að Stóruborg 24. júní 1924 og innf. í afsals- og veðmálalabók sýslunnar.

Vottar.

B. Brynjólfsson



4852

Engjabrekka í Þverárhreppi

Jörðinni fylgja skv. úttektargjörð frá 29. dag maí 1923: Baðstofa, búr, eldhús, göng og fjós, ennfremur samkvæmt úttektargjörð frá 1. janúar 1918 geymsluhús 6+5 al og sverast (sic?). Því úr hesthúsi, sem stendur á jörðinni.

Landamerki jarðarinnar eru: Að norðan ræður Seljagil á fjall upp, þaðan bein lína suður háfjallið, eftir því, sem vötnum hallar, fram á móts við Þröskuld úr Ásgarðsdalsbotninum og beint vestur í Kaldaklofa Þröskuld. Þaðan ræður Ambáttardalsá merkjum út til ármóta svo Þorgrímsstaða út til Seljagils.

Þ.L. Þorfinnsstöðum 13. maí 1926.

Fyrir hönd seljanda skv. umboði

Eggert Levy

Fyrir hönd Þverárhrepps

Ól. Ingvar Sveinsson – oddviti –

Vitundarvottar:

Guðm. Guðmundsson

Jóhannes P. Jónsson



5158

Undirfell, Kornsá.

Merki milli Undirfells og Kornsár, skulu vera fullnaðarlandamerki yfir svonefnda „Þórdísareyri“ eins og áður nefnd girðing liggur og svo áfram upp í Kornsárgil. Svo og áfram eins og áin Kornsá liggur neðan lönd Undirfells og Kornsár liggja að henni, eins og verið hefur.

Áður nefnd landamerki milli Undirfells og Kornsár eru fullnaðarmerki, án þess að hvor jörðin fyrir sig hafi nokkurt ítak eða kvaðir í lönd hinnar jarðarinnar.

Samningur þessi skal þinglýsast á næsta manntalsþingi.

Gjört að Undirfelli 16. júní 1928.

Hannes Pálsson – vegna Undirfells.)

Runólfur Björnsson (vegna Kornsár)

Vitundarvottar:

Jóhannes Þorleifsson

Sigríður Jakobsd.



5371

Núpslíð – Þóreyjarnúpur.

2. Landamerki téðrar landsspildu skulu vera er hér segir:

Að ofan úr Smalabúfu ofan í Vörðu á syðsta klettinum á Þóreyjarnúpsnúp þaðan bein lína í Vörðu á Beinholti þaðan í Reiðarlæk þar sem hann fellur til austurs sunnan til við Breiðanes. Að austan ræður Reyðarlækur. Að sunnan úr steini suðaustan við Vaðholt merktur L.M. Þaðan bein lína í Vörðu sunnan til á svokölluðu Merkjaholti þaðan í Vörðu við lækinn þaðan ræður lækurinn alla leið upp í fossinn sunnan til við Litlanúp úr fossinum bein lína í Smalabúfu.

Núpslíð 13. des. 1927.

Ól. Guðmundsson

Hólmfreð Þórðarson

Vitundarvottar:

Rögnvaldur Þórðarson

Jónas Björnsson

Ár 1927 þann 13. des. komu undirritaðir Ólafur Guðmundsson eigandi Þóreyjarnúps Hólmfreð Þórðarson sem kaupandi að landspildu sunnan af Þóreyjarnúpslandi og Halldór L. Magnússon fyrir hönd Jónínu Magnúsdóttir eiganda norðurhluta jarðarinnar Vatnshóls saman til þess að gjöra upp landamerki á milli jarðanna, þar eð hornmerki það að neðan sem landamerkjabréfin umgeta fyrirfinnst ekki, eftir að hafa athugað merkjalínuna nákvæmlega varð það að samkomulagi að merkin væru úr steini suðaustan við Vaðholt sem merktur skyldi strax með L.M. beina línu í Vörðu sunnan til á svokölluðu Merkjaholti, þaðan í Vörðu við lækinn. Þaðan ræður lækurinn upp í fossinn sunnan til við Litlanúp. Þaðan bein lína í Smalabúfu.

Núpslíð 13. des. 1927.

Ól. Guðmundsson

Halldór L. Magnússon

Hólmfreð Þórðarson

Vitundarvottar:

Rögnvaldur Þórðarson

Jónas Björnsson



5518

Afsalsbréf

fyrir syðri hluta jarðarinnar Súluvalla í Þverárhreppi.

2. gr.

Landamerki á hinum selda jarðarhluta eru sem hér segir:

Að sunnan þinglesin landamerki millum jarðanna Ósa og Súluvalla.

Að norðan úr vörðu á bakkanum, norðan við Syðri Súlu í klett í vallarbarðinu, fyrir sunnan lækinn, svo ræður lækurinn gegn um túnið, þá úr fossinum í lækinn efst í túninu, í vörðu á bæjarbrúninni upp undan læknum þar sem hann kemur fram úr brúninni, og þaðan bein lína upp í Þórsá um vörðu, sem stendur á holtinu gegnt Nautavaði.

Að vestan ræður Þórsá, að austan ræður sjórinn.

Hluta þessum fylgir allur reki framan frá merkjum Ósa og Súluvalla, alla leið út að Ytri Súlu og ennfremur öll veiði fyrir landi syðri hluta Súluvalla, út að áður töldum merkjum við Syðri Súlu, og er þar meðtalinn veiðiréttur Súluvalla við Selsker.

Hinum selda jarðhluta fylgja hálf bæjarhús, hálf geymsluhús og hálf fjós, sem öll standa á hinum selda harðhluta, og af fjárhúsum, hin svonefndu Jónasarhús, sem standa á þeim jarðarhluta, sem seljandi heldur eftir.

Meðan hús þessi eru við lýði, hefir hvor aðili fyrir sig, ítölulausan og endurgjaldslausan rétt til þess að nota húsin þar sem þau nú standa.

Til staðfestu undirrituð eiginhandarnöfn aðila í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Þ.t. Ósum 19. júní 1931

Pétur Guðmundsson

Eggert Eggertsson

Vitundarvottar:

Eggert Levy

Óskar Levy



5527

Neðri Núpur – Torfastaðir.

1. Jóhannes Guðmundsson skuldbindur sig til að selja Ingólfi Andrésyni hluta úr eignarjörð sinni Neðra Núpi í Fremri Torfustaðahreppi, með þeim merkjum er nú greinir:
 - a. Vestan Núpsár
Úr steini á eyri við ána beint upp á barðshornið sunnan við Húsalaus svonefnda þá bein lína úr nefndu barðshorni upp í skarð á garðinum sunnanvert við fjárhliðið. Þetta eru túnmerki og fylgir norðari hluta túnsins, hinum selda landshluta.
Úr fyrrnefndu skarði bein lína upp í svonefndan Dýjaklett, sem er fyrir norðan veginn neðanvert við Seljafjall, þaðan bein lína í brú sem er vestanvert við Seljafjall. Þaðan ræður vegurinn eins og hann nú liggur vestur að Núpslæk. Þá eru merkin að vestan og norðan samkv. landamerkjaskrá fyrir jörðina Neðra Núp ofan að Núpsá.
Sá hluti Torfastaðavatns, sem fylgt hefir jörðinni Neðra Núp fylgir þó ekki í kaupum.
 - b. Austan Núpsáls:
Úr torfvörðu við ána bein lína í Kotgilslækinn þar sem hann fellur fram úr gilinu. Þá ræður nefndur lækur merkjum upp í krók þar sem hann kemur sunnan með Borgunum. Úr nefndum Krók bein lína austur yfir Borgir skemmstu leið austur í Hnausakotsmerki. Þá eru merki milli umrædds jarðarhluta og jarðanna Hnausakots og Núpsdalstungu samkv. landamerkjaskrá fyrir jörðina Neðra Núp alla leið að Núpsá.
2. Kaupanda skal heimilt girðingarstæði upp Kotgilsbarminn syðri upp í áður nefndan krók.
3. Jarðhlutanum fylgja þrjú samstæð hús yfir 90 fjár með áföstum hesthúskofa yfir 5 hross án álags.
4. Ennfremur fylgir kaupunum öll veiði í Núpsá þar sem kaupandi á land beggja megin árinna. Þar sem kaupandi á aðeins land öðru megin árinna fylgir kaupunum ½ veiði í ánni.
Til staðfestu eru eiginhandar kaupanda og seljanda undirrituð í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Staddir að Efra Núpi 17. okt. 1929.

Jóhannes Guðmundsson seljandi
Ingólfur Andrésen kaupandi.

Vitundarvottar:

Benedikt H. Líndal bóndi Efra Núpi
Hjörtur Líndal.



6197.

Breiðabólstaður – Miðhús.

Skal það tekið fram, að eftir að allir ofangreindir menn höfðu riðið á landamerki skiftingarlandsins, könnuðust þeir eigendur Hnjúks og Vatnsdalshóla, Hallgrímur Jónsson á Hnjúki og Kristján Vigfússon í Vatnsdalshólum við, að landamerki téðra jarða, að hinu óskifta landi væru rétt. Að sunnan frá Bolakletti til suðausturs yfir Hvíthól, og áfram sömu stefnu til Gljúfurár. Að norðan úr vörðu fyrir sunnan Þórdísarlæk, síðan eins og hann fellur, og beint frá honum að merkjalínu Unnsvala suður undan Einarsholti. En Pétur Guðmundsson eigandi Unnsvala, lýsti því yfir, að hann teldi rétt merki að sunnanverðu við Unnsvalaland úr Smalahól við Gljúfurá, beina línu í stein vestanvert í Rjúpnaós og könnuðust eigendur skiftingarlandsins við þessi merki rétt vera. Hinsvegar hélt nefndur Pétur því fram, að Unnsvalir ættu land austur að áðurnefndum steini, beint norður til Einarsholts skammt fyrir norðan upptök Þórdísarlækjar, en eigendur skiftingarlandsins halda því fram, samkvæmt landamerkjaskrá jarða skiftingarlandsins, að Breiðabólstaður og Miðhús ættu upp að línu suður undan Einarsholti, fram miðja Unnsvalakeldu í keldudragið vestur undir Rjúpnaás. Við áreið landamerkjanna var ennfremur mættur ábúandi háflendu Breiðabólstaðar Jón Hallgrímsson og kannaðist hann við, að merki skiftingarlandsins væru eins og að framan er framtekið.

Eftir að úttektarmenn höfðu árangurslaust leitað samkomulags landeigenda skiftalandsins um merki á hinu óskifta landi, ákváðu þeir, að merki milli jarða Breiðabólstaðar og Miðhúsa skyldu vera þannig:

„Úr skurði sunnan við túnið í Miðhúsum vestast, sjónhending í stein sunnanvert við svonefnda Nónvörðu, sem landeigandi Miðhúsa lofaði að merkja með L, þaðan bein lína suðvestur að Unnsvalalandi um vörðu austan við Unnsvalaland, og er lína þessi sem mest sjónhending úr nefndum steini hjá Nónvörðu í dranga norðan í Ásmundarnúp í Víðidalsfjalli. Þá skal ábúandi Miðhúsa hafa einkarétt yfir öllu vatni í svonefndum Miðhúsalæk allt upp að dýi því í Grafarás, er hann hefur upptök sín úr.

Loks ákváðu úttektarmenn, að merkjalína sú, sem fram er tekin í greindri landamerkjaskrá téðra jarða Breiðabólstaðar og Miðhúsa milli túna og engja, skuli einnig gilda að því er beutiland snertir fyrir utan og sunnan þá merkjalínu.

Skiftagjörðinni lokið.

D.u.s.

Böðvar Þorláksson

Jónas Björnsson

Jón Kr. Jónsson



7184 A.

Þorkelshóll – Lækjamót

1. Eggert Þ. Teitsson sem eigandi að Þorkelshól skuldbindur sig til þess að selja Ólafi Daníelssyni norðurhluta af landi jarðarinnar Þorkelshól. Merki að sunnan fyrir þessu landi eru: Úr Miðselvörðu á Finnbjarnarholti sjónhending í syðri enda norðustu tjarnar á svonefndum Landengjum. Þaðan skálína til norðurs í vörðu fram á sýkisbakka 114 metra suður frá Landengjaskurði. Að öðru leiti eru landamerki samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Þorkelshól dagsettu 16. apríl 1889.
3. Að því er veiðirétt snertir fylgir kaupunum 10% af þeim hlut í Arðskrá Veiði og Fiskiræktarfélagins „Víðidalsá“, sem á hverjum tíma kemur í hlut Þorkelshóls og Nýpukots til samans. En sé veiði ófélagsbundin fylgir kaupunum veiði fyrir umræddu landi.

Til staðfestingar eru eiginhandarnöfn kaupanda og seljanda undirrituð í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Þorkelshóli 30. apríl 1936.

Eggert Teitsson

Ólafur Daníelsson

Vitundarvottar:

Kristín Gísladóttir

Hinrik Jónasson



8404

Urriðaá í Y-Torfustaðahreppi.

Við undirritaðir, Guðmundur Jóhannesson og Sigurjón Sigvaldason eigendur Urriðaár í Ytri-Torfustaðahreppi, höfum komið okkur saman um skifti á jörðinni og eru merki ákveðin þannig:

Á túni ræður merkjum traðargata frá bænum norður að túngirðingu og suður frá bænum ræður merkjum stígur suður að hesthúskofa, en þaðan er sjónhending í stein suður í túngirðingu, sem merktur er M.

Á úthaga fyrir ofan tún, eru merki frá stórum stein sunnan við svonefnt hesthúshlið, sjónhending í stóran stein á brúninni, sem er merktur M, og þaðan bein lína í sjónarhólsvörðu, sem er á merkjum milli Urriðaár og Fremri-Fitja. Fyrir neðan tún eru merki frá vörðu fyrir norðan norðvesturhorn túnsins bein lína í vörðu norðan við svonefnda Klaufgötu og þaðan sjónhending í vörðu á eyrinni við Miðfjarðará. Vestari hluti túnsins og suðurhluti úthagans er eign Sigurjóns Sigvaldasonar, en austari hluti túnsins og norðurhluti úthagans er eign Guðmundar Jóhannessonar. Veiðiréttur í Miðfjarðará er óskiftur.

Heimreiðarvegur frá sýsluvegi heim að bæ, er sameiginlegur og liggur á landi Sigurjóns, en skylt er báðum aðilum að halda við vegi og hliði á túngirðingu. Heimill er Guðmundi heybandsvegur neðan mela og upp fyrir sunnan tún, en gera skal hann sem minnstan átroðning með þeirri umferð. Vatnsból er sameiginlegt í landi Guðmundar og má leiðslan liggja í gegnum hans tún til bæjar, og er heimill aðgangur að viðgerð á henni þegar með þarf, en gæta skal þess að spilla túni sem minnst við þær aðgerðir.

Skifti á íbúðarhúsinu eru ákveðin þannig: Guðmundur Jóhannesson á efri hæð hússins og tvö herbergi að sunnanverðu í kjallara, hann kostar viðhald á þaki hússins og sér um að það sé í sæmilegu lagi.

Undirritað 20. júlí 1946.

Sigurjón Sigvaldason

Guðm. Jóhannesson

Vitundarvottar:

Friðrik Arnbjarnarson

Hólmfríður Friðriksdóttir.



9240

Lækjarmót og Þorkelshóll

Undirritaðir eigendur Lækjamóta og Þorkelshóls í Þorkelshólshreppi gjörum með bréfi þessu kunnugt að við höfum samið um neðangreind landamerki milli Lækjamóta og Þorkelshóls

Úr Grásteini sem er sunnantil í litlu holti norðan við Kelduna skammt fyrir norðan Dalsgrafir, sjónhending vestur í Sitjanda sem er fornt hálfgrasigróið vörðubrot norðantil á Lækjamótamelum. Þaðan til suðurs sjónhending vestantil við Djúpaketil í Þjóðveginn þar sem hann liggur af flóanum upp á Lækjamótsmela að sunnan. Þaðan ræður þjóðvegurinn uns hann snarbeygir vestur þjóðveginn, gamli upphleypti vegurinn í Steinsvað á Víðidalsá. Veiðiréttur í Víðidalsá frá Sveinsvaði að Grafarlækjarós fylgir þó Þorkelshóli svo sem verið hefir.

Með landamerkjabréfi þessu eru úr gildi felld ákvæði landamerkjabréfa fyrir Lækjamóti af Þorkelshóli frá 29. maí og 16. apríl 1889 að því er viðkemur landamerkjum milli nefndra jarða.

Þorkelshóli 27. ágúst 1951

Sig. J. Líndal

Eggert Þ. Teitsson

Vitundarvottar:

Herdís Jóhannesdóttir

Haraldur Jónsson



9321

Torfalækur – Skinnastaðir

Við undirritaðir eigendur jarðarinnar Torfalækur í Torfalækjarhreppi, Torfi Jónsson, Jónas B. Jónsson og Jóhann Fr. Jónsson, seljum hér með og afsölum til Nýbýlastjórnar ríkisins, fyrir hönd ríkissjóðs, tveimur landspildum úr landi Torfalækjar.

Önnur landspildan, sem er 100 ha. að stærð, takmarkast af þinglesnum landamerkjum Torfalækjar annarsvegar og jarðanna Skinnastaða, Hæls og Meðalheims hinsvegar, að markalínu er liggur norðan hins selda lands, úr vörðu við Torfalækinn sunnan Hvamma ofan við Torfalækjarbæ, í merki, er sett verður við Meðalheims-landamerkjagirðingu þannig að innan framangreindra takmarka verði 100 ha. lands. Hin spildan er norðan þjóðveggar og takmarkast af girðingarlínu, er þegar hefur verið sett. Öll þessi tilgreindu landamerki varða sett inn á uppdrátt, er gerður verður af löndum þessum og þinglýsir kaupandi þeim. Öll réttindi þessa lands fylgja með í kaupum. Seljandi útvegar veðbandslausn fyrir löndum þessum fyrir 1. okt. 1951.

Kaupverð landsins er kr. 28.000.- – tuttugu og átta þúsund krónur – og þar sem það er að fullu greitt, lýsum við Nýbýlastjórn ríkisins réttan eiganda að því og svörum til vanheimilda.

Hreppsnefnd Torfalækjarhrepps hefur hafnað forkaupsrétti að landi þessu.

Kaupandi hefur öll afnot fasteignar þessarar frá undirskriftardegi þessa afsals, hann greiðir frá sama tíma alla þá skatta og skyldur, sem kunna að verða lagðar á land þetta.

Til staðfestu þessu eru nöfn okkar undirrituð í votta viðurvist.

Torfalæk, 31. júlí 1951.

Torfi Jónsson (sign)

Jóhann Fr. Jónsson (sign)

Jónas B. Jónsson (sign)

Vitundarvottar:

Guðm. Guðmundsson

Kristín Jóhannesdóttir

Vitundarvottar:

Sigríður Árnadóttir,

Thordís Davíðsson



763/90

Svangrund, Bakkakot, Sölvabakki

Var því næst landið mælt og metið af áður nefndum landskiptamönnum og urðu þeir ásáttir um að merkin skyldu framvegis vera þannig á milli jarðanna Sölvabakka og Bakkakots.

Neðan frá: Í stefnu frá símastaur inn í Selvíkurgirðingunni næst norðan við hliðið á henni, beina línu í stóran stein rétt sunnan og ofan við hornið á girðingunni um Svagrundartún. Þaðan beina línu í stóran stein sunnan og ofan við Djúpaketil, þaðan bein lína í stefnu á girðingarhornið á merkjagirðingunni milli Kúskerpis og Síðu við Langavatn.

Norðan Selvíkurgirðingar eru merkin við sjó sem þá líka eru reka og fjöru mörk. Selvíkurnöf (nöfin norðan við Selvíkina).

Selvíkurgarður innan girðingar er eign félags er heitir Selvíkurfélag.

Við landaskipti þessi voru viðstaddir eigendur Sölvabakka Jón Guðmundsson og Guðmann Valdimarsson eigandi Bakkakots og lýstu þeir sig samþykka þessum merkjum, einnig var viðstaddur Ásgeir Kr. Blöndal á Blöndubakka. Þar sem óskipt land er milli Blöndubakka og Bakkakots.

Fleira eigi tekið fyrir. Gjörðinni slitið.

Jónatan J. Líndal

Hermann Þórarinsson

B.Ó. Frímannsson

Jón Guðmundsson

Guðmann Valdimarsson



9432

Grund – Syðri Grund í Svínadal.

Við undirritaðir höfum skipt með okkur eignarjörð okkar Grund í Svínadal.

Norðari hlutinn ber sitt fyrra nafn, Grund, en syðri hlutinn nafnið Syðri-Grund og er hann nýbýli.

Landamerki eru þessi á milli býlanna:

Vegurinn, sem liggur af Svínadalsvegi gegnt bænum á Grund austur að Svínadalsá. Í fjallinu ræður merkjum syðri Grundarlækurinn. Vatnsréttindi skiptast að jöfnu milli býlanna.

Ábúandi Syðri-Grundar hefir rétt til slæгна á útengjum Grundar samkvæmt sérstökum samningi.

Grund, 2. apríl 1952

Þórður Þorsteinsson

Guðmundur Þorsteinsson

Vottar:

Kr. Magnússon

Guðný Pálsdóttir



9511

Tungunes – Ytri Langamýri.

Við undirritaðir Þorvaldur Erlendsson bóndi á Tungunesi og Björn Pálsson bóndi á Ytri-Löngumýri gerum svofelldan samning.

1. Þorvaldur Erlendsson selur Birni Pálssyni sinn hluta, það er helmingurinn af því landi sem tilheyrir jörðinni Tungunesi og er sunnan við þann stað eða þá línu sem hin svokallaða Múlagirðing lá eftir. Landi því sem Björn Pálsson kaupir skal skift þannig úr að Björn Pálsson fái syðri hlutann af því landi sem Tungunes á sunnan við fyrrverandi Múlagirðingu, en hinir eigendurnir, þ.e. Stefán Þór Theodórsson og Theodór Hallgrímsson fá norðari hluta þessa lands.

Ytri Löngumýri 21.6. 1952.

Björn Pálsson (kaupandi)

Þorvaldur Erlendsson (seljandi)

Vitundarvottar:

Pétur Pétursson

Albert Guðmannsson



11408

Öxl í Sveinstaðahreppi

Við Jón Jónsson Öxl Sveinstaðahreppi A-Hún. og Guðmundur Bergmann Stóru-Giljá Torfalækjarhreppi A-Hún. sem erum eigendur jarðarinnar Öxl í Sveinstaðahreppi Austur Húnavatnssýslu, að hálfu hvor, höfum komið okkur saman um að skipta túni og landi til túnræktar þannig:

Jón Jónsson hafi túnið fyrir norðan veginn heim að íbúðarhúsi hans og þaðan með læk upp í gegnum túnið, þess skal ennfremur getið að lögð hefur verið netgirðing á þessu merkjum upp í gegnum túnið og verður hún merkjagirðing. Ennfremur höfum við komið okkur saman um að hvor okkar megi rækta 25 – tuttugu og fimm – hektara, og að Jón rækti í norður frá sínu túni.

Guðmundur Bergmann hefur túnið sunnan fyrrnefnds vegar og lækjar að merkjagirðingunni sunnanverðri, hefur hann rétt til að rækta 25 – tuttugu og fimm – hektara í suður frá túni sínu.

Mál sem kann að rísa út af samningi þessum má reka fyrir aukarétti Húnavatnssýslu . Til staðfestu eru nöfn okkar undirrituð í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Stóru-Giljá 5. ágúst 1957.

Guðmundur Bergmann

Jón Jónsson

Vitundarvottar:

Sigurjón Jónasson

Sigurður Erlendsson



11431
Rútsstaðir

Land Sigvalda Sigurjónssonar, sem er eigandi að 1/3 óræktaðs lands Rútsstaða í Svínvatnshreppi, samkvæmt afsali dags. 16. nóvember 1957, hefur verið úrskipt að því er tekur til 30-35 ha. ræktunarlands, og eru landamerki fyrir því þessi:

- a) Að norðan af skurði, sem liggur upp sunnan við Helguhól, og úr efri enda hans bein lína í norðurenda skurðar, sem liggur meðfram túngirðingunni að austan.
- b) Að austan af skurðinum meðfram túngirðingunni suður í Klifalæk, og áfram úr horninu suður um Sigguholtið og í Grásteinslæk.
- c) Að sunnan, Grásteinslækurinn niður á brekkubrúnina ofan við Stóreyrina.
- d) Að vestan, brekkubrúnin frá Grásteinslæknum og norður í Klifalæk, og girðingin úr því norður í skurðinn sunnan við Helguhólinn.

Rútsstöðum, 6. nóvember 1957

Sigurjón Oddsson

samþykkur

Sigvaldi Sigurjónsson

Vitundarvottar:

J. Eiríksson

Jón Ísberg



11782.

Þóreyjarnúpur í Kirkjuhvammshreppi.

Ég undirritaður Gísli Jakobsson eigandi og ábúandi jarðarinnar Þóreyjarnúps í Kirkjuhvammshreppi í Vestur Húnavatnssýslu sel hér með og afsala Ólafi Þór Árnasyni til heimilis að Þóreyjarnúpi eftirgreinda eignarhluta téðrar jarðar.

Helming af öllu útlandi jarðarinnar án allra íbúða og peningahúsa, annarra en fjárhús fyrir 40 kindur, er stendur á hinu selda landi.

Hinni seldu eign fylgir einnig það tún er stendur norðan Þóreyjarnúpslækjar.

Af landi þessu er úrskipt hið ræktanlega land með eftirgreindum landamerkjum:

Að sunnan ræður Þóreyjarnúpslækur frá Reyðarlæk upp að efri túntakmörkum Þóreyjarnúpstúns að girðingu sem liggur norðurmeð hlíðinni að landamerkjum Þóreyjarnúps og Hörghóls og ræður sú girðing mörkum að vestan.

Að norðan ráða mörkum þinglesin landamerki Þóreyjarnúps og Hörghóls niður að norðurenda Þóreyjarnúpstjarnar.

Að austan ræður tjörninn mörkum að skurðsenda er í hana fellur að sunnan og ræður skurðurinn mörkum og bein lína í framhaldi af honum í Reyðarlæk.

Annað land býlisins er sameiginlegt við Þóreyjarnúp að hálfu þegar Þóreyjarnúpi hefir verið mælt út jafngildis jarðstærð af ræktanlegu landi á móti því úrskipta landi sem greint er frá hér að framan.

Engjar eru óskiptar og á Ólafur Þór Árnason helming þeirra.

Þessu til staðfestu er nafn mitt undirritað í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Þóreyjarnúpi 18/7 1958.

Gísli Jakobsson

Vitundarvottar:

Gísli Sæmundsson

Ragnheiður Ólafsdóttir

Samþykkt ofanskráðu fyrir hönd ólögráða sonar míns

Lára Hólmfreðsdóttir

Vitundarvottar:

Gísli Sæmundsson

Ragnheiður Ólafsdóttir



11852

Hólabak – Vatnsdalshólar

Samningur:

1. Engjum þeim er Skriðuhólmi nefnist og jarðirnar Vatnsdalshólar og Hólabak hafa átt í félagi og skipt hefir verið í tvo hluta og þeir nytjaðir til skiptis frá nefndum jörðum, höfum við nú ákveðið að skipta á milli nefndra jarða til fullrar eignar og nytja með beinni línu er liggur um miðjan Skriðuhólma því sem næst frá austri til vesturs.
2. Jörðin Vatnsdalshólar skal eiga og nytja þann hluta Skriðuhólma er liggur sunnan við nefnda merkjalínu, en jörðin Hólabak eiga og nytja þann hluta er liggur norðan við merkjalínuna.
3. Hvor jörðin um sig hlýtur öll þau gögn og gæði er hennar hluta fylgir og fylgja ber.
4. Á merkjalínunni eru hlaðnar þrjár vörður og lofum við að halda þeim við.

Til staðfestu eru undirrituð eiginhandar nöfn okkar að viðstöddum vottum.

Hólabaki 1. ágúst 1958.

Baldur Magnússon

Kr. Vigfússon

Vottar:

Ingbór Sigurðsson

Gestur Eggertsson



12236

Gilhagi

1. gr.

Við eigendur Gilhaga seljum hér með nefndu upprekstrarfélagi allt land jarðarinnar Gilhaga sunnan Sellækjar (stóri). Ráði nefndur lækur merkjum, svo langt sem hann nær og þaðan stystu línu í Kleppukvísl.

2. gr.

Sem greiðslu fyrir land þetta, setur upprekstrarfélagið upp fjárhelda girðingu á sinn kostnað og heldur henni að öllu við næstu 15 – fimmtán – ár frá uppsetningu. Girðing þessi skal liggja sem næst því, er hér segir: Frá Stekkjarfossi suðvestur á Fremstaselsholt, vestur yfir Illaflóa, þaðan norðvestur um Gægishól í Kleppukvísl, allt eftir þegar merktri línu, og þaðan vestur í Gafllsgirðingu.

3. gr.

Loki Gilhagaeigendur landi sínu með girðingu að vestan, fellur viðhaldsskyldan á þá, svo sem landslög ákveða. Jafnframt komi aldrei til greina krafa á hendur upprekstrarfélaginu um kostnað á girðingu norðan Gilhagalands, nema upprekstrarfélagið verði eigandi að því landi, eða hluta þess, sem móti Gilhagalandi liggur.

4. gr.

Þrátt fyrir landamerki þau, er um getur í 1. gr. skal girðing sú er að framan er nefnd, vera gild landamerki meðan hún stendur og er viðhaldið af nefndum aðilum.

5. gr.

Girði Gilhagaeigendur land sitt samkv. 3.gr. fellur niður girðingarskylda upprekstrarfélagsins frá Kleppukvísl í Gafllsgirðingu.

Gjört að Saurbæ 24. júní 1958.

Ágúst B. Jónsson (sign)

Gísli Pálsson (sign)

Gestur Guðmundsson (sign)

Konráð Eggertsson (sign)

Ólafur Magnússon (sign)

Grímur Gíslason (sign)

Jón S. Pálmason (sign)

Vitundarvottar:

Niels Kr. Bundgård Pedersen (sign)

Sesselja Svavarsdóttir (sign)



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



12268.

Neðri Mýrar í Engihlíðarhr.

1. Skift er aðeins landi jarðarinnar neðan Mýrabrautar í Neðri Mýrar og Neðri Mýrar II. Land Neðri Mýra II, Hallgríms Einarssonar, takmarkast af Mýrabraut að ofan vestur í þinglesin landamerki milli Efri Mýra og Neðri Mýra og ráða þau að vestan. Að norðan Laxá að Stóralækjarósi og Stórilækur úr því á móts við íbúðarhús og þá heimreiðarvegur upp á Mýrabraut.
Auk þessa fá Neðri Mýrar II hluta af gamla túni, austan heimreiðarvegar er hér greinir a. Smiðjutún b. Réttarflöt.
2. Land Neðri Mýra I, Guðmundar Einarssonar, er allt land jarðarinnar neðan Mýrabrautar og austan heimreiðar og úr því Stóralækjar að Laxá, að undanskildum túnstykkijunum Réttarflöt og Smiðjutún.
3. Umferðarrétt hafa báðir aðilar um land hins svo sem verið hefur, til afnota á húsum jarðarinnar, sem eru óskift.
4. Allt land jarðarinnar ofan Mýrabrautar er óskipt, en verði því skift, skulu Neðri Mýrar I, fá land þar til ræktunar móti því sem land Neðri Mýra er stærra neðan Mýrabrautar. Að öðru leiti skiftist landið til helminga.
5. Öll ónefnd hlunnindi eru óskift, og njóta jarðirnar þeirra í samræmi við eignahlutföll sín.

Neðri Mýrum 14. desember 1959.

Guðm. Einarsson

Hallgr. Einarsson

Vitundarvottar:

Unnur Einarsdóttir

Sigf. Þorsteinsson



13108

Sandar í Vestur-Húnavatnssýslu

Úrskipting nýbýlis úr landi jarðarinnar Sandar í Vestur Húnavatnssýslu.

Merki skulu vera girðing neðan frá sjó upp að fjárrétt og þaðan girðing, sem liggur suður að heimreið að Söndum og upp með henni að norðan og í NA horn á fjóshlöðu, þaðan í beygju á túngirðingu, sem næst beint í vestur. Fylgja merkin síðan túngirðingunni að hliði á þjóðvegi skammt frá fjárréttinni.

Frá hliðinu liggja merkin í ræsi á þjóðvegi og ræður svo vegskurður Bessastaðavegar svo langt sem hann nær, en vegurinn úr því vestur á merki Sanda og Bessastaða.

Allt Sandaland norðan umræddrar merkjalínu kemur í hlut nýbýlisins og gilda því sömu landamerki fyrir nýbýlið norðan þjóðvegar á merkjum Sanda og Bessastaða eins og Sanda og aðliggjandi jarða, áður á þeim hluta.

Mannvirki öll, sem á þessum hluta jarðarinnar standa skulu fylgja nýbýlinu. Veiði og hlunnindi hefur hvor fyrir sínu landi. Þá hefur nýbýlið rétt á vatni úr vatnsveitu. Nýbýlinu skal einnig frjálst að byggja íbúðarhús og geymslur sunnan og vestan fjóshlöðubýggingar á 200 ferm. ferhyrningslöguðum bletti, án endurgjalds og hafa rétt til vegarins þaðan og nauðsinlegs umgangs. Þá skal nýbýlinu frjáls 50 metra breið spilda til fénaðarferða frá ræsi á skurði norðan og vestan fjárhúsa og niður með merkjum neðanverðum að þjóðvegi.

Söndum 5. ágúst 1961

Þorvarður Júlíusson

Sigfús Jónsson

F.h. nýbýlanefndar V-Hún.

Aðalbjörn Benediktssonar

Úttektarmenn í Y-Torfust.hr:

Böðvar Friðriksson,

Gunnar Jónasson



13182.
Brúarhlíð

Ég undirritaður eigandi ættaróðalsins Sveðjustaða í Ytri-Torfustaðahreppi, afsala hér með til dóttur minnar, Jóhönnu og tengdasonar, Stefáns Péturssonar, helming af óræktuðu landi jarðarinnar Sveðjustaða, til stofnunar nýbýlis.

Skipt hefur verið úr landinu ca. 25-30 ha. ræktanlegs lands fyrir nýbýlið með eftirgreindum landamerkjum.

Úr merki gerðu úr torfi við Sveðjustaðaá og norður í enda á skurðgröfuskurði vestanverðan. Þá með honum norður og framlengist stefna hans nyrst og í norðurbrún þjóðvegur og þaðan vestur að Tjarnarkotsvegi. Síðan með Tjarnarkotsvegi norður á merki Sveðjustaða og Tjarnarkots og haldast þau merki austur að Sveðjustaðaá (um hólinn Strút og í stein í ánni sunnan Hríásenda.) Sveðjustaðaá er svo merki að fyrrnefndu torfmerki sunnan þjóðvegur.

Beitiland er óskipt, en verði því skipt, skal draga frá óskiptu landi stærð landsins norðan þjóðvegur að undanteknum 25 ha. og skal það koma í hlut Sveðjustaða áður en helmingaskipti fara fram.

Andvirði landsins er að fullu greitt.

Sveðjustöðum 30. október 1961.

Ásta Jóhannsdóttir

Samþykkt ofanrituðu
Jóhanna Pálsdóttir
Stefán E. Pétursson

Vottar:

Lilja Lárusdóttir
Aðalbjörn Benediktsson



13876.

Litla og Stóra-Hlíð.

Hreppsnefnd Þorkelshólshrepps og Hermann Sigurðsson, bóndi í Litluhlíð, setja eftirfarandi landamerki milli jarðarinnar Litluhlíðar í Þorkelshólshreppi og Stóruhlíðarlands.

Úr suðausturhornmerki, milli Króks og Valdarássselslands í beinni línu austur í Hrossaflá minnst 200–300 m. norðan við stóran stein, sem er í Hrossaflánni ca. 500 m. sunnan við Kotlækjardrög, þaðan skálína til norðausturs í klett í Víðidalsárgili norðan við Kotlæk.

Þessu til staðfestingar undirritað í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Sólbakka 13. júní 1962.

F.h. hreppsn. Þorkelshólshrepps

Ól. Daníelsson

Hermann Sigurðsson

Vitundarvottar:

Baldur Skarphéðinsson

Skarph. Skarphéðinsson



14283

Ytri-Sauðadalsá

Bræðurnir Karl Eggertsson og Jón Eggertsson skipta eignarjörð sinni Ytri-Sauðadalsá þannig:

Frá sjó gildir lína í framhaldi af skurðgröfuskurði, sem fellur fram af Stekkjarbökkum og er miðað við nyrðri bakka hans. Framlengist línan síðan í efri brún þverskurðar þar austar og fylgir henni uns eftir eru 20 metrar að nyrðri bakka Miðlágarskurðar, þar beygir línan til austurs og er sjónhending í Leynisvörðu og gildir að þjóðveginum og norður með honum vestanverðum að Brandaskarðsá, sem ræður merkjum Ytri-Sauðadalsár og Bergsstaða til sjávar.

Nyrðri hluti jarðarinnar neðan þjóðvegur fellur í hlut Karls Eggertssonar, en Jón Eggertsson fær syðri hlutann þ.e. sunnan áðurefndrar línu og allt til sjávar og eru suður takmörkin svo sem landamerki Ytri-Sauðadalsár og Syðri-Sauðadalsár segja til um allt upp að línu, sem Litlistekkur og Leynisvarða mynda og norður að Seláslæk og fylgja merkin síðan norðurbrún þess lækjar að þjóðvegi. Annað land jarðarinnar er óskipt. Til þess að skipti þessi ná fram að ganga lofast Jón Eggertsson, til þess að rækta til fulls 7.9515 ha. í framræstu eða sjálfþurkuðu landi Karls Eggertssonar.

Núverandi íbúðarhús og fjárhús ofan þess eru áfram í eigu Karls, en önnur hús á jörðinni verða eign Jóns.

Reki, svo og önnur hlunnindi skulu vera að jöfnu til beggja jarðhlutanna.

Lán þau er hvíla á jörðinni á nafni Eggerts Karlssonar skulu færast á Jón Eggertsson nr. 11186, 6764, 7120 og á Karl Eggertsson nr. 5708 og 8406.

Ytri-Sauðadalsá 30/10 1963.

Karl Eggertsson (sign)

Jón Eggertsson (sign)

Vottar:

Gunnlaugur Eggertsson (sign)

Björn Guðjónsson (sign)



14300
Gröf – Lindarberg

Við undirritaðir, bræðurnir Jakob og Jón Ágústssynir, sem erum eigendur og ábúendur jarðarinnar Grafar í Kirkjuhvammshreppi í Vestur-Húnavatnssýslu, höfum komið okkur saman um svofelld skipti á landi og húsum jarðarinnar Grafar:

Land tilheyrandi Jakob Ágústssyni takmarkast þannig:

Að sunnan ráða núverandi merki milli Grafar annarsvegjar og Merkur og Grænahvamms hinsvegjar.

Austurmerkjum ræður vélargrafinn skurður, nokkuð ofan þjóðvegjar, frá merkjum Grænahvamms og eins og hann nær norður, að affallsskurði. Síðan ræður austurbrún merkja, annar vélgrafinn skurður, úr affallsskurðinum, nokkru neðar en hinn syðri endar, og norður á móts við norðurbrún klappar, skammt sunnan núverandi girðingar heimatúns. Á klöpp þessa skulu landeigendur vörðu setja. Merkin miðast við austurbrún fyrrgreindra skurða.

Norður merkjalínu landsins, að þjóðvegi, er sjónhending úr fyrrgreindri vörðu, í mitt svonefnt Grafarker, sem er skammt undan landi.

Að vestan ræður núverandi þjóðvegur merkjum, frá norðurmerkjum, suður að fyrrnefndum affallsskurði, og þaðan ræður merkjum, lína yfir þjóðveg, þá norðurbakki fyrrnefnds affallsskurðar, og bein stefna í svonefndan Freysvíkurbakka, syðst, norðan skarðs þar í bakkann og áfram til sjávar.

Þá fylgir og þessum jarðarparti land norðan Grafarlækjar, neðan þjóðvegjar, og takmarkast það af merkjum milli Grafar og Kárastaða að norðan, núverandi þjóðvegi að austan, að sunnan af plógskurði, sem liggur frá þjóðvegi niður í svokallað Melaskarð og sömu stefnu til sjávar.

Í hluta Jóns Ágústssonar, kemur allt annað land, neðan þjóðvegjar, svo og allt það land, sem er innan núverandi heimatúns-girðingar.

Allt annað land jarðarinnar er óskipt, og til afnota fyrir báða jarðeigendur að jöfnu.

Reki skal skiptast að jöfnu milli jarðarhlutanna, svo og tekjur af malarnámi.

Báðum jarðeigendum skal heimil afnot af lendingu að jöfnu, og aðgangur að henni.

Byggingar allar á jarðhluta Jóns eru hans eign að undanskildum fjárhúsum og hlöðu syðst í heimatúni, og fjárhúsum og hlöðu, næst sunnan bæjarlækjar, en þessi hús eiga þeir Jón og Jakob saman og er Jakob heimil notkun þeirra, þar sem þau standa, að hálfu, samkvæmt nánara samkomulagi þar um.

Jón tekur að sér greiðslu á veðláni við Ræktunarsjóð, nr. 11038, nú að upphæð kr. 26.426,49.

Mál sem rísa kunna út af landsskiptagjörð þessari skulu rekin fyrir aukarétti Húnavatnssýslu.

Landskiptagjörð þessi er gerð í fjórum samhljóða eintökum.

Til staðfestingar landskiptagjörðinni eru nöfn okkar undirrituð af okkur, í viðurvist tilkvaddra vitundarvotta.

Gröf 28/11 1963.

Jakob Ágústsson

Jón Ágústsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Vitundarvottar:

Sigurður Gestsson

Tryggvi Eggertsson



14327
Auðkúluheiði

Jósef Sigurvaldason og Georg Sigurvaldason eigendur Eiðsstaða í Svínavatnshreppi, Ingimar Sigurvaldason og Þorsteinn Sigurvaldason eigendur Eldjárnsstaða í sama hreppi selja hér með og afsala Upprekstrarfélagi Auðkúluheiðar þann hluta af landi jarðanna, er liggur framan heiðargirðingar, vestan línu er dregin sé af næstu brún austan Eiðsstaðahliðs í beina sjónhending á há Þramarhaug.

Kaupverðið er ákveðið kr. 25.000.- – tuttugu og fimm þúsund krónur –. Auk þess fá ábúendur Eldjárnsstaða til eignar og umráða hjá Upprekstrarfélagi Auðkúluheiðar, þann hluta af Þramarlandi, er liggur norðan línu nyrst úr Þramarhaug í svokallaðan Landsenda við Blöndu.

Seljendur skulu hafa sama rétt til beitar á landinu ásamt veiðirétti í Gilsá og Gilsvatni eins og verið hefur, meðan þeir búa á jörðunum.

Upprekstrarfélag Auðkúluheiðar lofar að halda við girðingu þeirri, er liggur úr austara Friðmundarvatni í Blöndugil, meðan seljendur búa á áður nefndum jörðum.

Kaupin á landinu miðast við fardaga vorið 1962, og er kaupverðið þegar að fullu greitt.

Til staðfestu nöfn seljenda og oddvita viðkomandi hreppa í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Holti 31. des. 1963.

Jósef Sigurvaldason

Ingimar Sigurvaldason

Georg Sigurvaldason

Þorsteinn Sigurvaldason

Guðm. B. Þorsteinsson oddv. Svínavatnshrepps.

Torfi Jónsson oddv. Torfalækjarhrepps

Vitundarvottar:

Þorleifur Ingvarsson

Gísli H. Jónsson



14694

Húnsstaðir – Torfalækur.

Ég undirritaður eigandi jarðarinnar Torfalækur í Torfalækjarhreppi, sel hér með og afsala ca. 60 ha. spildu, af landi þeirrar jarðar, til eiganda jarðarinnar í Húnsstaða í sama hreppi.

Hin nýju landamerki, að því er umrædda spildu snertir, takmarkast að suðaustan, af nýuppsettri girðingu úr svonefndum Grásteini, sunnan Kringlumýrar í beina línu í Holtsgirðingu, norðan Sigurðarholta.

Kaupverð kr. 18.000.- er að fullu greitt.

Torfalæk 1/6 1964.

Torfi Jónsson

Samþykkt

Ástríður Jóhannesdóttir.

Vottar:

Sverrir Markússon

Póra Steinadóttir



14818

Sauðanes – Röðull.

Við undirritaðir, eigendur jarðarinnar Sauðaness í Torfalækjarhreppi í Austur-Húnavatnssýslu, gerum hér með svofelld skipti á eignarjörð okkar Sauðanesi. Páll S. Pálsson fær land sitt í tvennu lagi sbr. uppdrátt. Landamerki fyrir landi hans eru þessi:

1. Land á Hnjúknum og í hlíðinni norðvestur af Röðli austan Svínvetningabrautar:
Það takmarkast milli hornmarks A (sbr. uppdráttinn) og B af landamerkjum Hnjúka og Sauðaness. Að austan takmarkast landið af landamerkjum Sauðaness og hornmerki C á uppdrættinum og verður þar sett fast merki. Þaðan eru mörkin bein lína að pkt. D og frá D bein lína í pkt. E og eru þessar línur í mörkum lands Þórðar í Sauðanesi og Páls. Frá merki E liggja beinar línur til merkis F og frá því að merki G. og þar ræður merkjum Svínvetningabraut að fyrstnefndu marki A við brautina.
2. Land í nesinu milli Laxárvatns og Laxár.
Þá ákveðst, að Páls jarðhluta fylgi land í nesinu, er takmarkast að norðan af beinni línu frá markapkt. I við Laxárvatn, er liggur þvert yfir nesið að markapunkti, er settur verður við Laxá merktur II á uppdrættinum. Er sú markalína jafnframt suðurtakmark á landi Jóns. Að sunnan eru landamerki bein lína frá markapunkti III við Laxárvatn, er liggur þvert yfir nesið að hornmerki merkt IV við Laxá. Að austan ræður Laxárvatn merkjum milli norður og suður landamerkja þessara, og að vestan Laxá.

Landamerki fyrir landi Hauks Pálssonar, Röðli, ákveða aðilar, að séu þessi:

Milli lands Þórðar Pálssonar og Hauks Pálssonar, ræður suðurmörkum á landi Hauks bein lína í pkt. I við Rafveitubraut upp undan skurðenda neðan vegarins. Þaðan fylgja mörkin skurðinum og bein lína í framhaldi hans allt að Laxá. Þar er sett merki J á uppdrætti við ána. Þaðan ræður Laxá mörkum fyrir landinu að vestan að landamerkjum Hnjúka, en þau ráða merkjum lands hans að norðan, að merki A við Svínvetningabraut. Að austan ráða áðurlýst merki E-F-G-A milli lands Páls og Hauks austan brautarinnar. Land Röðuls er því samfellt, en Svínvetningabraut liggur yfir landið.

Þórður Pálsson fær land sitt í tvennu lagi sbr. uppdráttinn. Landamerki fyrir landi hans ákveða aðilar þannig:

1. Sauðanesi fylgir heima, land aðliggjandi túni jarðarinnar með þessum landamerkjum. Að sunnan ráða mörkum bakkar Laxárvatns frá hornmarki Sauðaness og Köldukinnar við Laxárvatn, sem merkt er K á uppdrætti, að mynni rafveituskurðar og rafveituskurðurinn að takmörkum á landspildu rafstöðvarinnar og mörk hennar að vegi, er liggur af Svínvetningabraut að rafstöðinni. Sá vegur ræður mörkum að vestan að merki I sbr. uppdrátt. Að norðan ráða beinar línur milli markapunktanna I-H-E-D-C, að austan ráða þinglýst landamerki Sauðanes frá merki C að merki K við Laxárvatn.
2. Í nesinu milli Laxárvatns og Laxár ákveðast norðurmörk á landi Þórðar með beinni línu frá pkt. III við Laxárvatn að merkjapkt. IV við Laxá, sem jafnframt eru suðurtakmark á landi Páls S. Pálssonar. Að austan ræður Laxárvatn mörkum að hornmerki merktu V á



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

uppdrætti við vatnið. Suðurmörk landsins er bein lína frá því merki að hornmarki, við Laxá merkt nr. VI á uppdrætti og er sú lína jafnframt norðurtakmörk á landi Jóns Pálssonar í nesinu.

Jóni Pálssyni ákveðst land allt, sem takmarkast að norðan af rafveituskurði frá Laxárvatni að lóð rafveitunnar, fylgir vesturmörkum á lóðinni að rafstöðvarvegi og ræður vegurinn merkjum að áður lýstu hornmarki I. Þaðan fylgja mörkin skurði neðan vegarins og bein lína í framhaldi af honum að hornmerki við Laxá merkt J á uppdrættinum. Að austan ræður Laxárvatn mörkum að hornmerki í pkt. I á uppdrættinum, sem er við vatnið. Suðurmörk landsins takmarkast af beinni línu frá markapkt. I þvert yfir nesið að merki II við Laxá. Að vestan ræður Laxá mörkum að áðurlýstu hornmarki J sbr. uppdráttinn. Jón fær í sinn hlut syðsta hluta af nesinu. Takmörk þess lands að norðan er bein lína þvert yfir nesið frá hornmerki V við Laxárvatn að hornmerki VI við Laxá að austan ræður Laxárvatn mörkum, en að sunnan og vestan Laxá.

Öll framangreind merki verða færð inn á uppdrætti, gerða eftir loftmynd í mælikvaða ca. 1:5000, sem aðilar hafa notað við skiptin, en þeim er ljóst, að nákvæmni loftmyndar er takmörkuð til ákvarðana nákvæmra landstærða er í hlut hvers kemur, enda verið reynt að ná fram sem jöfnustu verðmæti lands og notagildi fyrir alla aðila.

Öll veiðiréttindi, vatnsréttindi bæði á heitu og köldu vatni jarðarinnar og rafmagnsréttindi verða í óskiptri sameign eftir áður lýstum eignarhlutföllum. Skurðir, girðingar, ræktun og trjáplöntun, sem einhver aðilanna hefur kostað framkvæmd á meðan landið var í óskiptri sameign gera aðilar upp sín á milli og þykir eigi ástæða til að skiptagjörð taki til þess uppgjörs.

Umferðarrétt hefur Páll S. Pálsson að landi sínu og sumarbústað, Laxárlíð á landi meðfram landamerkjum milli hans og Þórðar á Langamel. Breidd þess vegarstæðis sé 6 m.

Skiptagerð þessari skal þinglýsa og greiða aðilar kostnað af því, hver að ¼ hluta, einnig greiða þeir í sömu hlutföllum þann kostnað af framkvæmd skiptanna og uppdráttum þeim, er gerðir hafa verið til afnota við skiptin.

Uppsetning glögggra merkja í tölumerktum og bókstafamerktum hornmörkum setja aðilar sjálfir upp eftir tilvísun landskiptasérfræðinga Landnáms ríkisins, sbr. 15. gr. landskiptalaga.

Þessu til staðfestu eru nöfn okkar undirrituð í viðurvist vitundarvotta.

Reykjavík 18/8 1964

Páll S. Pálsson

Jón Pálsson

Sauðanesi 25/8 1964

Þórður Pálsson

Haukur Pálsson

Vitundarvottar:

Stefán H. Sigfússon

Pálmi Einarsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



14939

Örlygsstaðir – Hlíð.

Við bræður Björn og Rafn Sigurbjörnssynir, eigendur Hlíðar og 4/9 af Örlygsstöðum, lýsum því yfir að við skiptum þessari landareign okkar þannig, að Björn á Hlíðarland en Rafn 4/9 úr Örlygsstaðalandi.

Þá lýsum við bræður því einnig yfir og ég Sigurður Björnsson eigandi 5/9 úr Örlygsstöðum að við eru því samþykkir að Rafn Sigurbjörnsson fái úrskipt sem sína séreign, landsspildu sem takmarkast af kennileitum þeim er hér greinir:

Að sunnan frá sjó upp á Brekknabrekkubrún, ráði merki milli Örlygsstaða og Hofs, þaðan til norðurs að Dalalæk ráði brekkubrúnin, en þaðan til sjóar ráði Dalalækur. Fjara sé óskipt, einnig fjörubeit, reki og veiði.

Til staðfestu framansögðu eru nöfn vor rituð í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Örlygsstöðum, 24. febrúar 1965.

Sigurður Björnsson (sign)

Rafn Sigurbjörnsson (sign)

f.h. Björns Sigurbjörnssonar skv. umboði Sigurður Björnsson (sign)

Vottar:

Jón Gíslason (sign)

Gurid Björnsson (sign)



16392

Sandar

Þá afsalar Þorvarður Sigfúsi og konu hans Valgerði dóttur Þorvarðar forkaupsrétt að eignarhluta Þorvarðar í Söndum og Sigfús gagnkvæmt Þorvarði forkaups rétt að eignarhluta sínum í jörðinni, þannig að Sigfús og Valgerður eiga forkaupsrétt í eignarhluta Þorvarðar til jafns við önnur börn Þorvarðar en skilyrðislausan gagnvart öðrum. Þá eiga báðir endurgjaldslausan afnotarétt af gamla bænum.

Um breytingu á landskiptagjörð dags. 5. ágúst 1961 höfum við samið þannig, að merkjalína skal liggja 50 m. neðan fjóss bein lína til suðurs, 30 m. austan spennistöðvar og þaðan bein lína til vesturs í gegnum spennistöð og myndar hún 90° horn við áðurgreinda línu og bein lína úr vesturlínunni norður í Bessastaðaveg og skerist þær einnig í 90° horni í girðingu vestan bæjar.

Söndum, 30 júlí 1966.

Þorvarður Júlíusson

Kristín Jónsdóttir

Sigfús Jónsson

Valgerður Þorvarðsdóttir

Vitundarvottar:

Gestur Eysteinnsson

Sigrún Jónsdóttir



16664

Efri Fitjar í Þorkelshólshreppi

Að vestan ræður Fitjá merkjum frá hornmerki sem er ca. 40 m. norðan við íbúðarhúsið á Neðri Fitjum, niður að Leitisholti, úr Leitisholti ræður bein sjónhending í Kambholt, þaðan bein sjónhending eftir sömu stefnu í Kambá – þessi merki eru bein sjónhending milli ána – þá ræður Kambá merkjum að austan, að merki sem er skammt norðaustur af Ögmundarseli, þaðan réttisýnis ofan á hábungu norðan við Ögmundarselið, þaðan bein sjónhending niður ca. 100 m. sunnan við Ennishól – hóll þessi er á neðri brúninni – og eftir sömu stefnu niður á næsta holt, sem er ca. 120 m. ofan við veginn sem liggur að Neðri Fitjum (skammt sunnan við íbúðarhúsið á Efri-Fitjum) þaðan niður norðan við veginn ofan að merki því sem áður er getið við Fitjá norðan við íbúðarhúsið á Neðri-Fitjum.

Þá eiga Efri-Fitjar mikið land, sem er óskift, sunnan við merkjalínuna á Neðri-Fitjum og er sameiginleg eign Efri-Fitja og Neðri-Fitja. Þetta land afmarkast frá hornmerki Neðri-Fitja við Kambárkrók, eins og Kambá rennur á móts við Hvarfsás, þaðan réttisýnis í Rjúpnahól sem stendur á svonefndum Hvarfsás þaðan beina sjónhendingu ofan að nefndri Króksvörðu, þaðan ofan að Fitjaá, þaðan ræður svo Fitjaá merkjum norður að svonefndum Hrafnakletti, hornmerki Neðri-Fitja við Fitjaá (sbr. landamerkjaskrá dagsetta 27. júlí 1890 fyrir jörðinni Neðri-Fitja).

Þá eiga Efri-Fitjar land suður á eyrunum ca. 14 hektara, sem afmarkast af þar til settum girðingum, ásamt vegi þangað suður.

Ennfremur skal veiðiréttur í Fitjaá skiftast að jöfnu á milli jarðanna eins og verið hefur.

Efri-Fitjum 1/2 1968.

Jóhannes Árnason

Árni Guðmundsson

Vitundravottar:

Halldór Jóhannesson

Sæmundur Gunnþórsson



16665

Neðri-Fitjar, Þorkelshólshreppi.

Að norðan úr merki því sem er við Fitjaá ca. 40 m. norðan við íbúðarhúsið á Neðri-Fitjum, upp skammt frá veginum, upp í næsta holt ca. 120 m. fyrir ofan vegbeygjuna, sem er skammt sunnan við íbúðarhúsið á Efri-Fitjum. Þaðan bein sjónhending ca. 100 m sunnan við Ennishól. Hóll þessi ber við loft, suður og upp á neðri brúninni og áfram sömu stefnu á hábungu norðan við Ögmundarsel, þaðan beint í Kambá. Þá ræður Kambá merkjum fram í Stóra Kambárkrók. Þaðan vestur beina sjónhendingu ofan í Hrafnaklett við Fitjaá (klettur þessi er rétt norðan við stóra grasigróna skál í gilbarminum, kippkorn sunnan við beitarhúsin). Þaðan ræður Fitjaá merkjum, niður á móts við Dagmálastein, þaðan í stein á eyrunum, sem er á línu frá norðari endapunkti, sem er steinn vestan við ána nokkru fyrir norðan Neðri-Fitja og í austari Votheysturninn á Finnmörk og á línu úr Steinaborg í merki á ásnum vestan Fitjaár (samkv. landamerkjadómi 15/9 1967). Þá ræður áður nefnd lína norður að hornmerki því sem áður var um getið norðan við íbúðarhúsið á Neðri-Fitjum.

Þá eiga Neðri-Fitjar mikið land, sem er óskift sunnan við merkjalínuna, og er það sameiginleg eign Efri-Fitja og Neðri-Fitja. Þetta land afmarkast frá hornmerki Neðri-Fitja við Kambárkrók, eins og Kambá rennur á móts við Hvarfsás, þaðan réttisýnis í Rjúpnahól, sem stendur á svonefndum Hvarfsás, þaðan beina sjónhendingu ofan að svonefndri Króksvörðu, þaðan ofan að Fitjaá, þaðan ræður svo Fitjaá merkjum norður að áður nefndum Hrafnakletti (sbr. Landamerkjaskrá dagsetta 27. júlí 1890 fyrir jörðinni Neðri-Fitjar).

Þess skal getið að Efri-Fitjar eiga land suður á eyrunum ca. 14 hektara, sem afmarkast af þar til gerðum girðingum, ásamt vegi þangað suður. Ennfremur skal veiðiréttur í Fitjaá skiftast að jöfnu á milli jarðanna Efri- og Neðri-Fitja eins og verið hefur.

Efri-Fitjum 1/2 1968

Jóhannes Árnason

Árni Guðmundsson

Vitundarvottar:

Halldór Jóhannesson

Sæmundur Gunnþórsson



18004
Saurbær og Haukagil

Ég undirritaður lýsi hér með yfir því að ég viðurkenni og virði landamerki þau er sett voru milli jarðanna Saurbæjar og Haukagils 1890. Þar með viðurkenni ég að Haukagil á fullan eignar og umráðarétt yfir landskika þeim er liggur innan Saurbæjargirðingar vestur á hálsinum. Heiti ég því að gera aldrei hefðartilkall til téðrar landspildu. Ennfremur skuldbind ég mig til, ef ég sel Saurbæ, að láta þessa yfirlýsingu, eða inntak hennar í sölusamning og hún haldi þar fullu gildi áfram, nema nýr samningur við eigendur Haukagils komi til.

Blönduósi 20. mars 1971.

Grímur Gíslason eig. Saurbæjar.

Vitundarvottar:

Ragnar Tómasson

Vilborg Valgarðsdóttir.



18359

Haukagil – Haukagilsheiði

Við undirritaðir eigendur Haukagils í Vatnsdal A-Hún. seljum hér með og afsölum Upprekstrarfélagi Ás- og Sveinstaðahreppa allt það land Haukagils sem er vestan við núverandi beitolandsgirðingu jarðarinnar sem jafnframt verður landamerkjagirðing og eign Upprekstrarfélagsins að 4/5 hlutum.

Söluverð er þegar greitt.

Staddir á Blönduósi 1. nóvember 1971.

Konráð Eggertsson

Eggert Konráðsson

Vitundarvottar:

Ívar Níelsson

Eggert Lárusson.



18360
Haukagil

Þar sem við undirritaðir eigendur jarðarinnar Haukagil í Vatnsdal A-Hún. höfum selt Upprekstrarfélagi Ás- og Sveinstaðahreppa þann hluta heimalands jarðarinnar sem liggur vestan núverandi beitolandsgirðingar sem er þvert yfir landið frá merkjalínu milli Haukagils og Saurbæjar suður á merkjalínu milli Haukagils og Gilhaga, þá lýsum við yfir því að eftirleiðis verður nefnd girðing landamerki jarðarinnar að vestan.

Haukagili 10. nóvember 1971
Konráð Eggertsson
Eggert Konráðsson

Vitundarvottar:
Ívar Níelsson
Eggert Lárusson



19937
Valdarás

Undirritaður Guðmundur Axelsson er löglegur eigandi jarðarinnar Syðri-Valdarás ásamt öllum byggingum, sem á henni standa.

Undirritaður Helgi Axelsson er löglegur eigandi jarðarinnar Ytri-Valdarás, ásamt öllum byggingum, sem á henni standa.

Merki milli jarðanna Ytra og Syðra Valdarás eru eftirtalin:

Girðing, sem tekin er úr merkjalínu á milli Víðidalstungu og Valdaráss á Hesthól og heim í tún á Valdarási, gegnt Steinhól, skal ráða merkjum milli jarðanna þannig, að Syðri-Valdarás á land fyrir vestan girðingu, en Ytri-Valdarás fyrir austan.

Suður frá túni eru merkin þessi: Úr girðingu, gegnt Hjallhól, bein lína 100 metra fyrir austan Grettlu á merkjum á milli Kambhóls og Valdaráss þannig að Syðri-Valdarás á land fyrir vestan þessa línu en Ytri-Valdarás fyrir austan.

Túni er skipt á milli jarðanna eftir sérstökum samningi þar um.

Veiðiréttindi skulu vera óskipt og jöfn á báðum jörðunum. Að öðru leiti vísast merki jarðanna til landamerkjabréfs fyrir Valdarás frá 27/1 1927.

Undirritaður Guðmundur Axelsson skal hafa afnot af fjárhúsum ásamt votheysturni, sem hann hefur notað að undanfögnu, að undanskildu norðasta fjárhúsi, í næstu tvö ár, til vors 1976.

Vatnsveita sé sameiginleg þar til þær greinast í stökk austan við fjárhús, en þaðan sjái hver aðili um lögn fyrir sig. Sama gildir ef lögð verður ný vatnsleiðsla að kostnaður skal skiptast að jöfnu á aðalleiðslu.

Eigandi og ábúandi Syðra-Valdaráss skal hafa framvegis veg fyrir fénað og flutning á sama stað og nú er eða eða öðrum stað, ef um semst, á tún þau, sem eru eign Syðra-Valdaráss.

Eigandi Ytra-Valdaráss sjái um hlið á heimreið á Ytra-Valdarási. Verði sett upp sameiginlegt heimreiðarhlið fyrir báðar jarðirnar, kosti eigendur það að jöfnu.

Samkvæmt framangreindu, ásamt skilmálum, afsalast jarðirnar Syðri-Valdarás Guðmundi Axelssyni og Ytri-Valdarás Helga Axelssyni til fullrar eignar og afnota.

Eigendur Valdarássels skulu vera Guðmundur Axelsson og Helgi Axelsson.

Skúli Axelsson áskilur sér að hafa allt að 12 hrossa vetrargöngu í Valdarásseli á meðan hann þarf þess með sjálfur, en mest í 20 ár. Um landamerki Valdarássels vísast til kaupbréfs fyrir jörðinni frá 12. maí 1931.

Samkvæmt framansögðu afsalast jörðin Valdarással þeim Helga Axelssyni og Guðmundi Axelssyni til fullrar eignar og afnota, þó með fyrirvara Skúla hér að ofan.

Skiptagjörningur þessi er gjörður í fjórum samhljóða eintökum, eitt handa hvorum aðila. Þessu til staðfestingar undirritum við nöfn okkar í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Hvammstanga 26/3 1974.

Benedikt Axelsson

Guðmundur Axelsson

Skúli Axelsson

Helgi Axelsson

Vitundarvottar:



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Óskar B. Teitsson
Elísabet Gísladóttir.



20405

Öxl, Hnausar, Bjarnastaðir, Brekka, Brekkukot.

Yfirlýsing.

Með tilvísun til landamerkjabréfa Axlar dags 27. maí 1889, Hnausa dags. 20. júní 1883 og Bjarnastaða dags. 30. maí 1890 þá lýsa eigendur þessara jarða og eigendur Brekku og Brekkukots því yfir að merki milli þessara jarða uppi á Vatnsdalsfjalli skuli vera háfjallið.

9. júlí 1974.

Leifur Sveinbjörnsson. Eigandi Hnausa I

Zoph. Zophaníasson. Eigandi Bjarnastaða – að hálfu

Kristófer Magnússon. Eigandi Hnausa II

Haukur Magnússon. Eigandi Brekku

Svavar Jónsson. Eigandi Axlar I

Sigþór Sigurðsson. Eigandi Brekkukots

Guðm. Bergmann. Eigandi Axlar II.

Þórir Magnússon. Eigandi Syðri Brekku

Guðrún Jónsdóttir. Eigandi Bjarnastaða – að hálfu

f.h. dánarbús Pálma Zophaníass.



21289

Forsæludalur – Grímstunguheiði

Við eigendur Forsæludals, Sigríður Sigfúsdóttir, Sigríður Ragnarsdóttir, og Ólafur Sigfússon, seljum og afsölum hér með til Upprekstrarfélags Ás- og Sveinsstaðahrepps, þann hluta af heimalandi Forsæludals, sem liggur framan núverandi heiðargirðingu, frá Vatnsdalsá að Friðmundarvatni, ca. 12 ferkm. að stærð.

Undanskilið er þó hluti Forsæludals í Friðmundarvatni og eyjarvatni, ásamt 20 m. breiðri landræmu meðfram bökkum vatnanna. Einnig Tungnalækur framan girðingar með 10 m. breiðri landræmu meðfram hvorum bakka.

Hvorugur aðili hefur þó rétt til að krefjast girðingar til að girða af fyrrnefndar landræmur, og skal kaupandi hafa óskertan beitarrétt á landinu, einnig þessum umræddu landræmum.

Landið selst með þeim skyldum og réttindum, sem því tilheyra. Seljendur áskilja sér rétt til að ryðja veg um landið að veiðistöðum, og frjálsa umferð um landið.

Söluverð er þegar greitt.

Gjört að Forsæludal, 30. júní 1975.

Ólafur Sigfússon (sign)

Sigríður Sigfúsdóttir (sign)

Sigríður Ragnarsdóttir (sign)

Vitundarvottar:

Jófríður Kristjánsdóttir (sign)

Áskell Einarsson (sign)



21467

Vatnshlíð, Bólstaðarhlíðarhr.

Haukur Eiríksson, Álfhólsvegi 125, Kópavogi, gerir kunnugt: Að ég sel hér með og afsala til Bólstaðarhlíðarhrepps í A- Húnavatnssýslu, ræktunarlandi mínu í jörðinni Vatnshlíð í Bólstaðarhlíðarhreppi, samanber afsal til mín dags. 10. október 1957, en mörk þessi eru sem hér segir: „Merki austan landsins eru frá Vatnshlíðarvatni skurðgröfuskurður vestan beitarhúsanna. Úr efri enda skurðsins ræður bein lína í Botnalæk þar sem hann fellur í gegnum þjóðveginn. Að norðan ræður þjóðvegurinn merkjum að merkjum Fjósa og Vatnshlíðar. Að vestan merki milli Fjósa og Vatnshlíðar en að sunnan Arnarvatnslækur.“

Reykjavík, 28. október 1975.

Haukur Eiríksson

Gestur Jósafatsson eftir umboði

Vottar:

Benedikt Blöndal

Nanna Sveinsdóttir



24610

Helguhvammur I og II

2. Skipting á túni, verði samkvæmt korti Landnáms ríkisins okt. 1970 merkt feb. 1978. Á þessu korti, sem er fylgiskjal þessa samnings, koma fram skipti á ræktuðu landi en önnur mörk, sem ekki koma fram á kortinu, eru á eftirfarandi hátt: Norðurmörk túnstæðis Helguhvamms II er girðing, sem liggur frá gömlu túngirðingunni norðan vegar (Efrihvammabraut) til vesturs í girðingu skammt sunnan leigulóðar Bjarna Gíslasonar í landi Kothvamms.
3. Í bæjarstæði eru skipti þannig: Að miðað er við Efrihvammabraut í túni, síðan við braut er liggur að gamla íbúðarhúsinu og áfram að útihúsum, þar til kemur að túngirðingu. Þá færast mörk til vesturs að línu, sem dregin er 12 m. austan við, en samhliða hlöðu byggðri 1967 skal sú lína ganga 100 m. til norðurs frá áðurnefndri hlöðu, þá beygja hornrétt til vesturs, þar til hornrétt lína til suðurs, stefnir á „Strýtu“ og áfram í girðingu meðfram Efrihvammabraut. Land innan þessara marka tilheyrir Helguhvammi II þ.e.a.s. Guðmundi Jóhannessyni.
4. Gamla íbúðarhúsið, fjós og hlaða, er liggja innan marka Helguhvamms I hefur Guðmundur Jóhannesson heimild til að nýta ásamt eðlilegu athafnasvæði umhverfis þessara bygginga meðan
5. Valdimar Jóhannesson fær fullan eignarrétt á gömlu fjárhúsunum og hlöðunni, en Jóhannes Guðmundsson hefur fullan rétt til að nota syðsta fjárhúsið og tilsvarandi hlöðurými svo lengi sem hann óskar.
6. Heimagirðing „út og niður“ fylgir Helguhvammi I með áðurnefndum undantekningum.
7. Beitiland Helguhvamms er óskipt til sameiginlegra afnota.
8. Eggert Jóhannesson fær eignarrétt á 1–2 ha. neðan „Strýtu“ norðan girðingar, þó aldrei stærra en afmarkast af skurðum til norðurs og vesturs og rétt til að reisa hús á þessu landi. Nýti Eggert sér ekki þessa heimild fellur eignarrétturinn niður og landið til Helguhvamms I.

Helguhvammi 9/10 1978.

Þorbjörg Baldvinsdóttir

Jóhannes Guðmundsson

Guðmundur Jóhannesson

Valdimar Jóhannesson

Vottar:

Gunnar V. Sigurðsson

Eggert Ó Levý



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



750/79
Neðri Fitjar

Við undirritaðir, Garðar Halldórsson, Sólvallagötu 18, Reykjavík, Jón Halldórsson, Hagamel 15, Reykjavík og Ástún s.f., Reykjavík, selja hér með og afsala Þorgeiri Jóhannessyni, Efri-Fitjum, Þorkelshólshreppi, Vestur-Húnavatnssýslu, jörðina Neðri-Fitja, Þorkelshólshreppi, Vestur-Húnavatnssýslu, með öllum mannvirkjum, sem á jörðinni eru, veiðihlunnindum, girðingum, og öðrum gögnum og gæðum, sem jörðinni fylgja að undanskildum 80 hekturum jarðarinnar, sem áfram verða í eigu seljenda. Landamerki þessa landsskika, sem áfram verður í eigu seljenda, eru sem hér segir: Frá Steinboga við Fitjaá liggja mörk beint til austurs, þar til sú stefna sker norður-suður línu milli Hádegissteins og Fálkavörðu. Á skurðpunkti þessum skal hlaðin merkjavarða og telst hún vera í um 500 m. fjarlægð frá Fitjaá. Frá þessum skurðpunkti liggja mörk til norðurs í Fálkavörðu. Úr Fálkavörðu liggja mörkin til norðvesturs í Nippu fyrir neðan Kýrhólinn. Er sú Nippa í línu milli Kýrhóls og Dagmálasteins, um 350 metrum vestan Kýrhóls. Frá þeirri Nippu eru mörkin síðan í sjónhendingu til Dagmálasteins og telst sú fjarlægð um 520 metrar. Frá Dagmálasteini liggja mörkin í Fitjaá og með henni til suðurs að Steinboga, sbr. mörk milli Neðri-Fitja og Fremri-Fitja. Land þetta telst vera um 80 hektarar og er merkt í tvíriti inn á loftmynd af svæðinu, sem undirskrifuð hafa verið bæði af seljendum og kaupanda. Að öðru leyti eru landamerki jarðarinnar ákveðin í landamerkjabréfi. Kvöð er um fullan umferðarrétt um land Efri- og Neðri-Fitja að landspildunni.

Ef seljendur eða kaupandi óska eftir, að girt verði af landspilda sú, sem seljendur halda eftir, þá er um það samkomulag, að seljendur leggi allt girðingarefni til, en kaupandi leggi til alla vinnu við þá girðingarframkvæmd.

Er kaupandi hér með lýstur réttur og löglegur eigandi hinnar seldu eignar með þeim réttindum og skyldum, sem honum fylgir og fylgja ber.

Kaupverðið er þegar greitt.

Stimpil-, þinglýsingar- og lóðarskráningargjöld af afsali þessu greiða kaupendur.

Til staðfestu undirrita seljendur og kaupandi afsal þetta í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Reykjavík 3. sept. 1979.

Seljendur:

Garðar Halldórsson

Jón Halldórsson

J. Ingvarsson Ástún s.f.

Kaupandi:

Þorgeir Jóhannesson

Vottar:

Birna Geirsdóttir

Sigríður Geirsdóttir



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



1046/80

Svínavatn í Svínavatnshreppi.

Milli Svínavatns og Sólheima eru merkin þessi: Gaddavírsgirðing, sem nær frá Svínavatninu upp á milli Garðshólanna (sunnan við norðasta hólinn) að Svínvetningabraut. Þaðan áframhaldandi bein lína upp á „háls“ í „Bræður“ (klofastein, sem stendur á holti norðaustan við Lönguflá).

Milli Svínavatns og Kárastaða eru merkin, sem hér segir: Línu frá Bræðrum, sem kemur í vörðu sem er rétt norðvestan við Blátind og áfram niður í vörðu, sem er á Brekkubrúnunum við efri enda Illagils. Þaðan bein lína í vörðu, sem er efst við Merkigil.

Milli Svínavatns og Tunguness eru merkin: Frá efri enda Merkigils ræður bein stefna upp í vörðu syðst á Stóratagli. Þaðan bein stefna í vörðu á Ásbrúninni austan Dagmáladrags. Frá þessari hornvörðu bein lína í Sjónarhól. Frá Sjónarhól bein lína í vörðu á miðjum Múlaendanum, þar sem mætast lönd Svínavatns, Tunguness og Ytri Löngumýrar.

Milli Svínavatns og Ytri Löngumýrar eru þessi merki: Frá vörðu á miðjum Múlaenda í uppsett merki á Múlabrún, þaðan bein lína um Skollhól í Múlatjörn.

Milli Svínavatns og Stóradals eru merkin sem hér segir: Skurður, er liggur úr Múlatjörn í vegarskurð meðfram Svínvetningabraut, þaðan eru merkin Svínvetningabraut að næsta ræsi niður með veginum, fylgir þaðan skurðinum niður frá ræsinu niður í skurð sem liggur norðvestur lágflóann í Svínavatnið og þeim skurði að Samkomuhúsvegi (Svínvetningabraut).

Merkin milli Svínavatns og Stekkjardals er síðast nefndur skurður frá Samkomuhúsvegi að Svínavatninu. Að suðvestan eru merkin í mitt Svínavatn.

Svínavatni í maí 1980.

Steingrímur Jóhannesson

Guðmundur Jóhannesson

Jóhanna Jóhannesdóttir

Elín Jóhannesdóttir

Eigendur og ábúendur Svínavatns.

Ofanskráðum landamerkjum erum við, sem lönd eigum að Svínavatni, samþykkt.

Ingvar Þorleifsson vegna Sólheima

Björn Pálsson Löngumýri

Kristján Jónsson vegna Stóradals

Sigurgeir Hannesson Stekkjardal

Stefán Þór Theodórsson frá Tungunesi

Sigurjón E. Björnsson vegna Kárastaða



171/81.

Bálkastaðir I og II.

Ræktun og ræktunarland:

Bálkastaðir I hafa tún sunnan bæjarlækjar allt suður að Býskálará að undanskyldu meginhluta neðsta stykkis. Bálkastaðir I hafa þó syðsta hluta þess og yrði það afmarkað með girðingu.

Ennfremur öll tún framan Býskálarár allt að landamerkjum við Foss að undanskildu stykkjum sunnan Býskálarár ofan Fossvegar.

Að sunnan afmarkast þau af skurði sem liggur frá Fossvegi upp sunnan við Einbúa. Að ofan afmarkast þau af skurðum neðan holta norður að Býskálará.

Bálkastaðir I hefur ennfremur melatún neðan þjóðvegur norðan við Dalinn og að landamerkjum móti Stað. Að neðan afmarkast þau af melbrún.

Bálkastaðir II hefur Dalinn og melinn sunnan við hann og út neðan melbrúnar að merkjum Staðar og að Síká suður að vegi við Síkárbrú.

Tún norðan bæjarlækjar ofan þjóðvegur norður að Arndísarholti og að ofan afmarkast þau af hagagirðingu. Þaðan suður með girðingu með Bæjarholti í Bæjarhól og þaðan niður miðja vegu milli íbúðarhúsa í heimreið, sem er sameiginleg og suður neðan húsvegur að bæjarlæk. Stykki sunnan Býskálarár ofan Fossvegar sem að sunnan afmarkast af skurði sem liggur frá Fossvegi upp sunnan við Einbúa. Að ofan afmarkast þau af skurði neðan holta norður að Býskálará. Ennfremur neðsta stykki næst þjóðvegi sunnan heimreiðar allt suður að girðingu sunnarlega á því.

Hlunnindi:

Hlunnindi skiptast að jöfnu. Þ.e. veiðiréttur, malarnáma og önnur hlunnindi er upp kunna að koma.

Beitiland:

Bálkastaðir I hefur syðri girðingu eins og hún er að undanskildu ræktunarstykki sunnan Býskálarár, ennfremur meðfram Síká að Síkárbrú. Bálkastaðir II hefur ytri girðingu sem verður stækkuð um 29 ha. til austurs og meðfram Síká frá Síkárbrú að landamerkjum Staðar. Annað beitiland skiftist að jöfnu.

Bálkastöðum 28/1 1981.

Eiríkur Jónsson 1870-2509

Jóhanna S. Jónsdóttir 5034-3618

Gunnar Haraldsson 3359-5298

Sigríður Magnúsdóttir 7645-9584

Vottar:

Þórarinn Þorvaldsson

Eiríkur Gíslason



Gilá í Áshreppi.

Undanskildar eru við sölu jarðarinnar tvær landspildur sitt hvoru megin þjóðveggar, sem liggur um land jarðarinnar. Ofan þjóðveggar er landspildan girt, en neðan þjóðveggar nær landspildan frá landamerkjum að utan (móti Hofi) og að núverandi túni. Merki hinna undanskildu landspildna eru teiknuð inn á meðfylgjandi afstöðumynd, sem seljandi og kaupandi hafa í dag undirritað og skal afstöðumynd teljast hluti af afsali þessu.

Námuréttindi og réttur til efnistöku, t.d. malarnám og vatns- og jarðhitaréttindi í landi jarðarinnar ásamt nauðsynlegri aðstöðu til að hagnýta þau réttindi umfram heimilis- og búsparfir jarðarinnar, eru undanskilin í sölu þessari. Að öðru leyti er jörðinni og því sem henni fylgir, afsalað í núverandi ástandi, sem kaupandi hefur kynnt sér og sættir sig við í alla staði.

Landamerki jarðarinnar eru ágreiningslaus, þinglesin á manntalsþingi 1891. Rísi ágreiningur um landamerki, undanskilur seljandi sig allri ábyrgð.

Reykjavík, 15. febrúar 1983,
Marteinn Ág. Sigurðsson
kaupandi

Sigurður Blöndal
f.h. Skógræktar ríkisins
sem seljandi.

Vitundarvottar að réttri dagsetningu,
undirskrift og fjárræði
Kristín Gestsdóttir 5741-3338
Snorri Sigurðsson 8217-6993

Framangreint afsal vegna sölu á jörðinni Gilá, Áshreppi, Austur-Húnavatnssýslu staðfest í
Landbúnaðarráðuneytinu
Landbúnaðarráðuneytið 22. febrúar 1983
Pálmi Jónsson



365/83

Mánavík í Skagahreppi.

Landamerkin hefjast úr sjó úr Merkjaflögu, þaðan í vörðu skammt austan Skjónulautar í Skollhömrum, þaðan bein sjónhending í stein á Hæðatagli skammt vestur af Miðmundaklettum. Þá er bein lína í stóra grasþúfu á Mjóengisbreið síðan í fuglaþúfu í Jöðrum, síðan í troðninga við Engjalæk.

Þá ræður Engjalækur merkjum til vörðu skammt vestan Þröskulds neðst í Mánavíkurflóa, en þaðan eru merkin í stóran stein á hæðunum austan Kjörvalshaugs, þá í stóran með þúfu uppá framan Mánavíkurflóa og þaðan bein lína í Stuttalæk milli Ölfusvatns og Gegnisvatns, þaðan í hásuður meðfram Hraunslandi þar til kemur að almenningi. (En mörk hans eru bein lína úr Holdjúpshól í hól norðanvert á Svínafelli þar sem koma saman Tjarnar, Kaldrana og Víknaland.) Og er þetta horn merki milli Hrauns og Mánavíkur. Síðan meðfram almenningi þar til Grettistak ber í Þorgilslækjarós og þaðan meðfram Víknalandi um Grettistak í fyrrnefndan Þorgilslækjarós. Þaðan í vörðu á norðausturbrún Selhæða, þá í vörðu á Ennabrún, þaðan í þúfu austan við Bæjarfossa þá í Gilþúfu á norðurbarmi gilsins fyrir ofan bæinn í Víkum þaðan í Krosstanga sem einnig er rekamerki milli Víkna og Mánavíkur.

Samþykkur sem eigandi Mánavíkur

Lárus Árnason

Samþ. sem eigandi Hrauns

Rögnvaldur Steinsson

Samþ. eigandi Víkna

Karl Árnason

Samþ. sem eigandi Ásbúðna

Pálína Ásmundsdóttir

Sigríður Magnúsdóttir

Gunnar Grettisson

Ásbjörn Sveinsson

f.h. Steinunnar Sveinsd. Ásbjörn Sveinsson

Snæbjörn Sveinsson



186/86

Biskupstungnafréttur, Auðkúluheiði.

Sátt.

Afréttarmörk á Kili milli Auðkúluheiðar í Austur Húnavatnssýslu og Biskupstungnafréttar í Árnessýslu liggja í grundvallaratriðum um vatnaskil, og eru sem hér segir:

Frá Strýtum (Hnit: X 488653.9, Y-560060.2 hæð 834 m.) eru merkin bein lína til austurs að Grettishelli (Hnit: X 485389.0, Y-562037.4 hæð 670 m). Þaðan bein lína að Hringsjá á Fjórðungsöldu (Hnit: X-478609.0, Y-562901.6 hæð 681 m). Frá hringsjá eru merkin bein lína til austurs í Hofsjökul, sem er framhald hugsaðrar línu frá Strýtum um hringsjána. Til vesturs frá Strýtum eru merkin bein lína í grjóthól á fjallseggjum, ofan við vatnaskil í Sóleyjardal (Hnit: X-495204.1, Y-559390.7 hæð 946 m). Þaðan eru merkin bein lína í Oddnýjarhnjúk (Hnit: X-497136.1, Y-561183.4 hæð 1.057 m), og áfram í sömu stefnu í jökulruðning (mórena) og síðan eftir jökulruðningnum í Langjökul.

Upplesið, staðfest rétt bókað.

f.h. Biskupstungnahrepps:

Gísli Einarsson (sign)

Sigurður Þorsteinsson (sign)

Sigurður Erlendsson (sign)

Arnór Karlsson (sign)

Róbert Róbertsson (sign)

Sveinn Skúlason (sign)

f.h. Svínavatnshrepps:

Sigurjón Lárusson (sign)

f.h. Torfarlækjarhrepps og Blönduóshrepps:

Torfi Jónsson (sign)

Vottar:

Páll Magnússon (sign)

Allan V. Magnússon (sign)

Aukadómpingi slitið.

Þorleifur Pálsson (sign)



964/88
Bjargshóll

Ég undirritaður, Jónatan Daníelsson, Hátúni 10A, Reykjavík, gef hér með og afsala Minningarsjóði hjónanna Ágústu Jónatansdóttur og Daníels Jónatanssonar, Bjargshóli, Fremri Torfustaðahreppi, V-Hún., þeim hluta af eignarjörð minni, Bjargshóli í Fremri Torfustaðahreppi í V-Hún., sem undan var skilinn í afsali mínu dags. 1.10.1974. til Jarðasjóðs Vestur-Húnavatnssýslu, fyrir meginhluta jarðarinnar. Jarðarhlutanum, sem undanskilinn var og er hér afsalað er þannig lýst í ofangreindu afsali 1.10.74: „Landsvæði, sem takmarkast að austan af Þjóðveginum, að norðan af Landamerkjælæk, að sunnan af Sláttulág og að vestan af landamerkjum Bjargshóls og Brekkulækjar“. Einn þriðji hluti veiðihlunninda Bjargshóls alls fylgir þessum hér afsalaða jarðarhluta.

Engar kvaðir né veðskuldir hvíla á hinum afsalaða jarðarhluta.

Til staðfestu undirrita ég afsal þetta í votta viðurvist, er staðfesta undirskrift mína og fjárræði.

Reykjavík 21. desember 1988
Jónatan Daníelsson

Vottur:
Einar Sigurðsson hrl.



295/1988.
Efri-Núpur og Þverá

1. gr. Seljandi selur kaupendum allt land jarðanna Þverár og Efra-Núps, sunnan núverandi afréttargirðingar, sem verður landamerki, nánar tiltekið bein lína milli Fremri-Tosskotsfoss og foss í Þorvaldsá.
2. gr. Undanskilinn sölu landsins er sá réttur sem nú fylgir þessum jörðum um veiði í Kvíslavötnunum en kaupendur áskilja sér rétt til að athuga og fá úr því skorið hvaða veiðirétt þeir eiga í áðurnefndum vötnum.
3. gr. Eigandi Efra-Núps hefur rétt til að girða allt að ½ ha. lands við vötnin og nýta það land án endurgjalds fyrir sumarbústað og bátaskýli. Girðing í kringum land þetta skal þannig upp sett að hún hindri ekki umferð búpenings eða annarra. Girðingu þessari skal eigandi Efra-Núps sjá um að halda vel við.

Laugarbakka 20. júní 1985.
Ketilríður Benediktsdóttir
seljandi

Eggert Pálsson
kaupandi f.h. Fr. Torfustaðahr.
Böðvar Sigvaldason
kaupandi f.h. Y-Torfustaðahr.

Vitundarvottar
Jóh. Björnsson
Einar Magni Sigmundsson



464/89.
Geitaskarð

Lands- og eignaskiptasamning

Skipting heimalands að ¼ hlut framkvæmist þannig að það sé í norðurhluta hins skipta svæðis og takmarkist við eftirfarandi kennimörk:

Að norðan við núverandi landamerki Geitaskarðs og Fremstagils og áður hafa verið staðfest af löglegum aðilum, en þau markast við fjallsbrún eins og vötn draga og að vestan Blöndu. Verða þau kennimörk látin ráða til nefndra átta.

Að sunnan takmarkast umrætt landsvæði við eftirgreind kennimörk:

Við leifar af túngarði þeim, er liggur við sunnanvert Þorbrandsstaðatún með staðsettum punkti, sem liggur í syðsta jaðri hans eða brún og hins vegar punkti staðsettum í miðju mynni hinu neðra í Húsadal. Um nefnda punkta dragist bein lína, sem nær austur til fjallsbrúnar eins og vötn draga og til vesturs að Blöndu

Hafnarfirði 18/12 1982
Brynjólfur Þorbjarnarson

Geitaskarði 18/12 1982
Ágúst Sigurðsson
Samþ. maka
Sigríður Sigurðardóttir
Ásgerður Pálsdóttir

Vitundarvottar:
Sigrún Karlsdóttir 7715-4728
Magnús Brynjólfsson 6250-2037
Sig. Þorbjarnar
Valg. Ágústsd.



164/91.

Neðra-Vatnshorn í Kirkjuhvammshreppi

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Neðra-Vatnshorn í Kirkjuhvammshreppi.

Vitnað er í Landamerkjaskrá fyrir jörðina Vatnshorn, frá árinu 1891 no. 270.

Að austan ræður sjónhending úr Ysta Klakk (sunnanverðu í Fellsendanum), Strýtuhól með kletti, á bæjarbrúninni. Þaðan ræður að austan sjónhending úr Fellsendanum í áður nefndan Strýtuhól og suður í Fjárklett. Þaðan sunnanvert á Nónhól. Úr Nónhól sjónhending í stóran stein á lækjarbakkanum, sunnan undir Háubrekkuholti og að sunnan ræður Reiðarlækur alla leið fram í Miðfjarðarvatn. Úr því ræður vatnið í girðingu sem skilur á milli jarðanna Neðra-Vatnshorns og Efra-Vatnshorns. Og þaðan ræður sjónhending í ákveðinn fastann punkt tuttugu metra vestan við Ystaklaksbrún. Þaðan sjónhending í Ystaklakk.

Dagsetning 11.03. 1991 Vatnshorn V-Hún.

Eigandi Neðra-Vatnshorni

Einar R. Bragason 230957-5099

Eigandi Efra-Vatnshorni

Jón Grétarsson 190359-5309

Vottar:

Tryggvi Eggertsson 031237-3279

Jósafat Jósafatsson 281130-4399



74/1992

Austurhlíð – Eyvindarstaðir

Landamerkjabréf fyrir landamerkjum milli jarðanna Austurhlíðar og Eyvindarstaða í Bólstaðarhlíðarhreppi A-Húnavatnssýslu.

Landamerkin, sem gerð voru milli jarðanna og lýst er í landamerkjabréfi dagsettu 6. júní 1921 og þinglesin að Bólstaðarhlíð þ. 7. júní 1921, eru notuð sem kennileiti í þessum samningi, gerðum 4. sept. 1972. Mældir voru 810 m. átta hundruð og tíu metrar, til suðurs frá áður nefndum landamerkjum, og sett upp girðing samhliða þeim, frá landamerkjum milli Barkarstaða og Eyvindarstaða að austan, niður að túni á Eyvindarstöðum, en þaðan mælt 227 metrar norður með skurði ofan túns, og þaðan bein lína samhliða eldri merkjum niður í Blöndu, samanber það sem að framan er sagt. Eldri landamerki féllu úr gildi og þessi nýju tóku gildi við undirritun samnings þar um, 4. september 1972, er þinglesin var í Húnaveri þann 31. ágúst 1973.

Austurhlíð 5. febrúar 1992

Friðrik Brynjólfsson 241223-4429 (eigandi Austurhlíðar) (sign)

Bjarni Sigurðsson 020637-3079 Eyvindarstöðum (sign)



Nr. 4661

Valdarás – Kambhóll.

Axel Guðmundsson og Daníel Daníelsson báðir til heimilis í Valdarási og Benedikt Benónýsson Kambhól gjöra með sjer svofelldan

Kaupsamning.

1. Axel Guðmundsson og Daníel Daníelsson telja Benedikt Benónýssyni af Valdaráslandi stykki, sem ummarkast að framan úr Fálkanibbu við Kambá beina línu í Hávörðu þaðan í Hávörðulækjarós, þá ræður lækurinn upp í Krók sunnan við Sjónarhól, þaðan beina sjónhending í austur í merkjalínu milli Valdaráss og Víðidalstungu. Að vestan ræður Kambáin. Að norðan úr Hásteini við Kambá beina línu í Hásteinahól, þaðan beina línu í Rústarlækjarós, þá ræður Rústarlækur austur í merkjalínu milli Valdaráss og Víðidalstungu.
- 2.

Til staðfestu undirrita aðilar nöfn sín í viðurvist tveggja votta.

Valdarási 3. júní 1922.

Axel Guðmundsson

Daníel Daníelsson

Benedikt Benónýsson

Vitundarvottar:

Eysteinn Jóhannesson

Guðm. Jóhannesson

Samþykkir því sem um ræðir í 5. gr. samnings þeirra.

G. Kristófersson

Lesið fyrir manntalsþingsrjétti Húnavatnssýslu að Þorkelshóli þ. 25. júní 1924, og innfært í afsals- og veðmála



Landamerki fyrir Hróarsstaði í Skagahreppi.

Milli Kurfs og Hróarsstaða frá sjó ráði merkjum skurður milli jarðanna en þegar fjær dregur frá sjó túngarður milli áður nefndra jarða upp að Brekku og áfram eins og merkjagirðing liggur upp að þjóðvegi. Þaðan bein lína í norðurenda Hábruna. Þaðan bein lína í syðri enda Kurfshóls og áfram sömu stefnu að Fossá.

Milli Hólma og Hróarsstaða ráði Fossá merkjum.

Milli Króksels og Hróarsstaða eru merki frá Fossá, beint á móti Þverlækjarósi, bein lína í mitt Hellisgil. Þaðan bein lína að Heylæk, í stefnu á syðri vörðu á Bruna.

Milli Króks og Hróarsstaða eru merki eftir áður nefndri línu ur Hellisgili í syðri vörðu á Bruna, frá Heylæk um Hrísholt, Seldalsholt og efri tjörn í Seldal. Frá syðri vörðu á Bruna bein lína í stein á norðanverðum Skollhamri. Þaðan bein lína til sjávar í merkjastaur á bakkabrún rétt norðan við keldudrag í bakkanum.

Hróarsstöðum 9/7 1992

Eigendur Hróarsstaða:

Sigurður Ingimarsson

Sigvaldi Ingimarsson

Eigandi Kurfs:

Björn Sigurbjörnsson

Eigandi Króksels

Árni Sigurbjörnsson

Eigandi Hólma

Hlíf Sveinbjörnsdóttir eig. að ¼

Árni Sveinbjörnsson

Eigandi Króks

Auður Sigurðardóttir

Vottar:

Rafn Sigurbjörnsson

Svein Sveinsson



JARÐASKIPTASAMNINGUR

fyrir jörðina Snæringstaði í Vatnsdal, Austur-Húnavatnssýslu.

Eigendur Snæringstaða sem eru Áshreppur kt. 430169-2899 og Lárus Konráðsson kt. 011128-2249 gera með sér eftirfarandi jarðaskiptasamning: Allt land ofan þjóðveggar svo og íbúðarhús kemur í hlut Áshrepps ásamt engjum sem afmarkast þannig: Að vestan núverandi engjagirðing, að norðan réttarvegur, að austan síkiskvísl, að sunnan landamerkjagirðing Brúsastaða og Snæringstaða (sjá meðfgj. teikn.) Kríuhólmi austan engjagirðingar, verður sameign.

Öll tún og land neðan þjóðveggar að engjagirðingu, ásamt tveimur útihúsum, kemur í hlut Lárusar. Veiðitekjur skiptast til helminga eins og lög gera ráð fyrir, en Lárus fær þær óskiptar næstu 10 ár eða til og með árinu 2001. Öll áhvílandi lán á jörðinni hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins, greiddast til helminga af eigendum eins og verið hefur, þar til þau eru uppgreidd.

Með þessum samningi fellur úr gildi samningur um afnot og nýtingu jarðarinnar sem gerður var 20. maí 1990.

Samningur þessi er gerður með vitund og samhljóða samþykki fullskipaðrar hreppsnefndar Áshrepps, og fyrirvara um samþykki Jarðanefndar A-Hún. Samningurinn er gerður í þremur samhljóða eintökum, og heldur hvor aðili sínu eintaki, og eitt fer til þinglýsingar.

Til staðfestu er samningur þessi undirritaður í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Ási í Vatnsdal 1/7 1992.

Lárus Konráðsson (sign)
Jón B. Bjarnason (sign)
F.h. hreppsnefndar Áshrepps.

Vitundarvottar:
Ragnheiður Blöndal
Gróa Lárusdóttir



34/1993

Landamerki jarðanna Grundar og Syðri Grundar í Svínavatnshreppi.

Á fjallinu ræður merkjum bein lína frá fjallsbrún niður um syðra Svarthamraskarð í hól þann eða hraundrang sem hæst ber austan við lækinn milli Grundartjarnanna, þaðan til norðausturs í syðri Grundarlækinn þar sem gilið er mest og nær lengst til suðurs í há Skálabrún, síðan ræður sami lækur niður að skurðenda 40 m. neðan við rafstöðvarhús. Þaðan liggja merki í skurði 45 m. í NNV, síðan til austurs norðan við endann á Þvotthól og þaðan í Svínadalsveg sunnan við heimreiðina að Grund.

Frá Svínadalsvegi ræður Auðkúluvegur merkjum austur að Brúarvöllum.

Vatnsréttindi skiptast að jöfnu milli jarðanna sem og veiðiréttindi í Svínavatni.

Grund, 30/12 1992.

Þórður Þorsteinsson (sign)

Þorsteinn Traustu Þórðarson (sign)

Guðmundur Þorsteinsson (sign)

Vottar:

Guðrún Jakobsdóttir

Guðrún Sigurjónsdóttir



Landamerki Syðri Grundar, Grundar, Brúarvalla, Holts, Snæringsstaða, og Sauðadals.

- a) Milli Syðri-Grundar og Grundar: Í fjallinu ræður merkjum --- --- austur að Brúarvöllum (eins og í landamerkjum nr, 34/93. bls. 190.)
- b) Milli Syðri- Grundar og Brúarvalla:
Úr punkti á Auðkúluvegi 500 m. vestan við brú á Svínadalsá eftir skurði 510 m. í SSA og þaðan eftir skurði 380 m. í Svínadalsá samsíða Auðkúluvegi við Brúarhlíð.
- c) Milli Syðri-Grundar og Holts ræður Svínadalsá merkjum.
- d) Milli Syðri-Grundar og Snæringsstaða:
Úr Stóra-Fornmannshól er stendur vestanvið Svínadalsá bein stefna í norðasta klettinn í Setaklettaendum og áfram í sömu stefnu upp á há fjallsbrún.
- e) Milli Syðri-Grundar og Sauðadals ræður fjallsbrún merkjum.

Syðri-Grund, 31/12 1992.

Guðmundur Þorsteinsson kt. 111010-3319 (sign)

Þorsteinn Guðmundsson kt. 271152-5669 (sign)

Vitundarvottar:

Guðrún Sigurjónsd.

Valgerður Guðmundsd.



465/1993.
LANDAMERKJABRÉF

Við undirrituð gerum eftirfarandi samkomulag um landamerki Austurhlíðar II úr landi Austurhlíðar, Bólstaðarhlíðarhreppi A-Hún. Sjá meðfylgjandi uppdrátt er afmarkar land Austurhlíðar II.

Landamerki:

Punktur A við veg, þaðan lína austan vegslóðar í punkt B, 91 m. Þaðan lína til austurs 135 m. í punkt C. Þaðan bein lína til norðurs í punkt D, 540 m. Úr punkti D til vesturs 140 m. í punkt E, 64 m. frá vegi. Lína þaðan til suðurs í átt að íbúðarhúsi 314 m. í punkt F. Þaðan lína 20 m. frá íbúðarhúsi til vesturs, 52 m. að vegi, punkt G. Lína þaðan meðfram vegi í punkt A.
Austurhlíð 1993.

Friðrik Brynjólfsson 241223-4429
Guðríður B. Helgadóttir 160321-3509
Brynjólfur Friðriksson 071160-2709
Jóhanna Halldórsdóttir 240667-5929

Vottar:

Erla Evensen 160852-3139
Magnús G. 060971-3319



Landamerkjaskrá fyrir jarðirnar Ártún og Finnstungu í Bólstaðarhlíðarhreppi, A-Hún.

Að austan ræður merkjum milli Ártúna og Skeggstaða klettagil frá Svartá og upp að fjallsbrún (Svartagil) þaðan bein lína suður Austurfjallið fyrir austan Grenlágur á móts við Þröskuld fremst á Finnadal, merki Ártúna og Skeggsstaða. Þröskuldur ræður svo merkjum Finnstungu og Skeggsstaða að stóru Grenborg sunnarlega (stór steinn). Þaðan bein lína um grjótvörðu syðst á Grenborg í aðra vörðu á Skarðshlíðarbrún beint norður af Þröskuldi á Skeggstaðaskarði merki Finnstungu annarsv. og Skeggstaða og Blöndudalsh. hins vegar. Milli Finnstungu og Brúarhlíðar eru merki frá síðarnefndri vörðu, bein lína í Hnakk, sem er klettur á brún Tunguhnjúks og áfram þaðan bein lína vestur til Blöndu á Gildrumel. Girðing er á merkjum frá Svartá og að Blöndu. Blanda ræður svo merkjum Ytri Löngumýrar og Tunguness annars vegar og Finnstungu og Ártúna hins vegar. Svartá ræður síðan merkjum Ártúna og Bólstaðarhlíðar að Svartagili. Milli Finnstungu og Ártúna eru merki bein lína úr Blöndu um Bakkadrag í grjótvörðu vestan við Gamlakot. Þaðan bein lína í Skeggstaðamerki um stein, sem ber við loft vestast á Austurfjalli (L.M.) Sunnan þessarar línu á Finnstunga allt land, en Ártún á allt norðan við. Veiðiréttur í Blöndu og Svartá skal tilheyra báðum jörðunum Ártúnum og Finnstungu að jöfnu.

Gjört í júní 1983.

Áslaug F. Guðmundsd. (eigandi Finnstungu)

Jón Tryggvason (eigandi Ártúna)

Hrafn Þórisson (eigandi Skeggstaða)

Erla Hafsteinsdóttir (umráðam. Brúarhlíðar)



756/94

Hreppamörk milli Svínavatns- og Bólstaðarhlíðarhreppa

Úrdráttur úr gjörðabók hreppsnefndar Svínavatnshrepps:

„Hreppsnefnd Svínavatnshrepps samþykkir á fundi 24. ágúst 1994 að hreppamörk milli Svínavatns- og Bólstaðarhlíðarhreppa, í Blöndulóni, verði, þau sem gerð er tillaga um á mynd frá Landmælingum Íslands eftir loftmyndum frá 7. ágúst 1985. Mælikvarði 1:20.000.

Nefndin óskar eftir því við sýslumanninn á Blönduósi að umræddri tillögu verði þinglýst sem löglegum hreppamörkum Svínavatns- og Bólstaðarhlíðarhrepps.“

Réttur úrdráttur staðfestir
Jóhann Guðmundsson (sign)

755/94.

Úrdráttur úr fundargerð hreppsnefndar Bólstaðarhlíðarhrepps:

„Hreppsnefnd Bólstaðarhlíðarhrepps samþykkir á fundi í Húnaveri þann 27.10 1994 að hreppamörk milli Bólstaðarhlíðarhrepps og Svínavatnshrepps í Blöndulóni verði samkvæmt tillögu á mynd frá Landmælingum Íslands eftir loftmynd frá 07.08. 1985, mælikvarði 1:20.000.

Jafnframt samþykkir nefndin að umræddum merkjum verði þinglýst.“

Réttur úrdráttur staðfestir
Erla Hafsteinsdóttir (sign)



912/95

LANDAMERKI MILLI BREIÐABÓLSTAÐAR I OG BREIÐABÓLSTAÐAR II Í SVEINASSTAÐAHREPPI

Landamerki milli jarðanna er girðing úr merkjastein í suðausturhorni á Uppsalagirðingu í Bolaklett.

Breiðabólstaður I á norðan þessarar girðingar en Breiðabólstaður II sunnan hennar. Austan þjóðvegur eru landamerki, girðing sem er skammt norðan Bolakletts og þaðan í Vatnsdalsá (Breiðabólstaðakvísl). Breiðabólstaður I á norðan þessarar girðingar, en Breiðabólstaður II sunnan hennar.

Austan Breiðabólstaðarkvíslar eru landamerki sjónhending úr Breiðabólstaðarhólmatá í Tíðaskarð. Breiðabólstaður II á austan þessarar línu en Breiðabólstaður I vestan hennar.

Norðari hluti túns vestan þjóðvegur, rúmir 5 ha. er afgirtur og eign Breiðabólstaðar II. Breiðabólstaður I á öll tún sunnan þessarar girðingar, svo og tún austan þjóðvegur.

Veiðiarður í Vatnsdalsá og Gljúfurá skiptist til helminga milli jarðanna.

Breiðabólstaður I á rétt á upprekstrarleið úr hliði austan Uppsalagirðingar til afréttar í Víðidalsfjalli.

Reykjavík í maí 1995

Jónas Steinþórsson
Jóhanna Steinþórsdóttir
Sigurlaug Steinþórsdóttir
Guðrún Jónsdóttir

Vottar:
Magnús Ólafsson kt. 090246-2679
Björg Þorgilsdóttir kt. 140453-2509



23/96
Fjósar

Landamerkjalysing

Viðauki við landamerkjaskrá fyrir jörðina Fjósa í Bólstaðarhlíðarhreppi dagsett 22. febrúar 1890 og breytingu á landamerkjum Fjósa og Brattahlíðar dagsett 27. október 1913.

Vegna sölu á beitolandi jarðarinnar Fjósa í Svartárdal gildir áður nefnd landamerkjaskrá að öðru leyti en því að vesturmörk beitolands og austurmörk Fjóslands eru frá samkomu þeirra lækja sem mynda Gilslæk, eins og segir í landamerkjabréfi, þaðan í stefnu til suðurs eins og meginstefna Svartár er fyrir landi Fjósa.

Hvammstanga 22. nóvember 1994

Fyrir hönd framkvæmdastjórnar Skógræktarsjóðs Húnavatnssýslu
Þorvaldur Böðvarsson



Hof – Snæringsstaðir

Endurrit úr landamerkja- og fasteignamálabók Húnavatnssýslu.

Ár 1968, þriðjudaginn 3. sept. kl. 14:45 var landamerkjadómur Húnavatnssýslu settur í skrifstofu sýslunnar á Blönduosi og haldinn af formanni domsins, Joni Ísberg sýslumanni.

Fyrir var tekið landamerkjamálið 1/1967
Eigandi Hof, Gísli Pálsson
gegn
Eiganda Snæringsstaða, Jón Þorbjörnsson.

Mættir eru lögmenn aðiljanna, f.h. stefnanda Páll S. Pálsson hrl. og f.h. stefnda Sigurður Ólafsson hrl.

Umboðsmaður stefnda leggur fram, ljósrit úr Fornbréfasafninu þingmerkt nr. 38, og aðstöðuriss á ljósriti með áritaðri sátt þingmerkt nr. 39. Sáttin er svohljóðandi: „Merkjalínan verði C-D til F sker merkjalínu Snæringsstaða og Undirfells. Punktarnir verði fundnir með mælingu á vettvangi, D verði á miðri framlengingarlínu B-C að Undirfellsmerkjum. F verði í miðjum núverandi farvegi Vatnsdalsár, neðan við neðsta odda Kríuhólma.“

Framangreindir punktar verði settir af mælingamanni sem aðiljar verði sammála um.

Samkomulag er um að málskostnaður falli niður, en aðiljar leggja talsmannsreikning umboðsmanns stefnda undir úrskurð formanns dómsins. Reikningurinn lagður fram, þingmerktur nr. 40 að upphæð kr. 34.750,00, ferðalög og dagpeningar kr. 24.750,00 og þóknun fyrir málatilbúnað kr. 10.000,00.

Samkvæmt framanrituðu tók dómurinn reikninginn til úrskurðar og eftir atvikum samþykkti hann.

ÁLYKTUNARORÐ:

Málsvarnarlaun verjanda ákveðist kr. 34.750,00

Upplesið og samþykkt. Fleira ekki tekið fyrir.
Landamerkjadómnum slitið.

Jón Ísberg,
Páll S. Pálsson
Ólæsilegt nafn (Sigurður Ólafsson)

Vottar:
Gísli Jóhs. Grímsson
Ari Jónsson